

65. ÁRSPING HSÍ



þinggerð

65. ársþing HSI
Origo höllinni
Laugardaginn 30. apríl 2022

1. Þingsetning

Guðmundur B. Ólafsson, formaður HSÍ, setti ársþing HSÍ í Valsheimilinu á sextugasta og fimmta afmælisárinu, þann 30. apríl 2022.

2. Kosning þingforseta og varaþingforseta

Formaður HSÍ gerði það að tillögu sinni að Helga Þórðardóttir yrði kjörinn þingforseti. Engar aðrar tillögur bárust og samþykkti þingheimur tillöguna með lófataki. Guðmundur hafði orð á því að þetta væri í fyrsta sinn sem kona væri þingforseti HSÍ. Tók hún þegar til starfa.

Helga Þórðardóttir, þingforseti, steig í pontu og bauð þingfulltrúa velkomna á þingið. Hennar fyrsta verk var að tilnefna Guðmund B. Ólafsson sem varaþingforseta. Engin andmæli eða aðrar tillögur bárust og taldist hann því réttkjörinn.

3. Staðfesting lögmæti þingsins í samræmi við lög

Helga Þórðardóttir hafði kynnt sér lög sambandsins og boðun á þingið. Rafrænt boð var send aðildarfélagunum 16. mars sem er rúmlega mánuði fyrir ársþing. Þingforseti staðfesti því að boðun þingsins var í samræmi við lög sambandsins.

4. Kosning þingritara og varaþingritara

Þingforseti lagði til að Kolbrún Helga Hansen tæki að sér embætti þingritara og að Magnús Kári Jónsson yrði varaþingritari. Engar aðrar tillögur eða andmæli bárust og lýsti Helga þau réttkjörin. Tóku þau þegar til starfa.

5. Kosning þriggja manna í kjörbréfanefnd

Tilnefnd voru:

- Anna I. Jónsdóttir
- Gunnar Magnússon
- Kjartan Vído Ólafsson

Engin andmæli eða aðrar tillögur bárust og töldust þau því réttkjörin í kjörbréfanefnd.

6. Þinggerð síðasta árs lögð fram

Þinggerð síðasta árs lá fyrir á þinginu auk þess sem hún var send aðildarfélögunum í ágúst 2021 með tölvupósti. Þá hefur hún verið birt á heimasíðu HSÍ. Þingforseti staðfesti því að þinggerð síðasta árs hafi verið lögð fram með fullnægjandi hætti. Þingfulltrúar höfðu engar athugasemdir við þinggerðina eða hvernig hún var lögð fram.

Þingforseti notaði tækifærið til að minnast látinna félaga. Davíð B. Eggertsson, varaformaður sambandsins, lést fyrr á árinu. Þingfulltrúar og aðrir gestir risu úr sætum og höfðu stutta þögn.

Þingforseti þakkaði þingfulltrúum fyrir.

7. Ávörp gesta

Júlíus Hafstein, heiðursformaður HSÍ, fékk fyrstur orðið.

Júlíus ávarpaði þingforseta, stjórn HSÍ og þingfulltrúa og sagði að það væri alltaf jafnánægjulegt að koma á HSÍ þing. Á þeim 55 árum síðan hann mætti fyrst hafi mikið breyst og starfið væri margt. Þegar skýrsla stjórnar og reikningar væru skoðaðir kæmi í ljós gríðarlega mikið og öflugt starf hjá handknattleikssambandinu. Júlíus sagði frá því að hann kæmi oft í heimsókn á skrifstofu HSÍ. Þar sæi hann hvað þetta góða starf skili miklu og það væri margfalt meira að gera en í gamla daga þegar hann og eldri mennirnir störfuðu hjá HSÍ. Það sama væri í félögunum. Grunnurinn að því starfi sem væri hjá HSÍ kæmi frá félögunum og ef að starfið væri margt og gott hjá þeim þá fylgdi það eftir til sérsambandsins. Júlíus sagði það ánægjulegt og var glaður að vera á þinginu. Hann sagði jafnframt að sjaldan væri hann eins glaður og eftir að hann kæmi á HSÍ þing. Eitt hafi þó ekki breyst í þessi 55-60 ár og það væri staða handknattleiksins út á við, á alþjóðavettvangi. Ísland ætti í dag gríðarlega öflug landslið, bæði yngri landslið og eldri landslið. Þó að stelpunum okkar hefði ekki tekist að klára verkefnið sitt alveg var Júlíus viss um að innan 1-2 ára væri rosalega öflugt lið á leiðinni í kvennhandboltanum sem ætti eftir að ná langt. Öll þekktu strákana okkar sem væru meðal þeirra bestu í dag. Júlíus rifjaði upp söguna og minntist á landsliðið 1961 þegar þeir Gunnlaugur Hjálmarsson, Birgir heitinn Björnsson, Ragnar Jónsson og fleiri voru í oddinum og urðu í 6. sæti á HM. Það hafi verið mikill styrkur fyrir handboltann í landinu og ennþá væri Ísland á sömu slóðum. Júlíus velti því upp hversu stórkostlegt það væri fyrir litla þjóð sem er 350.000 manns. Hann hélt áfram að rifja upp söguna. Þremur árum seinna komu allar Norðurlandabjóðirnar saman í Laugardalnum og kepptu um Norðurlandameistaratilinn. Ísland vann og fyrirliði kvennlandsliðsins var kjörinn íþróttamaður ársins. Júlíus sagði að þessi styrkur væri ennþá til staðar og Íslendingar ættu að halda áfram, standa saman og vera áfram meðal sterkustu handboltabjóða í heimi. Að lokum óskaði Júlíus þingfulltrúum alls hins besta og óskaði þeim góðs gengis á þinginu. Þá þakkaði hann stjórninni fyrir frábær störf og ánægjulegt samstarf og endaði ávarp sitt á orðunum: „Það er engin íþrótt í landinu eins og handboltinn. Hann er lang, lang, lang bestur. Takk fyrir.“

Þingforseti þakkaði Júlíusi fyrir og bauð næstan í pontu Andra Stefánsson, framkvæmdastjóra ÍSÍ.

Andri byrjaði á að flytja þinginu kveðju frá forseta, stjórn og starfsfólki ÍSÍ. Hann sagði ÍSÍ hafa lagt það í sitt hlutverk að heimsækja þing sambandsaðila og reyna að vera sýnileg á vettvangi sérsambandanna. Fulltrúar ÍSÍ vildu heyra hvað væri í gangi hjá hverju sambandi fyrir sig og reyna að fá að fylgjast með umræðum þeim sem ættu sér stað. Aðilar ÍSÍ væru mjög margir og misjafnir. Sérsamböndin væru 34, íþróttahéruðin 25 dreifð yfir allt landið, íþróttagreinar um 50 og vel yfir 400 félög. Íþróttahreyfingin væri lang stærsta hreyfing landsins ef horft væri til þátttöku almennings. Þátttöku fjölskyldna og þátttöku krakka. Öll væru í íþróttum með einhverjum hætti. Andri sagði það skipta máli. Það skipti máli að íþróttahreyfingin stæði saman þegar áskoranir væru á þjóðfélaginu eins og heimsfaraldur sem nú standi yfir. Þegar samkomutakmarkanir gerðu það að verkum að félagsmenn gætu ekki stundað sínar greinar þá vantaði eitthvað stórt í starfið hjá öllum. Þannig hafi áskoranirnar verið undanfarin 2 ár og þá hafi allir fundið hversu mikilvægt samtalið væri innan íþróttahreyfingarinnar, innan hvers sérsambands og hverrar íþróttagreinar en sömuleiðis við ríkið. Andri minntist á stuðninginn sem hreyfingin hefur fengið, meðal annars fjárhagslegan stuðning frá ríkinu sem var deilt út bæði árin 2020 og 2021. Nýlega hafi síðan verið úthlutað 500 milljónum til íþróttahreyfingarinnar sem færi í umsóknarferli innan skamms. Búið væri að skipta þeirri upphæð í tvennt. Ákveðinn hluti færi til félaganna en stór hluti væri eyrnamerkur sérsamböndum og íþróttahéruðum. Síðari tveir aðilarnir hafi ekki fengið miklar bætur í starfinu undanfarin tvö ár. Andri sagði að rekstur sérsambanda byggði á umhverfinu sem hægt væri að búa til hverju sinni, meðal annars umgjörð í kringum landsliðin og landsleikina, og höfða til bæði fyrirtækja og annarra sem styðja við hreyfinguna. Hann hrósaði HSÍ fyrir mjög góðan rekstur og ítarlega skýrslu og vel fram setta varðandi þessa þætti.

Fleiri þættir hvíla á íþróttahreyfingunni. Andri minntist á ofbeldisumræðuna sem hefur verið mjög áberandi undanfarin misseri. Hjá ÍSÍ væri komin í gang vinna þar sem verið væri að setja saman tilmæli eða viðmið sem öll innan íþróttahreyfingarinnar gætu unnið sameiginlega eftir. Málið væri miklu flóknara en ÍSÍ gat gert sér grein fyrir í upphafi. Ýmsir lögfræðingar hafi komið að málum og ekki væru allir sammála en hafa þyrfti í huga að í landinu væru í gildi bæði landslög og réttarforsreglur sem takmarka ýmislegt sem ÍSÍ myndi vilja gera. Þó að þau langi til að gera ákveðna hluti er þeim það óheimilt. Einhvern veginn þurfi samt að búa til sameiginlega línu sem öll gætu sætt sig við og unnið eftir. Því að það sem skiptir öllu máli, sagði Andri, er að sjálfbóðaliðarnir sem starfa í stjórnnum félaganna og sérsambandanna þurfi ekki að taka einhverjar huglægar ákvarðanir heldur geti fylgt ákveðinni línu. Þeir eigi ekki að þurfa að setja sig inn í einhverjar aðstæður, heldur vísa málum áfram í þann farveg sem er réttur hverju sinni. Árið 2020 var sett á laggirnar starf samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs og hvatti Andri félögin til að nýta sér það embætti þegar upp koma erfið mál sem tengjast ofbeldisumræðunni, einelti eða þess háttar.

Annað sem skiptir líka máli er að við léttum á sjálfbóðaliðunum, sagði Andri. Auknar kröfur eru gerðar varðandi skráningu persónulegra upplýsinga sem persónuverndargögn og skrá þurfi eitt og annað til opinberra aðila. Slíkum störfum hefur fjölgað innan íþróttahreyfingarinnar en Andra

finnst að félögin þurfi að geta einbeitt sér meira að þjálfun og uppbyggingu á íþróttinni sjálfri. Það væri sameiginlegt hlutverk að reyna að létta á þessum þáttum. Þar hefur ÍSÍ stórt hlutverk gagnvart sérsamböndum og héruðum. Og sérsambönd og héruð hafa stórt hlutverk gagnvart sínum félögum. Andri taldi að stóra verkefnið framundan væri að hugsa betur um sjálfbærliðana og reyna að gera starf þeirra mögulegt af því að það verði erfitt að fylgja eftir að allir séu tilbúnir til að gefa af sér fyrir sín félög.

Að öðrum málum. Andri sagði afreksmálin hafa verið mjög ítarleg gagnvart HSÍ af því að þar eru landsliðsfólk og landslið í fremstu röð í heiminum. Andri telur samstarf ÍSÍ og HSÍ hafa verið gott. Hann hefur sjálfur starfað í afreksmálum síðastliðin 15 ár og hefur reynslu af góðri samvinnu meðal annars tengt flottum viðburðum eins og þegar silfur náðist á Ólympíuleikunum árið 2008. Þá sagði hann að afrekssjóðnum hafi verið breytt árið 2016 samfara því að aukinn styrkur kom frá ríkinu. Nú væru liðin rúmlega fjögur ár síðan síðustu reglur voru settar og því þörf á mikilli endurskoðun til þess að gera ramman enn betri. Andri vonaðist til þess að hægt yrði að klára það á árinu.

Þjóðarleikvangar er ein stór umræða sem er búin að vera í gangi í mjög langan tíma. Andri sagði ÍSÍ hafa lýst yfir vonbrigðum yfir því að ekki voru settar upphæðir í fjárhagsáætlun ríkisins til næstu ára hvað það varðar. Stór hluti af þeirri umræðu, sem mætti ekki gleymast, væri að það er eitt að byggja þessi mannvirki en hitt er hvernig verða þau rekin og nýtt áfram. Tryggja þurfi aðgengi fyrir landslið í framtíðinni, að afrekssólkið geti komist inn í þessi mannvirki og nýtt þau. Andri vonaði að umræðan um þessi mál myndi klárast sem fyrst svo að hægt verði að byggja mannvirki fyrir þetta.

Lykilatriði væri, sagði Andri, að íþróttahreyfingin stæði saman í því sem hún gerir. Fulltrúar félaganna þyrftu að vera í góðri samvinnu við sitt sérsamband. Hann sagði að sérsamband væri ekkert annað en fulltrúar félaganna. Ágreiningur sem væri leystur í fjölmiðlum ætti ekki að eiga sér stað heldur ætti handboltahreyfingin að leysa málin innan sinna raða. Handboltinn ætti að koma ennþá sterkari út og halda áfram að vera leiðandi íþróttagrein á landinu. Að lokum óskaði Andri stjórn HSÍ til hamingju með starfið sem er búið að vera og sömuleiðis farsældar áfram í starfinu sem er framundan.

8. Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykkt

Þingforseti bauð Gunnar Magnússon upp í pontu til að kynna störf kjörbréfanefndar.

Á ársþingi HSÍ árið 2022 áttu 83 þingfulltrúar rétt á setu á þinginu. Gunnar Magnússon, fyrir hönd kjörbréfanefndar, staðfesti að það væru 45 atkvæði í salnum.

Mætt voru:

FH: Ásgeir Jónsson, Sigurður Örn Þorleifsson, Sverrir Reynisson, Sigurgeir Árni Ægisson
Fjöltnir: Davíð Arnar Einarsson, Þorgeir Lárus Árnason, Magnús Arnarson
Fram: Daði Hafþórsson, Birgir Guðmundsson, Halldóra F. Sigurgeirsdóttir, Árni Þór Þorvaldsson

Fylkir: Ingvar Örn Ákason
Gróttá: Andri Sigfússon, Ásmundur Einarsson
Haukar: Andri Már Ólafsson, Ásgeir Örn Hallgrímsson, Herbert Ingi Sigfússon, Aron Kristjánsson
HK: Guðjón Björnsson, Björn Þórsson Björnsson, Daníel Berg Grétarsson, Hákon Hermannsson
Hörður: Bragi Axelsson, Vigdís Halldórsdóttir
ÍBV: Grétar Þór Eypórsson, Vilmar Þór Bjarnason, Daði Magnússon
ÍR: Elín Freyja Eggertsdóttir, Matthías Imsland, Ásdís Ólafsdóttir, Haukur Loftsson
KA: Siguróli Sigurðsson, Erlingur Kristjánsson, Hjalti Hreinsson
Selfoss: Þórir Haraldsson, Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson, Einar Sindri Ólafsson, Örn Þrastarson
Stjarnan: Pétur Bjarnason, Lárus Halldórsson, Sigurður Bjarnason, Kristín Einarsson
Valur: Gunnar Freyr Sverrisson, Jón Halldórsson, Páll Grétar Steingrímsson, Óskar Bjarni Óskarsson
Víkingur: Helga Birna Brynjólfssdóttir, Hallur Magnússon, Vigdís Jóhannsdóttir, Jón Gunnlaugur Viggósson
Vængir: Örn Arnarson

Engar athugasemdir við störf kjörbréfanefndar bárust og lýsti þingforseti því störf hennar samþykkt.

9. Kosning þriggja manna í fjárhagsnefnd, laganefnd og allsherjarnefnd þingsins

Þingforseti lagði til að allsherjar- og laganefnd yrðu sameinaðar í eina nefnd eins og gert hefur verið síðustu ár. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

Í fjárhagsnefnd voru tilnefnd:

- Arnar Þorkelsson
- Helga Birna Brynjólfssdóttir
- Davíð Arnar Einarsson

Engar athugasemdir eða aðrar tillögur bárust.

Þingforseti lýsti þau réttkjörin í fjárhagsnefnd.

Í sameinaða allsherjar- og laganefnd voru tilnefnd:

- Kristín Einarssdóttir
- Daníel Berg Grétarsson
- Þórir Haraldsson

Engar athugasemdir eða aðrar tillögur bárust.

Þingforseti lýsti þau réttkjörin í sameinaða allsherjar- og laganefnd.

Þingforseti óskaði eftir því að þingnefndirnar tæku til starfa í þinghléi.

10. Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar

Þingforseti bauð Guðmund B. Ólafsson velkominn í pontu til að leggja fram skýrslu fráfarandi stjórnar.

Guðmundur hóf ávarp sitt á því að minnast Davíðs B. Gíslasonar með nokkrum orðum. Davíð féll frá eftir erfið veikindi á árinu. Hann lifði og starfaði fyrir handboltann alla sína ævi, bæði spilaði og var mjög virkur félagsmálum. Þá var hann ótrúlega góður liðsmaður í stjórn HSÍ. Davíð hafi kannski ekki borið þar mikið á torg en allar lagabreytingar, reglugerðarbreytingar og annað var á hans könnu. Guðmundur sagði mikil missi vera af honum í starfi stjórnarinnar og stjórnarmeðlimir kunnu honum bestu þakkir fyrir hans störf.

Eins og framkvæmdastjóri ÍSÍ kom inn á hérna áðan, sagði Guðmundur, þá hafa fjármálin verið mikið í umræðunni, bæði innan félaga, sambandsins og íþróttahreyfingarinnar. Stjórn HSÍ hafi unnið að því undanfarið að reyna að fá styrk til félaganna og sambandsins. Guðmundur viðurkenndi að kannski mætti gagnrýna stjórnina fyrir að hafa ekki verið hávær í fjölmiðlum í þeirri umræðu en sagði það ekki vera þeirra stíll að bera það á torg. Stjórnin hafi frekar valið að vinna þetta innan frá og beita þrýstingi í gegnum pólitíkina og ráðherra við að ná þessu fram. Líkt og Andri lýsti hefur komið vilyrði frá ríkisstjórninni um 500 milljón króna framlag til íþróttahreyfingarinnar. Guðmundur vonaðist til að fulltrúar félaganna gætu nýtt þá fjármuni sem úr því koma. Enn væri verið að vinna að því hvernig greiðslan fari fram en ætla mætti að hún yrði svipuð og síðast. Það er að segja að félögin gerðu grein fyrir sínum fjármálum og fengju viðunandi styrki í framhaldi af því. Þó að alltaf megi deila um fjárhæðir telur Guðmundur að þessi aðferð geti komið öllum vel.

HSÍ vann að mjög margvíslegum verkefnum á liðnu ári. Landsliðsverkefni voru mörg af því að það var covid árið á undan. Guðmundur sagði rekstur sambandsins hafa gengið vel. Árið á undan var mikill hagnaður, hátt í 50 milljónir, sem sneri að því að það voru færri leikir og minni kostnaður. Reksturinn á liðnu ári hafi síðan snúist um aðhald. Leikirnir voru fleiri og miklu meiri kostnaður þannig að reksturinn kom út í mínus. Guðmundur sagði að þetta skýrðist af verkefnunum og að HSÍ væri samband sem reyndi að nýta þá fjármuni sem það hefur hverju sinni en ekki að skila einhverjum sérstökum hagnaði af rekstrinum. Það væri samt mikið aðhald í rekstrinum og sambandið myndi vilja gera betur, til dæmis að fara meira út í útbreiðslustarf og annað slíkt. Guðmundur vonaði að það tækist núna í framhaldinu.

Það eru núna um 100 ár síðan handboltinn kom til Íslands. Hann kom með Valdimari Sveinbjörnssyni, íþróttakennara, frá Danmörku þar sem hann fór að kenna mönnum að spila handbolta. Það er að vísu svona deilt um árin, hvenær menn byrjuðu á þessu en hann kom allavega til landsins 1921 eða 1922. Hann var kennari í Miðbæjarskólanum og fór að kenna handbolta og leikreglur. Guðmundur telur að það megi segja að þegar faðir handboltans í Hafnafirði, Hafsteinn, kom úr námi árið 1929 hafi keppni hafist fyrir alvöru. Þá á milli Flensborgarskólans og Miðbæjarskólans, eða MR, og handbolti varð til á Íslandi. HSÍ vill minnast tímamótanna með því að hefja skólamót í handbolta í haust. Guðmundur sagði undirbúning þegar

hafinn og stefnt væri að því að halda skólamót í öllum landshlutum til þess að kynna íþróttina á landsvísu. Guðmundur minnti þingfulltrúa á að HSÍ hefur átt erfitt með að komast inn í skólana, sérstaklega í Reykjavík. Skrúfað hafi verið fyrir kynningar á íþróttastarfi í Reykjavíkurborg fyrir einhverjum árum síðan. Hins vegar með því að hafa skólamót í hverjum landshluta og hafa síðan úrslitahelgi þá geti HSÍ nálgast krakkana í skólanum og þau mætt síðan til æfinga hjá félögunum. Guðmundur vonaði að þetta verkefni takist og verði að árlegum viðburði.

Umræða um framtíð kvennahandboltans og þá stöðu sem kvennahandboltinn er í, einskorðast ekki við Ísland. Guðmundur fór á fund með öðrum þjóðum í Evrópu mánuði fyrir þingið. Þegar kallað var eftir því hvað brynni helst á starfi sambandanna nefndu flest allir að gera þyrfti átak í kvennahandboltanum til þess að efla hann enn frekar. Í framhaldi af ársþingi HSÍ 2021 ákvað stjórnin að fara í naflaskoðun með kvennahandboltann, skoða stöðuna og hvað væri hægt að gera til framtíðar. Skipuð var nefnd með valinkunnu fólki, Önnu Steinssen, Guðríði Guðjónsdóttur og Hrafnhildi Skúladóttur í Vestmannaeyjum. Því miður varð starf nefndarinnar ekki alveg nógu virkt og tók Guðmundur sökina á sig að hafa ekki fylgt starfinu nóg eftir. Þó var gerð skoðanakönnun um stöðu handboltans ásamt því að lykilþjálfarar í kvennahandboltanum voru spurðir út í stöðuna og hvað væri hægt að gera. Guðmundur sagðist ætla, ásamt Magnúsi Kára, að kynna skýrslu með niðurstöðunum síðar á þinginu. Hann bauð þingfulltrúum velkomið að koma upp í pontu og skamma hann en sagðist vita upp á sig sökina um að þau hefðu átt að halda betur utan um þetta verkefni. Það væri þó ljóst að ekki væri til nein töfralausn á uppbyggingu handboltans. Í grunninn sneri þetta allt að félögunum, þjálfurunum, nálgunina við krakkana og félagslega þættinum. Jafnframt væri árangur landsliða mjög stór þáttur í því að fá krakka inn í handboltann. Þetta væri samstarfsverkefni milli sambandsins og félaganna. Meðal annars hafi iðkendafjöldi hjá krökkunum aukist eftir árangur karlalandsliðsins í janúar síðastliðinn. Allt helst þetta í hendur: fyrirmyndir, árangur og landsliðin.

Eitt af verkefnum síðasta árs var miðlun sjónvarpsefnis. Stjórn HSÍ átti fundi með sérfræðingum í sjónvarpsefni um hvað er að gerast í miðlun þess. Guðmundur sagði það alveg ljóst að handboltahreyfingin þyrfti að vera á tánum hvað það varðar. Félögin hafi verið að semja við fyrirtæki sem geta tekið upp æfingar og leiki inni í íþróttahúsum með föstum myndavélum og telur Guðmundur að það verði til uppbyggingar á handboltann. Hreyfingin þurfi síðan að taka ákvörðun um það hvernig þessu efni verður miðlað. HSÍ hafi átt gott samstarf við Stöð2. Gallinn við það að mati Guðmundar er að efnið er í lokaðri dagskrá og bundið við áskrift. Draumurinn væri sá að geta miðlað þessu efni opið og núna væru að opnast margar leiðir í því. HSÍ mun halda áfram samstarfi við félögin við að finna út úr því hvernig þessu er best fyrir komið.

Þá kom Guðmundur inn á útbreiðslu handboltans á Íslandi. En vegna mikils álags á skrifstofu og hvað hún er fámenn hefur HSÍ ekki tekist að vinna eins mikið að útbreiðslu handboltans eins og draumurinn er. Guðmundur horfir mest á Akranes og Suðurnesin í því tilliti. Akranes væri að verða 7-8000 manna bæjarfélag og ætti þá alveg að þola aðra íþróttagrein en knattspyrnu. Vonast væri til að koma af stað handbolta þar á næstunni. Það hafi hins vegar gengið erfiðlega á Suðurnesjum vegna keppni við körfuboltann. Gleðilegu tíðindin sagði Guðmundur vera að handboltinn á Ísafirði

er á besta stað og það hafi verið virkilega gaman að koma þangað í vor þegar þeir spiluðu úrslitaleik til þess að komast upp í úrvalsdeild. Þeir unnu leikinn fyrir framan 650 áhorfendur og gríðarleg stemning var í bænum fyrir þessum leik. Stjórnin vonar að Ísfirðingar nái að halda utan um sitt starf þar. Þeir bjóða öllum frítt á æfingar og fjöldi krakka stundar handbolta á Ísafirði. Þá hafa þeir hjá Herði verið duglegir að fá menn til að sinna þar þjálfun.

Vegna ofbeldisumræðunnar hefur verið umræða innan ÍSÍ og líka innan HSÍ um það hvernig eigi að taka á þeim málum. Guðmundur taldi að umræðan væri komin á þann stað að ræða hvenær hægt væri að taka menn aftur í sátt ef að menn hafa misstígið sig á leiðinni. Það hafi komið fram skýrsla hjá ÍSÍ sem komst að þeirri niðurstöðu að það væri í raun og veru ekki hægt að búa til einhverja almenna reglu eða einhverja stífa reglu um það hvernig eigi að taka á þeim málum. Guðmundur þekkir það frá eigin raun að þessi mál eru gríðarlega erfið. Hann tók dæmi. Maður er sakaður um eitthvað og jafnvel kærður til lögreglu. Hann lýsir yfir sakleysi sínu en málið hans getur tekið tvö ár í kerfinu. Í ásökuninni er í raun ekkert annað en ásökun, sem ekki hefur verið sönnuð. Þess vegna, sagði Guðmundur, þurfum við að virða mannréttindi þeirra sem lenda í slíkum ásökunum og stíga ekki fram og dæma sjálf. Hann hefur þá skoðun að það verði aldrei hægt að búa til reglur í kringum þetta. Þetta væru atriði sem bæði sambandið og félögin þurfi að vinna saman og taka ákvörðun um og skoða hvert mál fyrir sig um það hvernig eigi að taka á viðkomandi máli. Þetta snúist um rétt einstaklinganna, líka þolandann, og ímyndina sem hreyfingin er alltaf í kappi við. Handboltinn hefur lent í þessu, sagði Guðmundur. Það hafa komið fram ásakanir sem gengu svo langt að þær höfðu áhrif á styrktaraðila HSÍ. Ásakanir sem áttu bara ekki við nein rök að styðjast. Samt sem áður hafi fulltrúar HSÍ þurft að fara inn á skrifstofur hjá öllum styrktaraðilum til þess að verja málstað HSÍ og gera grein fyrir honum. Þetta geti snert öll og á mörgum sviðum og Guðmundur lagði áherslu á að vanda þurfi til verka þegar fjallað er um þessi mál og gera það af einlægni og ábyrgð.

Guðmundur kom aftur að verkefnum HSÍ. Sambandið startaði aftur *MasterCoach* námskeiði og Guðmundur sagði það ánægjulegt að sjá marga af okkar ástkæru handknattleiksmönnum og skærustu stjórnnum sem unnu silfur medalíuna á sínum tíma, skráða til þátttöku. Það væri alveg ljóst að Ísland héldi áfram að búa til frábæra þjálfara sem væru þekktir á alheimsvísu. Núna væru þeir sjö talsins, Alfreð Gíslason í Þýskalandi, Aron í Barein, Dagur í Japan, Þórir í Noregi, Erlingur í Hollandi og Arnór Atlason með 21 árs liðið hjá Danmörku. Hróður HSÍ væri því enn mikill og myndi halda áfram. Íslensku landsliðin stóðu sig vel á liðnu ári. Karlaliðið að komast aftur í sitt gamla form og kvennaliðið í mikilli framför. Það væri mjög ánægjulegt að geta farið í úrslitaleik um sæti á Evrópumóti í Serbíu. Því miður tapaði Ísland þeim leik en Guðmundur hefur mikla trú á því að liðið sé á réttri leið að búa til góðar fyrirmyndir sem geta aukið hróður handboltans kvenna megin.

Guðmundur gat ekki annað en að minnst á þjóðarhöllina í ávarpi sínu. Hann sagði að HSÍ hafi kannski ekki verið mjög hávært í þeirri umræðu en lögð hafi verið gríðarlega mikil vinna í það að reyna að fá þessa þjóðarhöll. Stjórnin væri í stöðugum samskiptum við ráðherra til þess að reyna að ýta á verkefnið. Guðmundur var sjálfur formaður starfshóps um þjóðarhöllina sem komst að þeirri niðurstöðu að höllinni yrði best fyrir komið í Laugardalnum. Rökin fyrir því voru að þar eru

tvö íþróttafélög, Þróttur og Ármann, og þrír grunnskólar. Rekstrarþátturinn væri því tryggður ef húsið yrði byggt í Laugardal, að sögn Guðmundar. Hann vissi þó að það væri kergja í hverfinu. Þróttur og Ármann vildu frekar eitt íþróttahús fyrir sig en að vera þátttakendur í þjóðarhöll. Guðmundur hélt að það væri ákveðinn misskilningur hjá félögunum. Hann þekkti það sem fyrrverandi formaður í félagi þar sem menn deildu um úthlutun íþróttatíma í íþróttahúsi að ef það er til dæmis körfubolti, handbolti og blak í einu félagi þá væri mikill slagur um tíma og Guðmundur er viss um að eitt íþróttahús fyrir þessi tvö félög muni ekki duga. Hann telur að mönnum yfirsjáist sá möguleiki að vera með þrjá, fjóra velli í einu og jafnvel fleiri eftir því hvernig þeim er skipt niður eftir þörfum. Það væri mun betri kostur fyrir félögin til að starfrækja gott starf en að vera í einu íþróttahúsi þar sem menn myndu deila um úthlutun tíma. Þegar ársþingið fór fram var staðan á málinu allavega sú að Guðmundur átti von á því að það kæmi fljótlega yfirlýsing frá ríki og borg um uppbyggingu þjóðarhallar í Laugardal. Hann viðurkenndi að vísu að hann væri búinn að vera bjartsýnn í þessu máli lengi. Hins vegar væru nú að koma sveitastjórnarkosningar og Reykjavíkurborg þyrfti að svara íbúum í hverfinu varðandi íþróttaaðstöðu. Ríki og borg ættu svo eftir að deila um kostnaðarskiptingu á verkefninu en það sem sneri að HSÍ, sagði Guðmundur, það væri að leggja áherslu á að öllum landsliðum HSÍ, bæði yngri og A landsliðum, yrði tryggð íþróttaaðstaða. Mikilvægt væri að landsliðin hefðu fast land undir fótum varðandi æfingatíma. Hluti af planinu væri að ríkisvaldið kæmi inn með styrk til æfingastöðu fyrir landslið sem yrði úthlutað í gegnum ÍSÍ. Guðmundur lokaði þessari umfjöllun með því að endurtaka að hann væri bjartsýnn á að byggð verði þjóðarhöll. Umræða um aðra leikvanga eins og frjálsíþróttahús og knattspyrnuvöll væri skemmra á veg komin að því leyti að ekki sæist rekstrargrundvöllur fyrir knattspyrnuvelli. Það vantaði meiri meðgjöf í það en rekstur þjóðarhallar og þess vegna telur Guðmundur að hún verði ofan á núna.

Að lokum minntist Guðmundur á mikið álag sem hefur verið á skrifstofu HSÍ, bæði út af covid og öllu öðru sem er um að vera. Skrifstofan væri fámenn en starfsfólkið frábært. Guðmundur sagði að hvar sem hann kæmi fyndi hann alltaf fyrir því að öll vinnubrögð á skrifstofunni og allt sem hún skilar frá sér, svo sem skýrslur, væri upp á tíu. Guðmundur er mjög stoltur og þakkaði starfsfólki skrifstofunnar sérstaklega fyrir það. Það væri gríðarlega mikilvægt að allt sem kemur frá HSÍ sé vel gert og hann vonaði að félögin myndu það líka í sínum samskiptum við skrifstofuna. Auðvitað þyrftu menn stundum að vera leiðinlegir og neita að fresta leikjum og annað slíkt en Guðmundur telur að allir séu að reyna sitt besta. Þá óskaði hann þingfulltrúum góðs samstarfs á þinginu.

65. ÁRSPING HSÍ



Skýrsla stjórnar HSÍ Þingskjal 1

65. ársþing HSÍ
Laugardaginn 30. apríl 2022

Skýrsla stjórnar HSÍ

64. ársþing HSÍ val haldið í fjarfundi, mánudaginn 12. apríl 2021.

Ein breyting var á stjórn HSÍ, Magnús Karl Daníelsson lét af störfum en í hans stað var kjörin Inga Lilja Lárusdóttir. Magnúsi Karli er þökkun góð störf. Guðmundur B. Ólafsson var endurkjörinn formaður og þá fengu þau Davíð B. Gíslason, Jón Viðar Stefánsson og Páll Þórólfsson fengu áframhaldandi umboð til stjórnar. Í varastjórn voru kosin þau Alfreð Örn Finnsson, Guðmundur Þór Jónsson og Hrafnhildur Ósk Skúladóttir.

Á starfsárinu hefur stjórnin haldið 11 formlega fundi en þar fyrir utan voru haldnir 3 fundir með formönnum aðildarfélaganna.

Starf HSÍ hefur verið fjölbreytilegt á árinu og verkefnin mörg. Það hefur verið áskorun að finna lausnir við að ljúka mótum og landsleikjum vegna faraldursins. En það tókst og á starfsfólk skrifstofu mikið hrós skilið hvernig unnið var úr þeim verkefnum. Mótahald hefur gengið vel eftir það þó svo að óvenju þungur vetur hafi sett mark sitt á móthald.

Mikil umræða var á síðasta þingi um kvennahandbolta og hvernig styrkja mætti það starf. Tekin hefur verið saman skýrsla um brottfall iðkenda og kallað eftir sjónarmiðum þeirra sem starfa í kvennaboltanum um hvað betur má fara. Ljóst er að það er engin ein töfralausn um hvernig standa á að uppbyggingu kvennahandbolta og fjölga iðkendum. Margir þætti koma þarna inn; innra starf félaga, bæði er varðar kynningu, þjálfun og félagsstarf, sem og samkeppni við aðrar íþróttagreinar og félagsstarf. Eins skiptir máli umfjöllun og árangur félagsliða og landsliða. Mikil umræða hefur verið í vetur um hvort spila eigi í einni eða tveimur deildum og er tillaga um slíkt til umfjöllunar á þinginu en á formannafundum hafa komið fram skiptar skoðanir um kosti og gall þess að spila í einni deild.

Eitt af mikilvægustu verkefnum sem við þurfum að horfa til er hvernig staðið skuli að miðlun sjónvarpsefnis frá handboltaleikjum. Tækniþróun er mikil og hafa mörg félag nú þegar samið um upptökur á æfingum sem og leikjum í sínum íþróttahúsum. Auðvelt er því að miðla efninu en hvernig það er gert til að hámarka tekjur fyrir félögin er verkefni sem við þurfum að huga vel að. Við höfum leitað ráð hjá sérfræðingum á þessu sviði og munum halda því áfram í samstarfi við félögin. Mikið er að gerast í sjónvarpsheiminum ef svo má að orði komast og margir möguleikar til staðar.

Vegna mikils álags á skrifstofu hefur ekki tekist sem skyldi að vinna að útbreiðslu handboltans. Við höfum horft til nágrannasveitarfélaga við höfuðborgarsvæðið um að kom á samstarfi við stofnun handboltadeilda. Ljóst er að með fjölgun íbúa í nágranna sveitarfélögum gefst tækifæri til að sækja fram og bjóða upp á æfingar og keppni í handbolta. Ljósi punkturinn í þessu er þó sá að Hörður frá Ísafirði sigraði í 1.deild og mun leika meðal þeirra bestu næsta keppnistímabil. Eiga

forráðamenn Harðar hrós skilið fyrir sína vinnu og vonandi verður það hvatning til annarra félaga úti á landi að bjóða uppá æfingar í handbolta.

Enn eru til umræðu innan íþróttahreyfingarinnar um hvernig taka skuli á málum íþróttamanna sem sakaðir hafa verið um ámælisverða og jafnvel refsiverða hegðun. Snýr umræðan einkum nú um heimild þeirra til þátttöku í leikjum með sínum félagsliðum og landsliðum. Stíga verður varlega til jarðar í þessum efnum og hafa í heiðri þá meginreglu að maður telst saklaus uns sekt er sönnuð. Hins vegar koma jafnframt fleiri sjónarmið til skoðunar er snúa að ímynd félagsliða og landsliða. Í niðurstöðum starfshóps á vegum ÍSÍ var komist að þeirri niðurstöðu að ekki væri hægt að setja sérstakar reglur um bann við vali á leikmanni til þátttöku eða viðmið um endurkomu og tókum við undir það. Nauðsynlegt er því að skoða meta hvert tilvik fyrir sig.

Saga handboltans er löng og spannar nú um 100 ár er Valdemar Sveinbjörnsson kom úr námi frá Danmörku með handbolta undir hendi og fór að miðla þekkingu sinni. Í tilefni þess er stefnt að því að halda skólamót í handbolta næsta haust sem liður í kynningu á sögunni og sem liður í útbreiðslu handboltans. Það er von að það verkefni takist vel og að skólamót verði að árlegum viðburði.

Umræðan um þjóðarhöll hefur verið áberandi á þessu ári. Stjórnvöld finna fyrir meiri pressu á að hér rísi þjóðarhöll sem uppfylli þau lágmarksskilyrði sem gerð eru til alþjóðlegrar keppni. Það mun opna möguleika á að við getum verið gestgjafar á stórmótum sem bæði skapar mikla umfjöllun og auknar tekjur fyrir sambandið. Við höfum lagt mikið til þessarar umræðu og m.a. skipað formennsku í starfshóp um verkefnið. Vonumst við til að stjórnmálamenn hætti störukeppni um hvernig kostnaðarskiptingu á að vera háttað milli ríkis og borgar og komi sér saman um byggingu þjóðarhallar. Niðurstaða starfshópsins var sú að þjóðarhöll væri best fyrir komið í Laugardal vegna staðsetningar og mikilli þörf á íþróttamannvirki fyrir skóla og félög á svæðinu. Ljóst er að ef ekki verður af byggingu þjóðarhallar nú í Laugardal verður langt að bíða þar til annað sambærilegt tækifæri gefst aftur.

Verkefni er snúa að Marstercoach eru nú í fullum gangi og hafa þegar margir af okkar bestu landsliðsmönnum úr silfurliðinu á Ólympíuleikunum skráð sig til þátttöku. Má vænta að hróður okkar um góða þjálfara haldi áfram en nú eru 6 þjálfarar að þjálfra erlend landslið, Alfreð Gíslason (Þýskaland), Aron Kristjánsson (Bahrein), Dagur Sigurðsson (Japan), Þórir Hergeirsson (Noregur), Erlingur Richardsson (Holland) og Arnór Atlason (Danmörk U21ka).

A landslið karla og kvenna

Strákarnir okkar tóku þátt á EM í Ungverjalandi í janúar og enduðu þar í 6. sæti. Covid setti mikið strík í reikninginn á mótinu og voru á tímabili 12 úr hópi Íslands í einangrun. Enga að síður þjappaði hópurinn sér vel saman og var liðið hársbreidd frá sæti í undanúrslitum og niðurstaðan ánægjuleg eftir vonbrigði fyrra árs. árangurinn var mjög góður og mikill áhugi hjá þjóðinni fyrir leikjum Íslands. Sjónvarpsáhorf á þessa leiki er eitt það mesta af öllum dagskrárliðum og áberandi mest m.a. aðrar þjóðir. Lýsir það best hve þessi íþrótt gefur þjóðinni mikið.

Þá lék liðið 2 undankeppnisleiki gegn Austurríki nú á vormánuðum sem unnust örugglega og hefur liðið því tryggt sér sæti á HM sem fram fer í Svíþjóð og Póllandi á næsta ári.

A landslið kvenna lauk nýlega keppni í undankeppni EM þar sem liðið lék í riðli ásamt Svíþjóð, Serbíu og Tyrklandi. Liðið endaði í 3. sæti en síðasti leikurinn í riðlinum var úrslitaleikur gegn Serbíu um laust sæti á EM í nóvember. Því miður reyndust Serbarnir sterkari en ljóst að liðið er á réttri leið og hefur tekið framförum.

Handknattleiksfolk ársins var valið í lok árs, að þessu sinni voru valinn þau Ómar Ingi Magnússon sem leikur með Magdeburg í Þýskalandi og Rut Jónsdóttir sem leikur með KA/Þór. Í upphafi árs var Ómar Ingi valinn íþróttamaður ársins af samtökum íþróttafréttamanna, við óskum Ómari til hamingju með titilinn.

Yngri landslið

Þó svo að keppnir yngri landsliða hafi verið með minna móti sl. sumar þá léku þrjú lið í lokamótum. U-19 ára landslið kvenna lék í B-deild Evrópumótsins í Skopje í Makedóníu, einu marki munaði að liðið kæmist í undanúrslit en stúlkurnar höfnuðu í 5. sæti mótsins.

U-19 ára landslið karla lék á Evrópumótinu í Króatíu í ágúst. Liðið komst áfram í milliriðil og hafnaði í 8. sæti á mótinu. Þessi árangur tryggði þessu liði og því næsta áframhaldandi þátttökurétt á EM.

U-17 ára landslið kvenna lék í B-deild Evrópumótsins í Litháen, liðið lék á löngum köflum frábæran handbolta og vann m.a. Spánverja á leið sinni í úrslitaleikinn sem tapaðist með einu marki. Þessi árangur tryggði þeim sæti í aukakeppni í nóvember um þátttökurétt á EM næsta sumar. Þarf höfnuðu stúlkurnar einnig í öðru sæti en þó bera hrósa stúlkunum sem smám saman færast nær því að komast á stórmót.

Íslandsmót - OLÍS og Grill66 deildirnar

Eins og undanfarin ár er OLÍS samstarfsaðili HSÍ þegar kemur að Íslandsmótunum í meistaraflokki.

Keppnistímabilið 2021 – 2022 er leikið í 12 liða deild með tvöfaldri umferð og átta liða úrslitakeppni og falla tvö lið. Í neðri deildum var svo leikið í bæði 1. og 2. deild og hefur liðum fjölgað mikið með tilkomu ungmennaliða. Í kvennadeildinni var leikið í tveim deildum, 8 lið voru í úrvalsdeild kvenna en 11 í 1. deild. Leikin var þreföld umferð með fjögurra liða úrslitakeppni.

Stöð 2 Sport sýndi frá fleiri leikjum í Olísdeildunum í ár heldur en fyrri ár auk þess að vera með uppgjörspátt eftir hverja umferð. Vísir.is verið með mikla umfjöllun um handbolta, bæði klippur úr leikjum og beinar textalýsingar. Morgunblaðið, mbl.is og RÚV hafa einnig staðið sig vel í sinni umfjöllun. Ekki má gleyma hlut hlaðvarpanna sem eru enn að styrkjast, bæði er fjallað um keppnir hér heima en það má einnig finna fjölmörg viðtöl við handboltamenn þar sem fjallað eru um ferilinn. Netútsendingar félaganna hafa færst uppá næsta stig í framhaldi af áhorfendabanni á kappleikjum. Fleiri félög sýna nú frá leikjum jafnt í meistaraflokki sem og í yngri flokkum,

metnaðurinn er mikill og ber að hrósa félögunum fyrir þetta framtak. Að lokum er rétt að minnast á vefinn handbolti.is sem hefur gjörbreytt handbolta umfjöllun hér heima undanfarið ár, Ívar Benediktsson hefur skrifað um handbolta í áraraðir og þekking hans á leiknum og öllu umhverfi handboltans vegur þungt þegar kemur að vef sem eingöngu fjallar um handknattleik. Þarna hefur Ívar unnið frábært og stöndum við í þakkaskuld við hann fyrir sína umfjöllun í vetur.

Coca-Cola bikarinn

Coca-Cola bikarinn í ár var leikinn á Ásvöllum og tókst mjög vel til. Helgin var hin glæsilegasta og ber að þakka Coca Cola fyrir samstarfið sem og Haukum fyrir aðstöðuna. Valur sigraði í ár bæði í karla og kvennaflokki og er þeim óskað til hamingju með árangurinn.

Samstarfsaðilar

Sambandið vil þakka þeim samstarfsaðilum sem dyggilega hafa stutt við bakið á starfsemi okkar í ár, á því byggist reksturinn og er stuðningurinn ómetanlegur bæði fyrir HSÍ sem og handboltahreyfinguna.

Skýrsla dómara nefndar

Starfið í vetur

Starfsmaður dómara nefndar á skrifstofu HSÍ var Magnús Kári Jónsson og er honum þakkað ánægjulegt og mjög gott samstarf í vetur.

Líkt og áður fer starf dómara nefndar að mestu fram í gegnum tölvupóst og síma en auk þess átti formaður í góðum samskiptum við skrifstofu HSÍ. Helstu verkefni dómara nefndar hafa verið með svipuðu sniði og undanfarin ár; umsjón með niðurröðun dómara, fundir með deildardómurum og eftirlitsmönnum, skipulagning dómara námskeiða, námskeið fyrir ritara og tímaverði, samskipti við þjálfara og félög auk ýmissa minni verkefna.

Þá ber sérstaklega að þakka Kristjáni Gauki Kristjánssyni sem situr í dómara nefnd. Hann hefur lagt á sig miklu vinnu á bakvið tjöldin, bæði við frumniðurröðun dómara og þýðingar á nýjum leikreglum sem taka gildi næstkomandi sumar.

Undirbúningur og haustfundur

Undirbúningur dómara hófst í júní með eigin æfingum en æfingum dómara sem stóð til að hafa í ágúst þurfti að fresta vegna faraldursins. Eins og áður þurftu dómara að dæma a.m.k. fimm æfingaleiki áður en Íslandsmótið hófst, hvort sem það var hjá eigin félagi eða í æfingamótum.

Haustfundur dómara og eftirlitsmanna fór fram mánudaginn 6. september og var það í fyrsta skipti frá því Covid-faraldurinn hófst að dómara nefnd gatið haldið fund með dómurum og eftirlitsmönnum með eðlilegum hætti. Að venju voru þar kynntar áherslur vetrarins auk þess sem regluþróf var lagt fyrir hópinn. Þrekþróf voru haldin í sömu viku og fundurinn og var aftur tekið upp sama þróf og EHF notast við fyrir dómara, „píp-test“ (shuttle run test).

Janúarfundur dómara og eftirlitsmanna var haldinn 31. janúar og var þá notast við fjarfundar-búnað þar sem faraldurinn var enn einu sinni kominn á fleygiferð. Eins og áður var þessi fundur nýttur til að fara yfir hvernig dómgaeslan hefði gengið á tímabilinu og hvað mætti betur fara. Auk þess voru dómara teknir í skriflegt þróf.

Fyrir úrslitakeppni var haldinn þriðji fundur dómara og eftirlitsmanna. Þar var farið yfir lok keppnistímabilsins auk þess sem farið var yfir praktísk atriði.

Áherslur vetrarins

Síðastliðin ár hefur ein aðaláherslan verið að taka hart á ögrandi framkomu leikmanni og nú var einnig bætt við atriðum sem snúa að þjálfurum. Einnig voru tekin fyrir atriði eins og leikleysa, samskipti, frumköst, leikaraskapur og ákveðin tegund brota gegn hornamönnum. Eins og áður var einnig áhersla á samræmi milli para en þar má alltaf gera betur.

Dómaranámskeið

Aðgengi félaga að dómaranámskeiðum hefur batnað til muna eftir að A stigs dómaranámskeiðinu var komið á rafrænt form. Sjö félög héldu námskeið í vetur og þótt það takast vel til, framkvæmdin er einföld og eina samt þarf til er salur með skjávarpa. Þátttakendur taka próf í gegnum síma eða tölvu að fyrirlestri loknum og koma niðurstöðurnar beint inn til skrifstofu HSÍ.

Tveir nýir C-stigs deildardómarar hafa verið útskrifaðir frá síðasta ársþingi; Aron Daði Hauksson frá ÍR og Árni Þór Þorvaldsson frá Fram.

Við viljum minna á að það er á ábyrgð félaganna að útvega dómara og eftirlitsmenn fyrir þau mót sem HSÍ heldur. Ekki er nóg að halda námskeið á tveggja ára fresti þar sem dómaraefni kynnast starfinu og læra helstu reglur í yngri flokkum. Þess á milli þarf að huga að málaflokknum, leyfa dómurum að spreyta sig á verkefnum innan félagsins sem smám saman verða stærri og viðameiri. Einnig þarf að huga að því að gera starfið meira spennandi og benda á framtíðarmöguleika, hugsanlega dómgæslu í deildarkeppni í meistaraflokkum og þá með góðum árangri er möguleiki að komast í alþjóðakeppnir. En gera starfið spennandi og eftirsóknarvert sem sameiginlegt verkefni okkar næstu árin.

Ritarar og tímaverðir

Námskeið fyrir ritara og tímaverði var haldið í september. 23 sóttu námskeiðið að þessu sinni sem er með minna móti en rétt er að minna á að réttindi tímavarða og ritara gilda í tvö ár frá síðasta námskeiði.

Dómarar sem hafa B- eða C- stigs réttindi mega einnig starfa á ritaraborði í leikjum í meistaraflokki.

Á meðfylgjandi töflu má sjá fjölda frá hverju félagi sem hefur sótt námskeið fyrir ritara og tímaverði undanfarin ár.

Félag:	2017-2018	2018-2019	2019-2020	2020-2021	2021-2022
Afturelding	2	4	1	2	2
FH	7	5	0	4	0
Fjölnir	2	2	6	2	1
Fram	7	9	12	2	7
Fylkir	6	7	4	1	0
Gróttta	0	2	0	3	0
Haukar	2	0	0	0	1
HK	1	9	4	0	1
ÍBV	4	0	0	7	0
ÍR	7	7	0	1	0
KA	0	4	3	3	0
KA/Pór	0	0	0	0	0
Kría			0	0	
Selfoss	1	0	1	10	0
Stjarnan	2	4	1	6	4
Valur	3	7	0	4	0
Víkingur	12	5	0	1	6
Pór Ak.	0	4	1	1	6
Próttur	1	0	0	0	0
Vængir Júpíters	0	0	0	0	0
Félög utan deilda	0	0	0	0	1
Samtals:	57	69	33	47	29

Samráðsfundur HSÍ, KKÍ og KSÍ

Nú á vormánuðum voru formenn dómaranefnda hjá HSÍ, KKÍ og KSÍ boðaðir á fund með því markmiði að læra af starfi hvors annars og bera saman bækur. Það er skemmst frá því að segja að vel tókst til og fjölmargar hugmyndir um fræðslu og aðra vinnu með dómurum fæddust þar.

Það er von okkar að þetta samstarf gefi meira af sér á næstu árum.

Alþjóðlegir dómarar og eftirlitsmenn

Eftir því sem leið á árið og áhrif faraldursins minnkuðu fjölgaði verkefnum utan landssteinanna. Anton Gylfi Pálsson hafa dæmt fjölda leikja í meistaradeild Evrópu auk þess að dæma á Evrópumeistaramótinu í Ungverjalandi og Slóvakíu. Þá hafa þeir Sigurður Þrastarson og Svavar Ólafur Pétursson dæmt í Evrópukeppnum félagsliða auk þess sem þeir dæmdu á EM 20 ára landsliða sl. sumar.

Bjarki Bóasson og Gunnar Óli Gústafsson dæmdu í B-deild 18 ára landsliða kvenna í Litháen í ágúst og dæmdu þar m.a. undanúrslit í mótinu. Þeir Árni Snær Magnússon og Þorvar Bjarmi Harðarson dæmdu á European Open sl. sumar og fóru nú í apríl til Berlínar og tóku þar EHF námskeið auk þess að dæma nokkra leiki.

Fjórir alþjóðlegir eftirlitsmenn eru starfandi hér á landi og fengu þeir allir þó nokkur verkefni utan landssteinanna á árinu, flest á Norðurlöndunum.

Alþjóðlegir dómara HSÍ:

Anton Gylfi Pálsson	EHF
Jónas Elíasson	EHF
Sigurður H. Prastarson	EHF
Svavar Ó. Pétursson	EHF
Bjarki Bóasson	EHF Candidate
Gunnar Óli Gústafsson	EHF Candidate
Árni Snær Magnússon	EHF (YRP)
Þorvar Bjarmi Harðarson	EHF (YRP)**Young referee project

Alþjóðlegir eftirlitsmenn HSÍ:

Guðjón L. Sigurðsson	EHF
Kristján Halldórsson	EHF
Ólafur Örn Haraldsson	EHF
Reynir Stefánsson	EHF

Fjöldi deildadómara og sektir

Hvert félag skal útvega tvo dómara fyrir hvert meistaraflokkslið sem skráð er til keppni (að U liðum undanskildum). Aðeins tvö félög ná tilskyldum fjölda dómara sem er tveimur færri en fyrir ári síðan. Eins og undanfarin ár þá greiða félögin milljónir króna í sektir vegna skorts á dómurum, sektirnir einar og sér virðast ekki duga til að sýna félögunum fram á mikilvægi þess að ala upp dómara. Því er ljóst að hér þarf að grípa til hertari aðgerða.

Á töflu hér fyrir til hliðar má sjá fjölda dómara í félögum sem skráð eru til leiks í Íslandsmótiinu.

Félag:	Eiga að tilnefna:	Hafa útnefnt:
Afturelding	4	1
FH	4	3
Fjölnir	2	1
Fjölnir/Fylkir	2	1
Fram	4	9
Gróttá	4	0
Haukar	4	2
HK	4	3
IBV	4	1
ÍR	4	3
KA	2	1
KA/Þór	2	0
Kórdrengir	2	0
Selfoss	4	4
Stjarnan	4	0
Valur	4	2
Víkingur	4	0
Vængir Júpíters	2	0
Þór Ak	2	1
Félög utan deilda		1
Samtals	62	33

Dómaranefnd 2020-2021

Reynir Stefánsson, Formaður

Gísli Hlynur Jóhannsson

Kristín Aðalsteinsdóttir

Kristján Gaukur Kristjánsson

Dómarar og eftirlitsmenn

Starfandi deildardómarar HSÍ:

Anton Gylfi Pálsson - Jónas Elíasson

Aron Daði Hauksson - Guðbjörn Ólafsson

Arnór Jón Sigurðsson - Magnús Ólafur Björnsson

Árni Snær Magnússon - Þorvar B. Harðarson

Bjarki Bóasson - Gunnar Óli Gústafsson

Bjarni Viggósson - Jón Karl Björnsson

Bóas Börkur Bóasson - Hörður Aðalsteinsson

Eypór Jónsson - Leó Snær Róbertsson

Hallgrímur Jónasson - Vilbergur F. Sverrisson

Magnús Kári Jónsson - Ómar Örn Jónsson

Hekla Daðadóttir - Ellen Karlsdóttir

Ingvar Guðjónsson - Sigurjón Þórðarson

Ólafur Víðir Ólafsson – Vilhelm Gauti Bergsveinsson

Siguróli Magni Sigurðsson - Sævar Árnason

Ramunas Mikalonis - Þorleifur Árni Björnsson

Sigurður H. Þrastarson - Svavar Ó. Pétursson

Ricardo Xavier

Eftirlitsmenn HSÍ:

Einar Sveinsson

Gísli H. Jóhannsson

Guðjón L. Sigurðsson

Hlynur Leifsson

Ingvar Guðjónsson

Kristján Halldórsson

Kristján Gaukur Kristjánsson

Kristín Aðalsteinsdóttir

Ólafur Örn Haraldsson

Reynir Stefánsson

Sigurður Egill Þorvaldsson

Sindri Ólafsson

Valgeir Egill Ómarsson

Í lok keppnistímabils

Enn á ný er komið að lokum keppnistímabilsins sem eins og svo oft áður hefur verið fullt af áskorunum. Sjaldan eða aldrei hefur verið jafnmikið af frestunum, bæði vegna Covid-19 og vegna óveðra sem geysuðu hér á landi eftir áramótin. Leikjaálagið var mikið eftir því sem leið á tímabilið, ekki bara á leikmenn og þjálfara heldur dómara og eftirlitsmenn líka. Litlu mátti muna að þyrfti að fresta leikjum vegna þess að ekki var nægur fjöldi dómara til að sinna öllum þeim verkefnum sem voru fyrir hendi en sem betur fer kom ekki til þess.

Mér hefur verið tíðrætt um fjölgun dómara undanfarin ár en hef því miður talað fyrir daufum eyrum. Einstaka félög hafa tekið sín mál fastari tökum en betur má ef duga skal, eins og fram hefur komið í skýrslu minni er þörf á harðari aðgerðum. Á næsta keppnistímabili muna dómaranefnd og skrifstofa HSÍ því ekki hafa neina milligöngu með dómara á æfingaleiki, hvort sem er á undirbúningstímabili eða á meðan keppnistímabili stendur. Félögunum er bent á að nota sína dómara í æfingaleikjum og er það von okkar að þá geri félögin sér betur grein fyrir mikilvægi þess að ala upp dómara.

En nú er mikilvægt að við einbeitum okkar að hápunkti keppnistímabilsins, úrslitakeppninni. Leyfum okkar bestu og efnilegustu leikmönnum að eiga sviðið næstu vikur og njótum þess að horfa á frábæran handbolti.

Áfram handbolti!

Fyrir hönd dómaranefndar HSÍ,

Reynir Stefánsson

Skýrsla landsliðsnefndar karla

Eftirtaldir skipuðu landsliðsnefnd karla:

Páll Þórólfsson (formaður)

Daði Hafþórsson

Gunnar Andrénsson

Markús Máni Michaelsson

Landsliðsþjálfarar

- A landslið karla: Guðmundur Guðmundsson, Gunnar Magnússon og Ágúst Þór Jóhannsson
- U-20 árs landslið karla: Einar Andri Einarsson og Róbert Gunnarsson
- U-18 ára landslið karla: Heimir Ríkarðsson og Gunnar Andrénsson
- U-16 ára landslið karla: Heimir Árnason og
- U-15 ára landslið karla: Halldór Jóhann Sigfússon og Haraldur Þorvarðarson
- Hæfileikamótun: Jón Gunnlaugur Viggósson

Markvarðþjálfarar

- Gísli Guðmundsson, Magnús Ingi Stefánsson, Hreiðar Leví Guðmundsson, Aron Rafn Guðmundsson og Jóhann Ingi Guðmundsson

Læknar og sjúkrateymi

A landslið karla:

- Læknar: Brynjólfur Jónsson og Örnólfur Valdimarsson
 - Sjúkraþjálfarar: Jón Birgir Guðmundsson, Elís Þór Rafnsson og Pétur Örn Gunnarsson
- Yngri landslið karla:
- Sjúkraþjálfarar: Kári Árnason og Adam Snær Jóhannesson

Liðsstjórar

- A landslið karla: Guðni Jónsson
- U-20 árs landslið karla: Jóhannes Runólfsson
- U-18 ára landslið karla: Björn Eiríksson

Helstu verkefni og áherslur

A landslið karla lék á EM í Ungverjalandi og Slóvakíu í janúar, liðið komst uppúr sínum riðli með fullt hús stiga eftir þrjá góða sigra gegn Portúgal, Hollandi og heimamönnum í Ungverjalandi. Í milliriðli unnust 2 leikir en 2 töpuðust sem þýddi að íslenska liðið lék gegn Norðmönnum um 5. sætið en sá leikur tapaðist með minnsta mun. Árangurinn á mótinu var framar vonum sérstaklega ef horft er til þess að 11 leikmenn og 1 starfsmaður veiktust af Covid-19 á meðan á mótinu stóð en aðrir stigu upp og öxluðu mikla ábyrgð. Ekki má gleyma þjálfurum liðsins og aðstoðarmönnum sem unnu frábæra starf við erfiðar aðstæður.

Nú í apríl lék liðið í umspili um laust sæti á HM, sigrar unnust í báðum leikjum liðsins gegn Austurríki og fara Strákarnir okkar því á enn eitt stórmótið í janúar nk. en þá fer HM fram í Svíþjóð og Póllandi.

Vegna heimsfaraldursins var lítið um verkefni yngri landsliða, þó lék u-19 ára landslið karla á EM í Króatíu í ágúst. Liðið komst uppúr sínum riðli en lítið gekk í milliriðli og hafnaði liðið í 8. sæti mótsins. Þó verður að líta til þess að með þeim árangri tryggðu strákarnir sér sæti á EM auk þess að tryggja U-17 ára liðinu líka sæti á EM, en þau mót fara fram nú í sumar.

Þó svo að starfið hafi komist aftur af stað sl. ár eftir Covid-19 þá er mikil vinna framundan. Yngri landsliðin hafa misst úr fjölmörg verkefni og mikilvægt að þau komist á fulla ferð í sumar, hættan er sú að við drögumst aftur úr þeim þjóðum sem við berum okkur saman við. Framundan eru spennandi tímar með landsliðunum okkar, A landsliðið hefur verið á mikilli uppleið með skemmtilega blöndu af yngri og eldri leikmönnum og eins og svo oft áður eru fjölmargir efnilegir leikmenn í yngri liðunum.

Leikir mót og úrslit

A landslið karla

Undankeppni EM, 25. apríl - 2. maí. Þrír leikir í undankeppni EM, vegna Covid þurfti að spila þéttar heldur gengur. Íslenska liðið ferðaðist til Ísrael og þaðan til Litháen. Lokaleikurinn fór fram að Ásvöllum í Hafnarfirði. Leikirnir gegn Ísrael unnust en liðið tapaði gegn heimamönnum í Litháen. Þessi úrslit tryggðu íslenska liðinu 2. sætið í riðlinum og sæti á EM 2022. 18 leikmenn og 7 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

27. apr.	Ísrael	Ísrael - Ísland	20-30
29. apr.	Litháen	Litháen - Ísland	29-27
2. maí	Ásvellir	Ísland – Ísrael	39-29

EM í Ungverjalandi og Slóvakíu, 11. - 29. janúar. Leikið í Budapest í Ungverjalandi, íslenska liðið alla sína leiki í riðlakeppninni og tryggði sér þannig stig með í milliriðil. Eftir frábæran sigur á Frökkum í milliriðli mátti minnstu muna að strákarnir okkar tryggðu sér sæti í undanúrslitum en tap gegn Króötum reyndist dýrt síðar í keppninni. Liðið endaði í 6. sæti af 24 liðum. Árangurinn sem slíkur var frábær í ljósi þess að 11 leikmenn veiktust af Covid-19 á meðan mótinu stóð og stöðugt þurfta að bæta í hópinn til að liðið gæti verið fullskipað gegn sterkum andstæðingum, margir nýliðar fengu tækifæri með liðinu og árangurinn framar vonum. 25 leikmenn og 10 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

14. jan.	Ungverjaland	Portúgal - Ísland	24-28
16. jan.	Ungverjaland	Ísland - Holland	29-28
18. jan.	Ungverjaland	Ísland - Ungverjaland	31-30
20. jan.	Ungverjaland	Danmörk - Ísland	28-24
22. jan.	Ungverjaland	Frakkland - Ísland	21-29
24. jan.	Ungverjaland	Ísland - Króatía	22-23
26. jan.	Ungverjaland	Svartfjallaland - Ísland	24-34
28. jan.	Ungverjaland	Ísland - Noregur	33-34

HM umspil, 12. - 16. apríl. Tveir leikir gegn Austurríki í umspili um laust sæti á HM. Liðið vann góðan 4 marka sigur ytra og þegar liðin mættust á Ásvöllum var aldrei spurning hvort liðið færi á HM, Ísland vann sannfærandi 8 marka sigur fyrir framan fullt hús af áhorfendum og tryggði sér þannig sæti á HM 2023. 18 leikmenn og 8 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

13. apr.	Austurríki	Austurríki - Ísland	30-34
16. apr.	Ásvellir	Ísland - Austurríki	34-26

Yngri landslið karla

19 ára landslið karla

EM í Króatíu, 10. - 23. ágúst. Leikið í Varazdin í Króatíu, íslenska liðið hafnaði í 2. sæti í sínum riðli og tryggði þannig að U-18 og U-20 ára liðin eigi þátttökurétt á EM á næsta ári. Í milliriðli og leikjum um sæti tapaði liðið sínum leikjum en flestum með litlum mun þar sem sigurinn gat dottið hvoru megin sem var. Liðið endaði í 8. sæti af 16 liðum. 16 leikmenn og 5 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

12. ágú.	Króatía	Ísland - Slóvenía	22-26
13. ágú.	Króatía	Ísland - Ítalía	30-17
15. ágú.	Króatía	Ísland - Serbía	31-30
17. ágú.	Króatía	Ísland - Svíþjóð	27-29
18. ágú.	Króatía	Ísland - Spánn	25-32
19. ágú.	Króatía	Ísland - Portúgal	30-33
21. ágú.	Króatía	Ísland - Svíþjóð	24-26

Vínáttulandsleikir, 4. – 7. nóvember. Leikið í Kolding í Danmörku gegn sterku liði heimamanna. Þó nokkuð vantaði í íslenska liðið vegna meiðsla og því fengu margir eldskírni sína með landsliðinu í þessu verkefni. Skemmt er frá því að segja að báðir leikirnir töpuðust með nokkrum mun. 16 leikmenn og 4 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

05. nóv.	Danmörk	Danmörk - Ísland	24-34
06. nóv.	Danmörk	Danmörk - Ísland	37-28

Vínáttulandsleikir, 18. – 19. mars. Leikið að Ásvöllum í Hafnarfirði þar sem Danir komu nú í heimsókn. Strákarnir okkar léku frábærlega í fyrri leiknum sem vannst en sterkt lið Dana vann seinni leikinn. 18 leikmenn og 7 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

18. mar.	Ásvellir	Ísland - Danmörk	28-22
19. mar.	Ásvellir	Ísland - Danmörk	25-32

17 ára landslið karla

Tournoi Pierre Tiby í Frakklandi, 3. – 7. nóvember. Fyrsta verkefni þessa hóps saman, þrír leikir gegn sterkum þjóðum. Leikirnir töpuðust allir en mikilvæg reynsla fyrir strákana sem eru skráðir til leiks á Evrópumótinu nú í sumar. 16 leikmenn og 4 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

04. nóv.	Frakkland	Frakkland - Ísland	37-28
05. nóv.	Frakkland	Króatía - Ísland	33-21
06. nóv.	Frakkland	Ísland - Ungverjaland	32-33

Hæfileikamótun HSÍ

Hæfileikamótun HSÍ fór fram helgarnar 6. - 7. nóv og 21. - 23. janúar. Þar æfðu strákar og stelpur fædd 2008 og fengu þar smjörþefinn af því hvernig er að vera í landsliði. Auk æfinga fá leikmenn fyrirlestra um afreksmanninn og allt sem honum tengist. Hæfileikamótun HSÍ mun halda áfram í maí mánuði og verða æfingar 14. - 15. maí og svo fer hópurinn á Laugarvatn 27. - 28. maí.

Handboltaskóli HSÍ

Handboltaskóli HSÍ og hefur verið starfsræktur í yfir 25 ár og fór fram fyrstu helgina í júní. Þar eru 4 drengir og 4 stúlkur frá hverju félagi boðaðar á æfingar og æfa þar undir æfingu þjálfara HSÍ. Eftir að hafa tekið þátt í handboltaskóla HSÍ er hæfileikamótun HSÍ næsta skref í þróun landsliðsmanna.

Fyrir hönd landsliðsnefndar karla,

Páll Þórólfsson, formaður

Skýrsla landsliðsnefndar kvenna

Eftirtaldir skipuðu landsliðsnefnd kvenna:

Guðríður Guðjónsdóttir (formaður)

Ásta Björk Sveinsdóttir

Brynja Ingimarsdóttir

Halldóra Ingvarsdóttir

Margrét Berg Theodórsdóttir

Landsliðsþjálfarar

- A landslið kvenna: Arnar Pétursson og Ágúst Þór Jóhannsson.
- U19 ára landslið kvenna: Díana Guðjónsdóttir og Magnús Stefánsson
- U17 ára landslið kvenna: Ágúst Þór Jóhannsson og Árni Stefán Guðjónsson
- U15 ára landslið kvenna: Guðmundur Helgi Pálsson og Dagur Snær Steingrímsson
- Hæfileikamótun: Jón Gunnlaugur Viggósson

Markvarðaðþjálfarar

- Gísli Guðmundsson, Íris Björk Símonardóttir, Einar Bragason og Jóhann Ingi Guðmundsson

Læknir og sjúkraþjálfarar

A landslið kvenna:

- Læknir: Jóhann Róbertsson
- Sjúkraþjálfarar: Ágústa Sigurjónsdóttir og Særún Jónsdóttir

Yngri landslið kvenna:

- Sjúkraþjálfarar: Silja Rós Theodórsdóttir og Andrea Þórey Hjaltadóttir

Liðsstjórar

- A landslið kvenna: Þorbjörg Jóhanna Gunnarsdóttir
- U19 ára landslið kvenna: Brynja Ingimarsdóttir
- U17 ára landslið kvenna: Guðríður Guðjónsdóttir
- U15 ára landslið kvenna: Halldóra Ingvarsdóttir

Helstu verkefni og áherslur hjá nefndinni

- Að skapa öllum landsliðunum sem besta umgjörð
- Samhæfð þjálfun allra kvennalandsliða
- Auka umfjöllun og markaðsetja kvennahandbolta
- Vera sýnilegri í fjölmiðlum
- Halda áfram góðu samstarfi við HR vegna styrktarmælinga allra landsliða.

Mót, leikir og úrslit:

A landslið kvenna

Umspil um sæti á HM, 15. – 17. apríl. Ísland dróst gegn Slóveníu í umspilinu, lið sem er reglulega á stórmótum og á sterka leikmenn í liðum sem leika í meistaradeildinni. Íslenska liðið tapaði illa ytra en náði jafntefli heima. 17 leikmenn og 9 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

17. apr.	Slóvenía	Slóvenía - Ísland	24-14
21. apr.	Ásvellir	Ísland - Slóvenía	21-21

Undankeppni EM, hér er um að ræða 3 landsliðsglugga þar sem stelpurnar okkar léku tvo leiki í hvert skipti. Eftir erfiða byrjun gegn Svíþjóð vann liðið frábæran sigur gegn Serbum fyrir 1000 manns á Ásvöllum. Eftir því sem leið á keppnina var ljóst að seinasti leikur liðsins gegn Serbum yrði úrslitaleikur um laust sæti á EM. Því miður tapaðist sá leikur en mikilvægt er að taka góðu hlutina með úr þessari keppni, ungir leikmenn fengu sitt fyrsta tækifæri með landsliðinu og stimpluðu sig inn í liðið. Auk þess má geta að áhorfendur fjölmenntu á leiki íslenska liðsins í riðlinum og skapaðist mikil og góð stemming á heimaleikjum að Ásvöllum. Alls tóku 22 leikmenn og 9 starfsmenn þátt í þessu verkefni.

07. okt.	Svíþjóð	Svíþjóð - Ísland	30-17
10. okt.	Ásvellir	Ísland - Serbía	23-21
02. mar.	Tyrkland	Tyrkland - Ísland	30-29
06. mar.	Ásvellir	Ísland - Tyrkland	29-22
20. apr.	Ásvellir	Ísland - Svíþjóð	23-29
23. apr.	Serbía	Serbía - Ísland	28-22

Cheb-skjöldurinn 2021, 24.-28. nóvember í Tékklandi. 4 landa mót þar sem íslenska liðið hafnaði í öðru sæti þrátt fyrir að hafa aðeins unnið einn af þremur leikjum. Liðin í 2. – 4. sæti voru öll jöfn að stigum. 18 leikmenn og 7 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

25. nóv.	Tékkland	Ísland - Noregur	25-30
26. nóv.	Tékkland	Sviss - Ísland	22-30
27. nóv.	Tékkland	Tékkland - Ísland	27-25

B landslið kvenna

Cheb-skjöldurinn 2021, 24.-28. nóvember í Tékklandi. 4 landa mót þar sem Ísland spilaði gegn B landsliðum þriggja annarra þjóða. Með sigri í seinasta leiknum gegn Tékkum tryggði íslenska liðið sér 3. sætið í mótinu. 16 leikmenn og 4 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

25. nóv.	Tékkland	Ísland - Noregur	20-25
26. nóv.	Tékkland	Sviss - Ísland	28-27
27. nóv.	Tékkland	Tékkland - Ísland	18-35

19 ára landslið kvenna

EM í Makedóníu, 8. - 19. júlí. Einn hluti B-deildar Evrópukeppninnar fór fram í Skopje, þar var leikið í tveim riðlum. Íslenska liðið hafnaði í 3. sæti í sínum riðli, aðeins einu markið munaði að liðið kæmist í undanúrslit en stelpurnar tryggðu sér 5. sæti af 9 þátttökupjóðum með sigri í seinasta leiknum. 16 leikmenn og 5 starfsmenn tóku þátt í verkefninu.

10. júl.	N-Makedónía	Ísland	-	Hvíta	Rússland	22-23
12. júl.	N-Makedónía	Ísland - Finnland	30-27			
15. júl.	N-Makedónía	Ísland – Pólland	24-24			
17. júl.	N-Makedónía	Ísland - Kosóvó	37-23			
18. júl.	N-Makedónía	Ísland - N-Makedónía	32-30			

17 ára landslið kvenna

EM í Litháen, 8. - 19. júlí. Þessi hluti B-deildar Evrópukeppninnar fór fram í Klaipeda við Eystrasaltið, þar var leikið í tveim riðlum. Íslenska liðið hafnaði í 2. sæti í sínum riðli, með jafnmörg stig og liðið sem vann riðilinn. Í undanúrslitum vann íslenska liðið frábæran sigur á Spánverjum en í úrslitaleik gegn N-Makedóníu tapaði liðið var niðurstaðan tap með minnsta mun þar sem jafnt var á öllum tölum frá upphafi til enda. Þessi árangur tryggir liðinu sæti í umspili fyrir EM á næsta ári en það fer fram í nóvember. 16 leikmenn og 5 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

7. ágú.	Litháen	Ísland - Lettland	35-23
8. ágú.	Litháen	Ísland - Tyrkland	28-19
11. ágú.	Litháen	Ísland - HvRússland	26-25
12. ágú.	Litháen	Ísland - Pólland	23-23
14. ágú.	Litháen	Ísland - Spánn	32-31
15. ágú.	Litháen	Ísland - N-Makedónía	26-27

Vínáttulandsleikir, 7. - 10. október í Danmörku. Leikið gegn heimastúlkum sem hafa á að skipa mjög sterku liði í þessum aldursflokki. Fyrri leikurinn var ævispennandi og endaði með jafntefli en Danir unnu þannig síðari. 16 leikmenn og 5 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

08. okt.	Danmörk	Danmörk - Ísland	25-25
09. okt.	Danmörk	Danmörk - Ísland	26-19

Undankeppni EM, 20. - 26. nóvember í Belgrad, Serbíu. Leikið um eitt laust sæti á EM. Stelpurnar okkar unnu góða sigra í fyrstu tveim leikjunum en töpuðu fyrir Serbíu í lokaleiknum. 16 leikmenn og 5 starfsmenn tóku þátt í þessu verkefni.

22. nóv.	Serbía	Slóvenía - Ísland	21-24
23. nóv.	Serbía	Ísland - Slóvakía	29-26
25. nóv.	Serbía	Serbía - Ísland	31-20

Hæfileikamótun HSÍ

Hæfileikamótun HSÍ fór fram helgarnar 6. - 7. nóv og 21. - 23. janúar. Þar æfðu strákar og stelpur fædd 2008 og fengu þar smjörþefinn af því hvernig er að vera í landsliði. Auk æfinga fá leikmenn

fyrirlestra um afreksmanninn og allt sem honum tengist. Hæfileikamótun HSÍ mun halda áfram í maí mánuði og verða æfingar 14. - 15. maí og svo fer hópurinn á Laugarvatn 27. - 28. maí.

Handboltaskóli HSÍ

Handboltaskóli HSÍ og hefur verið starfsræktur í yfir 25 ár og fór fram fyrstu helgina í júní. Þar eru 4 drengir og 4 stúlkur frá hverju félagi boðaðar á æfingar og æfa þar undir æfingu þjálfara HSÍ. Eftir að hafa tekið þátt í handboltaskóla HSÍ er hæfileikamótun HSÍ næsta skref í þróun landsliðsmanna.

Landsliðsnefnd

Það má segja að starfið hafi aftur komist á ágætis ról eftir heimsfaraldurinn, þó hann hafi aðeins flækst fyrir þá var ágætt að sökkva sér í handboltann á nýjan leik og sjá stelpurnar okkar blómstra á vellinum bæði hér heima og ytra.

Þrátt fyrir tap í umspili um laust sæti á HM voru stelpurnar okkar staðráðnar í að gera sitt allra besta í undankeppni EM. Það endaði með úrslitaleik í Serbíu á dögnum þar sem liðið barðist hetjulega gegn heimakonum og þrátt fyrir sæti á stórmóti hafi ekki náðst að þessu sinni er gott að vita til þess að við færumst nær takmarkinu.

Þegar horft er til yngri landsliðanna ber helst að minnast á frábæran árangur U-17 ára liðsins í Litháen þar sem liðið hafnaði í 2. sæti B-deildar eftir eins marks tap í úrslitaleik. Á leið sinni í úrslitaleikinn spilaði liðið stórgóðan handbolta og vann m.a. Spánverja sem telst til einnar af stóru þjóðunum í handboltaheiminum. Með góðri frammistöðu í Litháen komst liðið í undankeppni EM sem fram fór í Serbíu í nóvember en þar hafnaði liðið einnig í öðru sæti og má því með sanni segja að liðið hafi verið grátlega nálægt því að tryggja sér sæti á stórmóti.

Góður undirbúningur er grunnurinn að betri árangri í framtíðinni og því var gott að sjá yngri landsliðin vera á réttri leið sl. sumar en sem framhald á yngri landsliðunum hefur B landslið einnig verið kallað nokkrum sinnum til æfinga og kepptu þær á móti í Tékklandi í nóvember. Með þessu vonumst við til að fleiri stúlkur séu tilbúnir þegar kallið kemur.

Að lokum langar mig að minnast á þá frábærum stemmingu sem myndaðist á Ásvöllum í heimaleikjunum í undankeppni EM. Það er ómetanlegt fyrir stelpurnar okkar að fá þennan mikla stuðning úr stúkunni og finna að þjóðin stendur með þeim. Það er von okkar allra að áframhald verði á þessum stuðningi næstu misseri, Sérsveitin og þið öll hin, TAKK!

Alls voru 3 bókaðir fundir haldnir á árinu, auk þess sem nefndin hittist reglulega í undirbúning fyrir verkefni. Nefndin hefur verið í góðu sambandi við skrifstofu HSÍ og þjálfara allra landsliða. Þökkum við fyrir gott samstarf og vonum að samstarfið haldi áfram á sömu braut.

ÁFRAM ÍSLAND!

Guðríður Guðjónsdóttir, formaður landsliðsnefndar kvenna

SKÝRSLA MARKAÐSNEFNDAR HSÍ

Skýrsla markaðsnefndar HSÍ

Nefndina skipar Jón Viðar Stefánsson, formaður, Björgvin Þór Rúnarsson og Arna Sif Pálsdóttir en öll mál markaðsnefndar eru unnin með Róberti Geir Gíslasyni, framkv.stjóra HSÍ, og Kjartani Ólafssyni Víðó, markaðsstjóra HSÍ.

Mönnun nefndarinnar

Þau Björgvin Þór og Arna Sif komu inn í nefndina við upphaf núverandi keppnistímabils.

Helstu verkefni

Líkt og árið 2020 var áfram unnið hörðum höndum að því að gera ásýnd HSÍ sterkari með það að markmiði að bæta ímynd sambandssins enda hefur ekki verið ráðist í slíka vinnu undanfarna áratugi. Drög að nýju merki HSÍ liggja nú fyrir en merki HSÍ aldrei verið uppfært. Að skipta út merki er hins vegar stór ákvörðun og því þarf að undirbúa þá vinnu vel áður en farið er af stað. Þetta ár verður notað í þá vinnu og stefnt er því að nýtt merki HSÍ líti dagsins ljós síðar á árinu 2022.

Stærsta verkefni núverandi stjórnar er annars vegar nýliðun í handboltann, ekki síður en baráttan gegn brottfalli. Við þessu viljum við bregðast og því var ráðist í stórt verkefni á árinu þar sem bæði stúlkur og drengir voru hvött til að prófa handbolta. Markmiðið var, og er, að allir hafi kost á að prófa handbolta hjá félagi í þínu nærumhverfi. Landsliðsfólk, sem og þjálfara, lögðu sitt lóð á vogaskálarnar og stýrðu æfingum með nýliðum í íþróttinni. Auglýsingar frá HSÍ voru áberandi á árinu þar sem átakið var kynnt, hvort sem um ræðir auglýsingar í sjónvarpi eða á samfélagsmiðlum. Tókst þetta afar vel og með markvissri vinnu fjölgum við nýliðum í handbolta, ásamt því koma í veg fyrir brottfall.

Líkt og árið 2021 er árið 2022 er mikið endurnýjunarár í samstarfssamningum, þ.e. mikið af samningum við okkar helstu samstarfsaðila renna út og þarfnast endurnýjunar. Hluti af þeirri vinnu sem nú er unnin í tengslum við ímyndarmál félagsins er að útbúa kynningarefni fyrir okkar samstarfsaðila en þar er farið yfir hvað sé fengið með því að vera samstarfsaðili HSÍ. Það var vissulega krefjandi að missa okkar stærsta samstarfsaðila í lok árs 2021 ásamt því að Bikarkeppni HSÍ er nú án samstarfsaðila.

HSÍ hefur rekið netverslun með landsliðstreyjum frá því um mitt ár 2018. Salan hefur aukist jafnt og þétt. Treyjusala gekk vel fyrir EM 2022, vörum hefur fjölgað í netverslunni og eru í boði núna að kaupa markvarðatreyjur og stuttbuxur. Ljóst er að um nýja tekjulind fyrir HSÍ er að ræða. Fyrirspurnir berast reglulega erlendis frá er varðar treyjur og eru þar sóknarfæri fyrir HSÍ á komandi mánuðum.

Í tengslum við EM 2022 setti HSÍ inn í netverslun sína styrktarlínur til að mæta auknum kostnaði við EM. Vel tókst til með það verkefni og skilaði það ágætis tekjum inn í HSÍ.

Markaðssetning á Olís- og Grill deildunum og Coca Cola bikarnum er unnin í nánú samstarfi auglýsingastofum Olís og Coca Cola en markaðsefni sem snýr að HSÍ er unnið af auglýsingastofunni Hér og nú.

EM 2022

Sýnileiki handboltans á Íslandi var, líkt og áður, mikill í janúar 2022 þegar EM fór fram í Ungverjalandi. HSÍ var með miða- og treyjusölu fyrir mótið og úti í Búdapest ásamt því að sjá um upphitun fyrir stuðningsmenn í samstarfi við Sérsvéitina stuðningssveit landsliða HSÍ. Mikil spenna var fyrir mótinu enda kröfur gerðar til liðsins og áhorf á leikina var afar mikið. Auk þess gáfum við verulega í með fréttum af liðinu í gegnum samfélagsmiðla. Þetta tókst afar vel, enda mikið um fréttir og myndir frá mótinu og strákunum okkar sem fylgjendur sambandsins á samfélagsmiðlum tóku afar vel í.

Áhorf á EM 2022

Á undaförnum árum hefur áhorf á A landslið karla á stórmótum verið með stærstu beinu útsendingum hjá RÚV. Þriðja árið í röð var það leikur íslenska karlalandsliðsins sem átti þá útsendingu sem flestir horfðu á í sjónvarpi. Af tíu stærstu útsendingunum árið 2021 átti karlalandsliðið sjö útsendingar og átti þrjár fjölmennustu útsendingarnar í áhorfi.

Miðasala á landsleiki

Vegna heimsfaraldurs Covid-19 þá voru áhorfendur ekki leyfðir á landsleiki A landsliða karla hér heima á starfsárinu. A landslið kvenna lék landsleiki með áhorfendum á Ásvöllum. Tekin var ákvörðun að fá bakhjarla HSÍ til liðs við A landslið kvenna og bjóða áhorfendum frítt á leikinn. Mæting á kvennalandsleiki hefur tekið stakkaskiptum og í kjölfarið hafa yfir 1000 áhorfendur verið á heimaleikjum stelpnanna okkar.

SKÝRSLA MÓTANEFNDAR HSÍ

Mótanefnd 2021/2022

Kristín Þórðardóttir, formaður

Ágúst Karl Karlsson

Hjalti Þór Hreinsson

Pálmi Harðarson

Þórarinn Þórarinnsson

Mótanefnd annast yfirstjórn mótamála HSÍ, þar með talið skipulag landsmóta, niðurröðun þeirra og eftirlit með framkvæmd sbr. reglugerð HSÍ um handknattleiksmót. Starfsmaður mótanefndar við upphaf tímabilsins 2021/2022 var Hrannar Hafsteinsson en hann lét síðan af störfum í desember 2021. Mótanefnd þakkar Hrannari vel unnin störf á tímabilinu. Sú ákvörðun var tekin að ráða ekki nýjan mótastjóra heldur yrði störfum hans skipt á milli þeirra Róberts Geirs og Magnúsar Kára starfsmanna skrifstofu sambandsins. Þessi ákvörðun var tekin með það í huga að nauðsynlegt er að vanda vel til verka við ráðningu í starfið auk þess sem það var mat stjórnar og framkvæmdarstjóra að það að koma nýjum aðila inn í starfið á miðju tímabili krefðist mikillar vinnu annarra starfsmanna skrifstofunnar. Stefnt er á að nýr mótastjóri verði tekinn til starfa áður en næsta tímabil hefst.

Líkt og áður fer starfsemi mótanefndar að mestu fram með í tölvupóstsamskiptum og samtölum við fulltrúa félaga, sem var einkum á herðum starfsmanns mótanefndar. Formaður og starfsmaður nefndarinnar eru einnig í virkum samskiptum í gegnum síma, í kringum ákveðin mál ef þurfa þykir.

Málin sem mótanefnd fær inn á sitt borð eru af ýmsum toga en á tímabilinu 2021/2022 hafa þau eins og á síðasta tímabili flest tengst frestunum vegna Covid19, þrátt fyrir að veiran hafi sem betur fer ekki haft næstum eins mikil áhrif á mótin í ár. Mörg málanna eru í gangi lengi en önnur eru afgreidd strax. Mismikil vinna fer í hvert mál, allt frá fáeinum símtölum og tölvupóstum, yfir í t.d. að taka út leikstaði.

Meistaraflokkar


Síðasta haust var töfludregið í allar deildir meistaraflokks, félögin höfðu svo líkt og áður, tækifæri til þess að koma athugasemdum sínum á framfæri varðandi leikdaga og leiktíma. Starfsmaður mótanefndar fer yfir síðan yfir athugasemdir félagna ásamt óskum sjónvarpsrétthafa og aðlagar leikjaplanið samkvæmt því. Sérstök áhersla er lögð á að samþykkja breytingar sem gera félögunum kleift að bjóða upp á tvennur.


Eftir tvö ár þar sem Covid19 hafði mikil áhrif á allt mótafyrirkomulag verður nú loks aftur hægt að leika úrslitakeppni með eðlilegu fyrirkomulagi og munu Íslandsmeistarar verða krýndir í síðasta lagi 30. og 31.maí.

Deildakeppni karla

Í meistaraflokki karla sendu 19 félög inn lið til keppni sem er aukning um eitt frá síðasta tímabili. Leikið var í Olís-deild karla, Grill 66-deild karla og 2. deild karla. Alls tóku 12 lið tóku þátt í Olís-deild karla, 11 í Grill 66 deildinni, þar af 4 U-lið, og 8 lið í 2. deild karla, öll U-lið. Fljótlega eftir lok síðasta tímabils dróg lið Kríu, sem hafði unnið sér inn sæti í Olís-deildinni, lið sitt úr keppni sem þýddi að lið Víkings fékk þeirra sæti. Tvö ný félög, Kórdrengir og Berserkir, sóttu svo um að taka þátt í Grill 66-deildinni í samræmi við þá reglugerð að aðallið félaga hafi forgang í hana yfir U-lið. Á endanum var ákveðið að fjölga liðum í Grill 66-deild karla úr 10 í 11 til þess að koma í veg fyrir mikið rask á mótinu. U-liðum fjölgaði svo aftur frá síðasta tímabili og tóku alls 12 U-lið frá 11 félögum þátt í deildarkeppni. Ekki var spilað Íslandsmót í 2. flokki líkt og undanfarin ár vegna þróunar U-liða.


Deildakeppni meistaraflokks karla 2021/2022 er lokið og var það lið Vals sem stóð uppi sem deildarmeistari Olís-deildarinnar, lið Harðar frá Ísafirði sigraði Grill 66-deildina, og leikur því í fyrsta skipti í efstu deild á næsta tímabili, og Fram-U tryggði sér sigur í 2.deild karla. Lið HK og Víkings féllu úr efstu deild.






Deildakeppni kvenna

Í meistaraflokki kvenna sendu 14 félög lið til keppni eins og á síðasta tímabili. Alls tóku átta lið þátt í Olís-deildinni og 11 í Grill 66 deildinni, þar af 5 U-lið, sem er fjölgun um tvö lið frá síðasta Íslandsmóti. Á vormánuðum var ákveðið að seinka deildarkeppni kvenna um tvær vikur til þess að gefa A-landsliði kvenna aukinn æfingatíma auk þess sem óvenju mikið var um frestanir vegna veðurs í upphafi árs. Deildarkeppninni lauk 14.apríl og voru það lið Fram og Selfoss sem stóðu uppi sem deildarmeistarar, Fram sigraði Olís-deildina og Selfoss Grill 66-deildina og leikur því í efstu deild á næsta tímabili. Lið Aftureldingar féll hins vegar niður í 1.deild. Úrslitakeppni og umspil um laust sæti í Olís-deildinni hefst nú í lok apríl.





Á tímabilinu hefur átt sér stað mikil umræða um mótafyrirkomulag meistaraflokks kvenna og virðast skoðanir félagana vera misjafnar í þeim efnum. Það má því allt eins búast við einhverjum breytingum tengdum mótafyrirkomulaginu á næstunni.

Almennt um mál mótanefndar

Mótanefnd fékk inn á sitt borð ýmis mál eins og undangengin ár. Í meistaraflokkum tengjast málin gjarnan umgjörð leikja hjá félögum, en í handbók um framkvæmd leikja sem félögin þurfa að taka mið af koma fram atriði sem mótanefnd og skrifstofa HSÍ fylgja eftir. Minna hefur verið um að mál af þessu tagi hafi komið inn á borð nefndarinnar á þessu tímabili sem bendir til þess að félögin séu að sinna umgjörðinni vel þó alltaf sé eitthvað sem má bæta. Breytingar á leikdögum t.d. vegna sjónvarpsleikja eða frestana vegna veðurs eru að sjálfsögðu hluti af vinnu mótanefndar. Eins þarf mótanefnd að skoða mál vegna ólöglegra leikmanna en nokkur mál komu inn á borð nefndarinnar þar sem leikmenn eru ekki með skráðan leikmannasamning. Eins og áður sagði tengdist stór hluti mála nefndarinnar Covid19 og tilfærslu leikja vegna smita eða sóttkvíar í herbúðum liða. Áhrifin voru þó sem betur fer ekki næstum eins mikil og síðustu tvö ár og frá því að öllum takmörkunum var aflétt hafa þau verið úr sögunni.

Formannafundur, bæði meistaraflokka og yngri flokka, hafa verið haldnir reglulega á tímabilinu og hafa allar ákvarðanir varðandi breytingar á mótahaldi verið ræddar þar í þaula áður en þær hafa komið til framkvæmda.

Þegar kemur að málefnum yngri flokka var í byrjun árs ákveðið að fækka umferðum í ákveðnum deildum þar sem það þótti liggja fyrir að ekki næðist að klára alla leiki. Einnig var gefið aukið svigrúm til þess að ljúka deildarkeppni 3. og 4.flokks og skal þeirri keppni vera lokið fyrir 1.maí.

Fjölliðamót

Fjölliðamót tímabilsins hafa gengið vel, tekist hefur að halda öll mót þrátt fyrir einhverjar tilfærslur hafi verið vegna takmarkana og áhorfendur stundum ekki geta fylgst með. Stærsta tilfærslan átti sér stað á fyrsta móti tímabilsins hjá 6.flokki en ekki var hægt að halda það á Akureyri á tilsettum tíma vegna Covid19. Með frábærri samvinnu við félögin náðist að skipta á mótum þannig að síðasta mót aldursflokksins fer fram á Akureyri nú í maí.

Kristín Þórðardóttir, formaður mótanefndar HSÍ

SKÝRSLA FRÆÐSLU- OG ÚTBREIÐSLUNEFNDAR HSÍ

Útbreiðsla

Til stóð að fara á nokkra staði með kynningar en því miður varð Covid-19 faraldurinn til þess að það var ekki hægt. Við fórum núna á vormánuðum á Hvolsvöll og vorum þar með kynningu á handbolta og munum vonandi vera með fleiri heimsóknir þangað í framtíðinni.

Þjálfaramenntun HSÍ

Öll þjálfaramenntun HSÍ er núna komin í fjarnám og hafa sennilega aldrei fleiri sótt okkar námskeið hjá okkur eins og árið 2020. Það var mikil framfaraskref að koma náminu í fjarnám og höfum við fengið mjög jákvæð viðbrögð. Það skiptir ekki lengur máli hvort 1, tveir eða þrjátíu skrá sig á námskeið við munum alltaf bjóða upp á þau.

10 hófu nám á 1. stigi og munu ljúka námi um vorið 2022

8 hófu nám á 2. stigi og munu ljúka námi um vorið 2022

7 hófu nám á 3. stigi og munu ljúka námi um vorið 2022

Mastercoach

20 þjálfara hófu Mastercoach nám í janúar og munu ljúka því í janúar 2023. Mastercoach er æðsta gráða þjálfaramenntunar í handbolta í Evrópu og er þetta í annað skipti sem þetta námskeiðið er haldið hér á landi. Í júní munum við svo bjóða upp á í fyrsta skiptið hér á landi námskeið þar sem þeir sem þurfa að endurnýja Master Coach leyfið sitt geta mætt og framlengt sitt leyfi.

Afreksmaður framtíðarinnar

Fyrirlestraröð HSÍ og HR var eins og á seinasta ári haldin í september fyrir yngri landsliðsmenn. Til stóð að halda líka fyrirlestra í janúar en við þurftum að fella það niður vegna samkomubanns sem var í gangi á þeim tíma. Meðal fyrirlesara í September voru Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir sem fjallaði um jafnréttismál og Ólafur Snorri Rafnsson meistaranemi hjá HR fór yfir nýjustu mælingar hjá yngri landsliðum.

Hvað er framundan?

Eins og fram hefur komið mun vera stórt þjálfaranámskeið í júní þar sem þeir sem eru í Master Coach námi og þeir sem þurfa að endurnýja leyfið sitt munu sækja.

Helstu verkefni nefndarinnar er frekari þróun þjálfaranámsins í gegnum fjarnám en nú hefur ÍSí fjárfest í sama kerfi og HR og HSÍ hafa notað undanfarin misseri, því mun allt nám HSÍ færast yfir í kerfi ÍSí. Fjarnámið hefur vakið athygli út fyrir handboltasamfélagið og hefur gjörbreytt öllum möguleikum þjálfara til náms, sérstaklega á þessum erfiðu tímum þar sem samkomutakmarkanir koma í veg fyrir mannamót.

Stefnt er á frekari heimsóknir út á land með útbreiðslu handboltans í huga, bæði á staði þar sem handbolti er spilaður í dag og í bæjarfélög þar sem handbolti er ekki spilaður en við vitum af áhuga fólks til að koma æfingum af stað. Handknattleikur hefur nær eingöngu verið spilaður í stærstu bæjarfélögum landsins undanfarin ár en nú er kominn tími til að snúa vörn í sókn og breiða út boðskapinn á minni stöðum líka.

Markvarðaskóli HSÍ

Í vetur hefur verið starfræktur Markvarðaskóli HSÍ í umsjón Gísla Guðmundssonar. Æft hefur verið í Víkinni og hefur verið góð mæting á æfingarnar. Að jafnaði voru um 15-20 krakkar sem mættu og haldið verður áfram á komandi tímabili með Markvarðaskóla HSÍ.

Handboltaæfingar á Reyðarfirði

Handboltaæfingar fóru í gang á Reyðarfirði í byrjun árs og styrkti HSÍ starfið með því að senda handbolta austur. Yfir 30 krakkar hafa æft þar í vetur sem er fagnaðarefni.

SKÝRSLA AGANEFNDAR HSÍ

Aganefnd 2021/2022

Nefndina skipuðu Sverrir Pálmason (formaður), Arnar Kormákur Friðriksson og Arnar Þór Sæþórsson. Varamaður var Vala Valtýsdóttir.

Á starfsárinu fram til 26. apríl hélt aganefnd 29 bókaða fundi auk þess að taka fyrir þau mál sem nefndinni voru send, öll mál voru afgreidd. Auk þess hittist nefndin reglulega yfir veturinn til að fara starfið. Róbert Geir Gíslason var aganefnd innan handar á skrifstofu HSÍ og er honum þakkað fyrir gott samstarf.

Aganefnd fjallar fyrst og fremst um brot vegna rauðra spjalda með skýrslu (blátt spjald), sem og mál sem til hennar er vísað af stjórn HSÍ eða framkvæmdastjóra.

Aganefnd heldur einnig utan um fjölda rauðra spjalda og vill minna á stighækkandi áhrif vegna útilokana skv. 11. grein reglugerðar HSÍ um agamál.

Nefndin heldur málaskrá vegna allra agamála sem koma upp, m.a. til að auðvelda uppflettingar og halda samræmi á milli mála. Myndbönd hafa einnig hjálpað aganefnd við úrskurð mála í vetur.

Fyrir hönd aganefndar HSÍ,

Sverrir Pálmason

Formaður.

11. Gjaldkeri leggur fram reikninga HSÍ

Þingforseti bauð Arnar Þorkelsson, gjaldkera HSÍ, upp í pontu til að gera grein fyrir reikningum sambandsins.

Líkt og áður sagðist Arnar ekki ætla að þylja upp eintómar tölur heldur reyna á einfaldan hátt að gefa þingfulltrúum smá innsýn inn í rekstur sambandsins á síðasta ári og samanburð við fyrri ár. Ársreikningurinn inniheldur rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðsstreymi, skýringar og svo sundurliðanir. Arnar byrjaði á því að fara yfir rekstrarniðurstöðu ársins 2021. Rekstrartekjur voru 319 milljónir á meðan rekstrargjöld voru 324 milljónir. Samanburðurinn milli áranna 2021 og 2020 væri kannski ekki samanburðarhæfur. Fólk væri fljótt að gleyma að það var covid árið 2020 sem hafði veruleg áhrif á reksturinn. Þannig að í raun og veru væri 2019 eðlilegra samanburðarár. Það sem gerðist líka árið 2021 er að HSÍ varð fyrir verulegum kostnaðarauka vegna covid. Arnar sagðist fara betur yfir það síðar. Hins vegar, sama ár, 2021, komu til styrkir, endurgreiðslur og annað sem komu til móts við kostnaðinn sem gerði það að verkum að rekstrarniðurstaða ársins að teknu tilliti til fjármagnsliða var neikvæð upp á 5,8 milljónir, og vert að nefna að fjármagnsliðir þarna væru að stærstum hluta gengismunur. Arnar sagði það ánægjulegt að í fyrsta skiptið, að minnsta kosti í fjöldamörg ár, voru vaxtagjöld sambandsins engin. Það þýðir að allar skuldir voru greiddar á réttum tíma sem leiðir til þess fjárhagur og fjárflæði sambandsins voru í mjög góðum málum í lok árs.

Rekstrartekjur HSÍ árið 2021 skiptust þannig:

- Styrkir frá styrktaraðilum voru um 38%
- Styrkir frá ÍSÍ og Lottó um 33%
- Aðrar tekjur um 17%
- Tekjur af mótahaldi og landsleikjum 6%

Arnar fór yfir skiptinguna á rekstrartekjum sambandsins. Eins og Guðmundur kom inn á var fjármagn af skornum skammti. Arnar sagði að sambandið þyrfti að sníða sér stakk eftir vexti og þess vegna væri mikilvægt að skilja hvaða fjármuni það gæti fengið inn og nýtt til að efla starfið. Efla handbolta á Íslandi. Árið 2021 voru styrkir frá styrktaraðilum stærsti einstaki liðurinn. Jákvætt væri að sambandið náði að halda þeim styrkjum sem það var með og bæta nýjum við. Aukin búningakaup vegna nýrra búninga skiluðu styrkjum frá Kempa. Þá koma styrkir frá stjórnvöldum vegna covid inn í þennan lið, aðallega vegna starfsfólks á skrifstofu og þjálfara landsliða. Styrkir frá ÍSÍ og Lottó hækkuðu um 12 milljónir, úr 94 milljónum árið 2020 upp í 106 milljónir. Þar af hækkaði afrekssjóður um 8 milljónir og styrkurinn frá Lottó hækkaði um 6 milljónir vegna betri afkomu í þeirra rekstri. Tekjur af landsleikjum hækkuðu örlítið á milli ára sem og tekjur af mótahaldi. Aðrar tekjur hækkuðu úr 29 milljónum í 53 milljónir, en voru 60 milljónir árið 2019. Stærsta breytingin þar eru viðbótarstyrkir frá alþjóðasamböndunum sem koma til móts við aukinn ferðakostnað landsliða vegna covid og endurrukkaður kostnaður frá yngri landsliðum. Árið 2020 voru afskaplega fá verkefni hjá yngri landsliðunum. Eins og áður hefur verið rætt um er HSÍ því miður ennþá í þeirri stöðu að leikmenn yngri landsliða þurfa að bera verulegan kostnað af

sínum verkefnum. Þó hafi verið sett þak á þá greiðslu sem landsliðsfólkið þarf að bera en Arnar sagði það óskandi að sambandið gæti farið að stíga næsta skref í að styðja við yngri landsliðin.

Rekstrarkostnaður HSÍ árið 2021 skiptist þannig:

- Kostnaður vegna landsliða var um 65%
- Laun og launatengd gjöld um 20%
- Mótakostnaður um 9%
- Skrifstofa og stjórn um 5%
- Annar rekstrarkostnaður um 1%

Langstærsti einstaki kostnaðarliðurinn árið 2021 var kostnaður vegna landsliða og jókst hann gífurlega á milli ára, úr 80 milljónum árið 2020 upp í 209 milljónir. Vissulega voru færri verkefni árið 2020 en kostnaðurinn árið 2021 var 41 milljón hærri en árið 2019. Arnar sagði að beinn auka kostnaður vegna covid hafi verið um 35 milljónir á síðasta ári. Þar mætti nefna almenna hækkun á flugfargjöldum, leiguflug frá Ísrael til Litháen vegna frestaðra leikja, gífurlega hækkun á gistikostnaði vegna vinnustaðasóttkvíar hjá fulltrúum landsliðsins og sjúkrakostnaður, svo sem covid próf. Það væri þó jákvætt að, eins og Andri kom inn á í sínu ávarpi, að það væri búið að samþykkja fjárveitingu til að mæta þessum aukna kostnaði sérsambandanna vegna þess að fram að því höfðu ekki verið neinar beinar aðgerðir til að styðja við sérsamböndin. Þá vildi Arnar nefna það að fyrir árið 2022 væri áætlaður beinn viðbótarkostnaður vegna covid um 15-20 milljónir. Þetta væru gífurlegar fjárhæðir og því jákvætt að von væri á fjárveitingu. Að öðrum kostnaðarliðum þá hækkuðu laun og launatengd gjöld aðeins á milli ára. Á móti komu aðgerðir stjórnvalda sem nefndar voru í umfjölluninni um rekstrartekjurnar hér á undan. Mótakostnaður lækkaði örlítið á milli ára og munar þar mest um styrki sem greiddir voru til félaganna árið 2020 en HSÍ sá sér ekki fært um að gera árið 2021 í ljósi rekstrarniðurstöðunnar árið 2020. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður stóð í stað og annar rekstrarkostnaður lækkaði. Að stærstum hluta vegna þess að ekki þurfti að gjaldfæra tekjur af búningasölu sem var ekki til staðar og vegna þess að ekki var haldið *MasterCoach* námskeið. Í lok umfjöllunar um kostnað HSÍ vildi Arnar nefna að mótakostnaður sambandsins var 30 milljónir, auk annars tilfallandi kostnaðar, svo sem launatengds kostnaðar, og tekjur vegna þátttökugjalda 20 milljónir. Því væri hægt að segja að beinn kostnaður HSÍ vegna reksturs á mótum og mótastarfi væri 20-25 milljónir, umfram tekjur.

Þá kom Arnar að efnahagsreikningnum. Viðskiptakröfur sambandsins hækkuðu um 12,6 milljónir milli áranna 2020 og 2021. Arnar sagði að þetta væru allt almennar viðskiptakröfur sem væru nýlegar. Mætti þar nefna uppgjör á Lottó sem kom í lok árs, uppgjör á afreksstyrk frá ÍSí og kröfur á félög. Aðrar skammtímakröfur lækkuðu örlítið. Stærsti hluti þeirra var fyrirframgreiddur kostnaður vegna EM2022. Handbært fé lækkaði sem nemur rekstrartapi ársins. Það kom ekki á óvart vegna þess að í kjölfar færri verkefna árið 2020 vissi sambandið að það þyrfti að leggja út aukinn kostnað árið 2021. Allar viðskiptaskuldir sambandsins um áramót voru almennar viðskiptaskuldir og voru í skilum. Eins og fram kom hér á undan voru engin vaxtagjöld á árinu, og aðrar skammtímaskuldir lækkuðu um 8 milljónir á milli ára. Janúar er oftast þungur í rekstri hjá

HSÍ en sem betur fer þurfti sambandið ekki að óska eftir eins háum fyrirframgreiðslum frá afrekssjóði og styrktaraðilum árið 2021 eins og venjulega. Kröfur á félög voru hærri en árið 2020 og skýrist það að stærstum hluta af dómarasektum sem sendar voru út í lok árs. Þær voru 7 milljónir árið 2021 en 5 milljónir árið 2020. Flest félög væru í nokkuð góðum málum þegar kemur að skilum við HSÍ, sagði Arnar. Sambandið hafi sýnt félögunum skilning í þeirri aðstöðu sem hafi verið í þjóðfélaginu af því að stjórnin veit að rekstur félaganna er einnig erfiður og þungur. Þess vegna hafi meiri þolinmæði verið sýnd gagnvart greiðslufrestum. Sambandið þurfi þó að fara í ákveðnar aðgerðir til að gæta samræmis á milli aðila. Arnar sagði að það væri ekki, frá sanngirnissjónarmiði, samþykkt að eitt félag gæti safnað upp skuldum við HSÍ og greitt aðra kostnaðarliði á meðan annað félag setti það í forgang að greiða skuldir við HSÍ.

Að lokum þakkaði Arnar starfsfólki HSÍ sérstaklega fyrir mikla ráðdeild og aðhald í rekstri. Þetta gerðist ekki að sjálfu sér heldur væri mikil vinna að ná að tryggja styrktaraðila, halda styrktaraðilum, halda samskiptum við þá, ásamt samskiptum við félögin og sjá til þess að sambandið ráðstafaði þeim fjármunum sem það hefði til spilanna á skynsaman hátt. Þá sagði hann að það sæist á undanförnum árum hversu vel hafi verið tekið á rekstri sambandsins að því leyti að þó svo að útkoman væri tap á liðnu ári, þá eigi sambandið sjóði og reksturinn geti staðið af sér þegar komi ár sem eru erfiðari en önnur.

65. ÁRSPING HSÍ



**Ársreikningur 2021
Þingskjal 2**

**65. ársþing HSI
Laugardaginn 30. apríl 2022**



Handknattleikssamband Íslands

Ársreikningur 2021

Handknattleikssamband Íslands
Engjavegi 6
104 Reykjavík

kt. 590169-4049

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	1
Áritun uppgjörsaðila og skoðunarmanna	2
Rekstrarreikningur	3
Efnahagsreikningur	4
Eiginfjárfirlit	5
Sjóðstreymi	6
Skýringar	7

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Handknattleikssamband Íslands (HSÍ) hefur frá stofnun á árinu 1957 verið samband héraðssambanda og íþróttabandalaga þeirra félaga sem iðka, æfa og keppa í handknattleik innan ÍSÍ.

Tæp vörð af rekstri félagsins á árinu 2021 að fjárhæð 5,8 m. kr. Eigið fé félagsins nam 21,7 m. kr. í árslok 2021 og heildareignir voru 45,5 m. kr. Stöðugildi á skrifstofu félagsins voru 6 í upphafi árs 2021 sem og í árslok.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagstöðu þess þann 31. desember 2021 og rekstraráðkomu þess og breytingum á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2021.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glögg yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa í dag rétt ársreikning félagsins fyrir árið 2021 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. apríl 2022.

Stjórn

Arnar Þorkelsson

Guðrún Guðjónsdóttir
Jóna Líjón Haradóttir
Reynir Stefán

Kristín Þorðardóttir
Páll Þorláksson

Framkvæmdastjóri

Robert G. Gíslason

Áritun uppgjörsaðila og skoðunarmanna

Til stjórnar Handknattleikssambands Íslands

Við höfum aðstoðað við gerð meðfylgjandi ársreiknings Handknattleikssambands Íslands fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og framkvæmdastjóra, reikstræðning, efnahagsreikning, eiginfjárfirilt, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskiðaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagið vinnu okkar með það að markmiði að aðstoða stjórnendur Handknattleikssambands Íslands við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga. Við höfum fylgt settum siðareglum, þar með talið hvað varðar heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkæmi.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum frá stjórnendum þess. Framsetning hans er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenjur og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir ársreikningnum. Við höfum hvorki endurskoðað né kannað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Reykjavík, 22. apríl 2022.

Fjárfestir ehf.

Gunnar Þór Pálmarson

Áritun kjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir kjöenir skoðunarmenn Handknattleikssambands Íslands höfum yfirfarið ársreikning þennan sem lagður er fram af stjórn félagsins og á hennar ábyrgð í samræmi við starfsskyldur hennar.

Við yfirferðina kom ekkert það fram sem bendir til annars en reikningsskilin séu í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda.

Reykjavík, 22. apríl 2022.

Theódór Ingi Pálmarson
Magnús L. Einarsson

Rekstrarreikningur

	Skýringar	2021	2020
Styrkir frá ÍSÍ og Lottó	10	105.850	93.628
Styrkir frá öðrum styrktaraðilum	11	121.492	93.901
Tekjur af landsliðum	12	18.491	15.881
Tekjur af mótahaldi	13	20.188	17.120
Aðrar tekjur	14	52.873	29.161
Rekstrartekjur		318.894	249.690
Kostnaður landsliða	15	(209.225)	(79.897)
Mótakostnaður	16	(30.461)	(35.817)
Laun og launatengd gjöld	17	(66.114)	(56.958)
Skrifstofu- og stjórnumarkostnaður	18	(15.098)	(16.019)
Annar rekstrarkostnaður	19	(2.956)	(7.219)
Afskriftir		0	(523)
Rekstrarkostnaður		(323.855)	(196.433)
Hrein (rekstrargjöld) rekstrartekjur		(4.961)	53.256
Fjármunatekjur	20	94	336
Fjármagnsgjöld	21	(924)	(202)
Hrein (fjármagnsgjöld) fjármunatekjur		(830)	134
(Tap) hagnaður ársins		(5.792)	53.390

Skýringar á bls. 7 til 11 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýringar	31.12.2021	31.12.2020
Viðskiptakröfur	6, 22	26.550	13.961
Aðrar skammtímakröfur	23	16.000	18.544
Handbært fé	7, 24	2.947	24.729
Veltufjármunir samtals		45.497	57.234
Eignir samtals		45.497	57.234
Eigið fé og skuldir			
Óráðstafað eigið fé		21.734	27.525
Eigið fé samtals		21.734	27.525
Viðskiptaskuldir		13.444	11.382
Aðrar skammtímaskuldir	25	10.320	18.327
Skammtímaskuldir samtals		23.763	29.709
Eigið fé og skuldir samtals		45.497	57.234

Skýringar á bls. 7 til 11 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Eiginfjáryfirlit

1. janúar 2021 til 31. desember 2021	Skýringar	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2021		27.525	27.525
Tap ársins		(5.792)	(5.792)
Eigið fé 31. desember 2021		21.734	21.734

1. janúar 2020 til 31. desember 2020	Skýringar	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2020		(25.865)	(25.865)
Hagnaður ársins		53.390	53.390
Eigið fé 31. desember 2020		27.525	27.525

Skýringar á bls. 7 til 11 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Sjóðstreymi

Rekstrarhreyfingar	Skýringar	2021	2020
(Tap) hagnaður ársins		(5.792)	53.390
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Gengismunur		904	(247)
Afskriftir rekstrarfjármuna		0	523
		(4.888)	53.666
Rekstrartengdar eignir, breyting		(10.949)	(9.515)
Rekstratengdar skuldir, breyting		(5.946)	(7.610)
Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri		(21.782)	36.542
Fjármögnunarhreyfingar			
Skuldir við lánastofnanir, breyting		0	(12.473)
Fjármögnunarhreyfingar		0	(12.473)
Handbært fé í upphafi árs		24.729	661
Breyting handbærs fjár		(21.782)	24.069
Handbært fé í árslok		2.947	24.729

Skýringar á bls. 7 til 11 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Skýringar

Almennar upplýsingar

1. Félagið
- Handknattleikssamband Íslands, hér eftir nefnt félagið, eru íslensk félagasamtök með starfsemi í Reykjavík. Aðsetur þeirra er að Engjavegi 6, Reykjavík.
- Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins staðfesti ársreikninginn með undirritun sinni þann 22. apríl 2022.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna
- Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarreikningsskilum.
- Stjórnendur félagsins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að félagið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi.
3. Skráning tekna
- Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.
4. Matsaðferðir
- Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stöð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta, við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.
5. Erlendir gjaldmiðlar
- Elgnir og skuldir í erlendum myntum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi árslok 2021. Tekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags.
- Gengi helstu gjaldmiðla þróaðist sem hér segir á árinu.
- | Gjaldmiðill | Myntkóti | Meðalgengi | | Lokagengi | |
|-------------|----------|------------|---------|------------|------------|
| | | 2021 | 2020 | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
| Evra | EUR | 150,189 | 154,523 | 147,600 | 156,100 |
6. Viðskiptakröfur
- Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengisbreytinga. Færð er varúðarniðurfærsla til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan byggir á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.
7. Handbært fé
- Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankalnstæðum.
8. Viðskiptaskuldir
- Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.
9. Skattamál
- Félagið er ekki tekjuskattskylt en innheimtir virðisaukaskatt af veltu sem fellur undir skattskyldu virðisaukaskattslaga og greiðir fjármagnstekjuskatt af fjármagnstekjum sínum.

Skýringar

Rekstrarreikningur

10. Styrkir frá ÍSÍ og Lottó

Styrkir frá ÍSÍ og Lottó sundurliðast sem hér segir:

	2021	2020
Afrekssjóður	65.600	57.734
Ólympíusamhjálpin	0	1.273
Útbreiðslustyrkur	4.761	4.474
Aðrir styrkir	3.420	3.950
Lottó	32.069	26.196
Samtals	105.850	93.628

11. Styrkir frá öðrum styrktaraðilum

Styrkir frá öðrum styrktaraðilum sundurliðast sem hér segir:

	2021	2020
Fastir styrkir	82.150	77.550
Aðrir styrkir	39.342	16.351
Samtals	121.492	93.901

12. Tekjur af landsliðum

Tekjur af landsliðum sundurliðast sem hér segir:

	2021	2020
Auglýsingatekjur	15.112	6.399
Aðgangseyrir	1.666	2.125
Veitingasala	0	804
Sala búninga	1.713	6.553
Samtals	18.491	15.881

13. Tekjur af mótahaldi

Tekjur af mótahaldi sundurliðast sem hér segir:

	2021	2020
Mótagjöld	15.695	15.190
Sektir	4.493	1.930
Samtals	20.188	17.120

14. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur sundurliðast sem hér segir:

	2021	2020
Námskeið	880	2.583
Ferðastyrkir	21.539	9.392
Endurrúkkjaður ferðakostnaður yngri landliða	19.018	1.783
Félagaskipti milli landa	9.258	11.226
Félagaskipti innanlands	1.896	2.172
Annað	282	2.005
Samtals	52.873	29.161

Skýringar

15. Kostnaður landsliða

Kostnaður landsliða sundurliðast sem hér segir:

	2021	2020
Verktakagreiðslur til þjálfara	35.311	28.257
Þátttökugjöld og uppihald	12.287	3.571
Flug	46.725	13.148
Gisting	31.719	7.978
Bílaaleigubílar og akstur	4.694	2.517
Dagpeningar	9.417	2.665
Annar ferðakostnaður	1.904	433
Gisting og uppihald mótherja	9.069	1.699
Dómarar á landsleikjum	3.153	201
Annar kostnaður vegna landsleikja	11.057	5.925
Húsaleiga	1.641	421
Búningar	19.786	1.568
Sjúkrakostnaður og harpíx	16.916	5.316
Tryggingar	588	167
Annað	4.960	6.033
Samtals	209.225	79.897

16. Mótakostnaður

Mótakostnaður sundurliðast sem hér segir:

	2021	2020
Dómgæsla og eftirlit	13.266	4.627
Endurgreiðsla vegna mótahalds	0	12.308
Annar kostnaður vegna mótahalds	17.195	18.883
Samtals	30.461	35.817

17. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld sundurliðast sem hér segir:

	2021	2020
Laun	51.738	44.223
Bifreiðastyrkur	2.708	2.617
Mótframlag í lífeyrissjóð	6.985	5.966
Tryggingagjald	3.772	3.394
Önnur launatengd gjöld	912	758
Samtals	66.114	56.958
Meðalfjöldi stöðugilda á árinu	5,5	5,7
Stöðugildi í árslok	6,0	6,0

18. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður sundurliðast sem hér segir:

	2021	2020
Húsaleiga vegna skrifstofu	3.506	3.339
Aðkeypt sérfræðipjónusta	273	307
Rekstur tölvukerfa	5.725	4.428
Sími og netkostnaður	1.139	1.406
Ferðakostnaður	1.307	726
Pappír, prentun og ritföng	97	199
Bækur, blöð og áskriftir	110	143
Starfsmannakostnaður	2.598	3.008
Áhöld og tæki	0	1.564
Gjafir og blóm	190	292
Tryggingar	85	82
Annað	68	525
Samtals	15.098	16.019

Skýringar

19. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður sundurliðast sem hér segir:

	2021	2020
Fræðslu- og nefndakostnaður	1.651	1.934
Hæfileikamótun - Handboltaskóli	407	645
Þjónustugjöld banka og kortafyrirtækja	451	444
Kaup á búningum	0	3.757
Sjoppa	0	132
Annað	447	306
Samtals	2.956	7.219

20. Fjármunatekjur

Fjármunatekjur sundurliðast sem hér segir:

	2021	2020
Vaxtatekjur	94	89
Gengismunur	0	247
Samtals	94	336

21. Fjármagnsgjöld

Fjármagnsgjöld sundurliðast sem hér segir:

	2021	2020
Vaxtagjöld	0	183
Fjármagnstekuskattur	21	19
Gengismunur	904	0
Samtals	924	202

Skýringar

Efnahagsreikningur

22. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2021	31.12.2020
Viðskiptakröfur	26.685	14.096
Varúðarniðurfærsla	(135)	(135)
Samtals	26.550	13.961

Niðurfærsla er reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

23. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2021	31.12.2020
Virðisaukaskattur	1.388	3.415
Fyrirframgreiddur kostnaður	13.996	15.014
Kortafyrirtæki	617	115
Samtals	16.000	18.544

24. Handbært fé

Handbært fé sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2021	31.12.2020
Bankalinnstæður í íslenskum krónum	2.947	10.447
Bankalinnstæður í erlendum myntum	0	14.283
Samtals	2.947	24.729

25. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2021	31.12.2020
Ógreidd laun og launatengd gjöld	2.872	2.949
Dómarakostnaður - vörslufé	1.330	2.219
Ferðajöfnunarsjóður	3.368	3.075
Fyrirframinnheimtar tekjur	2.750	10.084
Samtals	10.320	18.327

12. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Reikningar lagðir fram til samþykkis

Þingforseti bauð orðið laust til umræðu um skýrslu stjórnar og reikninga.

Þórir Haraldsson, fulltrúi Selfoss, bauð um orðið.

Þórir vildi nota tækifærið til að hrósa stjórn og starfsfólki HSÍ fyrir vel unnin störf á síðasta ári. Hann taldi það bæði rétt og skylt. Þau hafi haldið vel á spöðum miðað við aðstæður, sem ekki hafi verið sérstaklega góðar, og það væri ánægjulegt að sjá uppganginn í handboltanum. Bæði fyrir áhugamenn og fyrir þjóðina. Handboltinn sameini þjóðina eins og hafi sést í janúar. Þá hafi eini ljósi punkturinn í tilverunni verið handboltinn. Þetta gerir okkur sem vinnum í þessu starfi, framhaldið auðveldara, sagði Þórir, þannig að við þurfum líka að muna að afreksstarfið og unglingastarfið haldast í hendur. Og bæði eru mikilvæg og nauðsynleg fyrir hvort annað. Þá sagðist Þórir ætla að leyfa sér að fara yfir nokkur atriði. Sum þeirra væru jákvæð og sum minna jákvæð.

Það er mjög mikilvægt fyrir handboltann að halda á lofti afreksstarfinu, bæði í yngri flokkum og eldri árgöngum, að sögn Þóris. Og það er afar mikilvægt að við gætum að unglingunum og gætum að því að reyna að sækja alla þá styrki sem mögulegt er til þess að draga úr þeim kostnaði sem börnin verða fyrir af því að vera afreksmenn í yngri flokkum. Þórir sagði að það væri verulegur fjárhagslegur baggi á fjölskyldu ef að unglingur er afreksmaður í íþróttum og á að reyna að styðja hann í því. Þegar beinn útlagður kostnaður einstaklings væri farinn að halla í milljón á einu ári, sem að hann þarf að safna eða borga, til viðbótar við ferðakostnað, uppihald og annað þá væri þetta orðinn verulegur baggi. Það gætu ekki allir staðið undir þessu og þetta hafi valdið brotthvarfi og erfiðleikum. Þetta væri eitthvað sem ekki bara handboltahreyfingin heldur íþróttahreyfingin í landinu þyrfti að horfast í augu við. Það er skoðun Þóris að beinn, óhjákvæmilegur útlagður kostnaður þurfi að njóta forgangs, eins og í útlöndum, hjá afreksmannasjóði ÍSÍ. Mennt hafi orðið varir við þetta á Selfossi. Þórir sagðist ekki kvarta yfir þessum kostnaði sjálfur, hann gæti staðið undir honum, en það gætu bara því miður ekki allir. Það væri til dæmis ekkert einfalt fyrir unglingalandsliðsmann að koma frá Vestmannaeyjum eða Akureyri og vera viku í Reykjavík og bera þann kostnað til viðbótar við annan kostnað. Þess vegna væri þetta eitt af þeim forgangsatriðum sem þyrfti að takast á við inn í framtíðina.

Þórir fagnaði því hvernig HSÍ fór í gegnum covid umræðuna og allt sem því fylgdi. Þá sagði hann að þingfulltrúar hefðu örugglega orðið varir við það að einhverjir gárungar gerðu því skóna að allt væri í rúst á Selfossi. Samningar væru lausir og allur fjandinn, alls konar kjaftæði, rugl og vitleysa í gangi. Í kjölfarið hafi verið haft samband við samningsbundna leikmenn gegn reglum. Jafnvel sama dag. Þórir ítrekaði að þetta væri ólöglegt. Þá væri þetta hreint ekki þægilegt eða gaman fyrir Selfyssinga. Þórir sagðist hafa staðfestingu á því að komið var skriflegt tilboð til samningsbundins leikmanns. Jafnframt hefði hann staðfestingu á því að þrjú félög höfðu samband við foreldra samningsbundins leikmanns undir tvítugu til þess að bjóða honum greiðslur til þess að flytja sig. Selfoss kærði ekki þessi atriði en Þórir spurði þingið hvað handboltahreyfingin ætlaði að gera í þessu. Þá staðfesti hann að fulltrúar þessara félaga sætu á þinginu og spurði í framhaldinu hvort

Þingfulltrúum fyndust þessi vinnubrögð í lagi. Honum fyndist það allavega ekki. Ætlaði hreyfingin að gera eitthvað í þessu? Þóri fannst tilgangslaust að kæra málið vegna þess að eftir öll þau leiðindi sem út úr því myndu koma þá myndi í hæsta lagi vera einhver 50.000 króna sekt. Hann bað hreyfinguna að hugsa sitt ráð. Þetta væri faglega ekki í lagi. Handboltinn vill vinna faglega, sagði Þórir.

Þórir sagðist ætla að endurtaka covid umræðuna sem hann hafi haft mjög víða. Ástæðan fyrir því að þetta fór í fjölmiðla var sú að Selfoss var alveg hreinskilið með það að félagið tapaði 58 milljónum af tekjum á þessum tveimur árum. Félagið sat uppi með ójafnað tap, eftir ríkisstyrkinn, upp á yfir 33 milljónir og leitaði aðstoðar hjá sveitafélaginu. Sem það og fékk í formi fyrirframgreiðslna á styrkjum upp á meira en 21 milljón. Selfoss lifði þetta því af og komst heilt í gegnum þetta en Þóri fannst samt ástæða til að gagnrýna forystu íþróttasamtaka á Íslandi fyrir það að hafa ekki farið í fjölmiðla með þessi mál. Honum fannst tvennt vanta í umræðuna. Mikilvægi íþróttastarfsins fyrir samfélagið og það geysilega mikla sjálfbóðaliðastarf sem unnið er og verðmæti þess. Hins vegar þurfi að telja það betur fram og Þórir sagði að mörgum bregði í brún þegar hann upplýsi að skráðir tímar sjálfbóðaliða á Selfossi, eingöngu við að framkvæma heimaleiki í meistaraflokkum, hafi verið 2.288 tímar á síðasta keppnistímabili, og þá var ekki úrslitakeppni. Hitt sem Þóri hefur fundist vanta í umræðuna væri að íþróttahreyfingin er geysilega stór vinnuveitandi í landinu. Hún standi skil á sköttum og skyldum og veiti alveg fjölda manns atvinnu í kringum barna- og unglingastarf. Þessu þurfi að halda á lofti.

Þá kom Þórir inn á umræðuna um ofbeldismál. Selfoss lenti í svona máli í fyrra, sagði hann. Skrifleg kvörtun barst frá foreldrum út af framkomu þjálfara við börn í lok leiks. Sem betur fer hafi þetta verið síðasta mót ársins þannig að börnin þurftu ekki að hitta þjálfarann aftur. Þóri fannst viðbragðskerfin hafa verið í rúst. Engin hafi viðbragðsskjölin verið og samskiptaráðgjafi Menntamálaráðuneytisins á þeim tíma hafi sagt að málið kæmi sér ekki við af því að þetta var ekki kynferðislegt ofbeldi og hann væri auk þess í fríi þessa vikuna. Ef að þetta hefði gerst á miðju keppnistímabili hefðu börnin þá bara átt að bíða í viku, spurði Þórir. Hann hafði hátt yfir þessu máli á sínum tíma, bæði á vettvangi HSÍ og ÍSÍ, sem varð til þess að málið fór til Menntamálaráðuneytisins í gegnum ÍSÍ og þá var brugðist við því. Þórir vonar að samskiptafulltrúinn sé núna á tánum og að svona gerist ekki aftur. Öll þurfi að vera á tánum yfir þessu.

Þórir vildi fara aðeins yfir útbreiðslumálin og faglega starfið. Honum finnst mikilvægt að gleyma ekki stórum þætti sem hefur bæst við, og Guðmundur kom aðeins inn á í sínu ávarpi, en það væru útsendingar félaganna. Félagssjónvörpin eru geysilega góð viðbót, að sögn Þóris, og mjög mikilvæg. Mikið væri horft á útsendingarnar af þeim sem komast ekki á leikina. Sem dæmi nefndi hann að Selfoss var með um 70.000 áhorf á sínar útsendingar í fyrra. Það væri geysilega mikið áhorf. Félögin verði þá líka að gera kröfu til sjálfra sinna um að gera þetta eins vel og hægt er og að lýsendur séu boðlegir. Þórir tók fram að Selfoss hafi ekki alltaf staðið sig best í þeim efnum en öll þurfi að bæta sig þar. Þessi miðill væri mjög mikilvægur.

Í faglegu störfunum hefur líka verið talað um dómara. Þórir sagðist ekki ætla að tala mikið um framkomu um dómgæslu á leikvelli. Honum fyndist hins vegar að þegar við gerum kröfur til dómara þá eigum við að gera kröfu til sjálfs okkar líka. Eitt af því sem setji svartan blett á handboltann sé framkoma þjálfara og leikmanna gagnvart dómurum. Þórir sagði að handboltahreyfingin þyrfti virkilega að velta fyrir sér hvernig hún vilji byggja þetta upp vegna þess að þetta helst í hendur. Hann tók sem dæmi framkvæmd Unglingalandsmóts UMFÍ sem Selfoss væri að reyna að halda þriðja sumarið í röð. Skipuleggjendur mótsins væru í mjög miklum vandræðum með að framkvæma knattspyrnu 16 ára og eldri stráka. Dómarar fengjust ekki til að dæma þennan flokk vegna framkomu leikmanna og foreldra. Í fyrra voru send boð á alla knattspyrnudómara landsins og aðeins einn var tilbúinn að dæma flokkinn. Þórir vildi með þessu vara handboltahreyfinguna við, af því að handboltinn vildi ekki fara þangað.

Eitt sem Þóri fyndist alveg fáránlegt væri ef þau hjá Selfossi gætu kært eigin framkvæmd á leik af því að þau töpuðu. Hann ítrekaði að honum finnst það alveg út í hött. Hann tók sem dæmi síðasta heimaleik við FH sem tapaðist. FH bara flengdi Selfoss heima, flott hjá þeim, bara vel gert. Hins vegar ef það hefði verið vitlaust mark á klukkunni, hefðum við þá getað kært leikinn, spurði Þórir. Menn hefðu vafalaust getað sagt, það eru eftirlitsmenn. Þar er komið inn á annan þátt sem Þórir sagðist áður hafa gagnrýnt. Félögin geti ekki skotið sér á bak við eftirlitsmennina. Hann viðurkenndi að það væri erfitt að framkvæma leiki, það gæti ýmislegt gerst en fólk sæti samt uppi með sín eigin mistök og fólk ætti bara að axla ábyrgð á þeim. Þá sagði Þórir frá því að hann horfði á fjóra Selfoss leiki í röð og fimm sinnum hafi verið of margir leikmenn inni á vellinum. Aðeins einu sinni var dæmt á það og ekki af því að eftirlitsmaðurinn sá það heldur af því að ritarinn sá það. Þá voru tveir eftirlitsmenn á leiknum. Jú, mistök gerast, sagði Þórir, en þetta væri vont.

Í lokin vildi Þórir fjalla um umræðuna sem kom upp um tímasetningu og fyrirkomulag á *final4* í vetur. Hann sagðist hafa orðið mjög hissa á þeirri umræðu sem fór fram. Hann væri sammála KA mönnum, Vestmannaeyingum og Selfyssingum, að reyna að þetta þessu saman þannig að hátíðin yrði eins góð og mögulegt væri og uppskeruhátíð handboltans og það hafi verið gert vel. Þetta hafi hlotið mikla athygli og jákvæða en þessi umræða um að breyta fyrirkomulagi, færa til leikdaga og allt svoleiðis hafi komið honum alveg í opna skjöldu. Þá spurði hann, bíddu hvað skiptir máli? Það skipti máli að þetta væri vel gert, það væri faglega að þessu staðið, handboltinn fengi athygli út úr þessu og að þetta yrði hátíð. Þóri finnst að úrslitaleikirnir megi vera á sunnudegi. Þá hafi honum verið sagt að það þurfi að vera hægt að fagna. Já, það er alveg hægt að fagna á sunnudegi, sagði Þórir. Hann segir, þéttum þetta saman, setjum þetta saman þannig að hátíðin verði eins glæsileg og möguleg er. Virðum númer eitt, tvö og þrjú hagsmuni leikmanna þannig að þeir fái endurheimtar tíma eins og mögulegt er, þannig að þetta sé sett upp faglega fyrir leikmennina. Fyrir heilsu leikmannanna. En þetta gamla viðhorf um að það þurfi að detta í það eftir úrslitaleik, það væri bara búið, sagði Þórir. Og þeir sem vildu gera það, yrðu þá bara að taka sér frí á mánudeginum.

Þórir fagnaði þinginu og því starfi sem HSÍ og félögin hafa unnið. Framundan væri rosalega skemmtilegur uppskerutími. Þá vonaðist hann til að öll myndu standa saman um að standa vel á

bak við úrslitakeppnirnar og landsliðin. Sú faglega vinna sem unnin er í félögunum væri grunnurinn sem landsliðin byggja á og þar stæði þjóðin á bak við hreyfinguna.

Guðmundir B. Ólafsson óskaði sér hljóðs.

Guðmundur þakkaði fyrir umræðuna. Hann sagði að það væru mörg atriði sem Þórir kom inn á sem í sjálfu sér væri engin ástæða til að svara neitt sérstaklega en hann vildi samt koma inn á umræðuna um yngri landsliðin og kostnaðarþátttökuna. Hún hafi alltaf verið hrikalega erfið fyrir sambandið. Guðmundur sagði að það hefði verið draumur hans alveg frá því að hann var starfandi í sínu félagi að þeir sem væru valdir í landslið þyrftu ekki að bera neinn kostnað við það. Þá hafi hann alltaf litið á þetta sem mikið samkeppnismál við sérstaklega fótboltann. Þar sem íþróttafólk handboltans hafi þurft að selja rækjur og lakkrís og allt þetta til að geta tekið þátt í úrslitakeppnum í Evrópumóti á meðan þeir sem voru valdir í landsliði í fótbolta löbbuðu bara með snyrtibudduna niður í Laugardal og tóku rútuna og allt tilbúið. HSÍ hafi sett sér það markmið að lækka þennan kostnað og að setja hámark á hverja ferð sem verður farið í. Það er að segja að umfram kostnað fyrir ákveðna fjárhæð myndi sambandið bera og vonandi yrði hægt að hækka þá fjárhæð núna þegar fram liðu stundir. Guðmundur sagði að þetta væri sannarlega eitt af aðalmarkmiðum sambandsins að þeir sem væru valdir í landslið ættu ekki að þurfa að bera einhvern kostnað af því.

Guðmundur tók gagnrýni Þóris út af fjármálunum. Það gæti vel verið að menn hefðu átt að vera meira í opinberri umræðu að gera grein fyrir fjármálum félaganna. Hann ætlaði í sjálfu sér ekkert að afsaka það en það voru bara ekki öll félög mikið með það uppi á borðum hvernig staðan hjá þeim var. Selfoss hafi verið mjög hreinskilið í sinni umræðu en sambandið hafi oft kallað eftir stöðu félaganna og það hafi ekki verið svo auðvelt að nálgast hana.

Varðandi ofbeldismálin var þetta mjög góð ábending, sagði Guðmundur. Ofbeldismálin ættu ekki að snúast bara um kynferðislegt ofbeldi. Þau ættu líka að snúast um einelti innan hópsins og framkomu stjórnenda og þjálfara gagnvart börnum. Guðmundur taldi að það hafi verið misskilningur að vísa máli frá á þessum forsendum og það ætti að vera búið að taka á því og skerpa á verkferlunum hvað það varðar.

Varðandi að kæra eigin framkvæmd. Það var búið að minnast á þetta við Guðmund og sagði hann að stjórnin myndi taka þetta mál til umræðu og skoða allar hliðar á því. Rökin á móti þessu væru að það hafi verið talað um að framkvæmd leiks væri á vegum HSÍ og það væri það sem verið væri að kæra. Sjálfboðaliðarnir í félögunum væru í raun og veru að vinna í nafni HSÍ. Guðmundur sagði að þetta væru mótrökin en þessa umræðu þyrfti að taka á formannafundi og klára hana. Hægt væri að gera það með reglugerðarbreytingum.

Það sama ætti við um fyrirkomulag *final4*. Umræðan um framkvæmd bikarúrslitanna færi alltaf í hringi. Í upphafi var prógrammið keyrt mjög hratt. Þá var kvartað yfir álagi á leikmenn og þessu breytt. Núna hafi komið upp önnur sjónarmið um það að þegar lið kæmu utan af landi þyrfti að þjappa prógramminu saman og búa til meiri stemningu. Guðmundur sagðist hafa skilning á öllum þessum sjónarmiðum en þetta væri eitthvað sem þyrfti bara að ræða og ákveða hvað ætti að vera

í forgangi varðandi *final4*. Sjálfum hafi honum fundist bikarúrslitin hafa heppnast rosalega vel undanfarin ár. Því yrði haldið áfram en tekið yrði upp samtal á formannafundum um það hvernig *final4* yrði útfært. Það væri ekki gott að breyta prógramminu þegar keppnin væri hafin.

Fleiri báðu ekki um orðið.

Þingforseti bar ársreikning undir atkvæði.

Ársreikningur var samþykktur samhljóða.

13. Stjórn HSÍ leggur fram fjárhagsáætlun HSÍ, þar með talið þáttökugjöld, fyrir næsta starfsár

Þingforseti bauð Arnar Þorkelsson upp í pontu til að gera grein fyrir fjárhagsáætlun HSÍ fyrir næsta ár.

Arnar sagðist ætla að annars vegar leggja fram tillögu að þáttökugjöldum fyrir næsta keppnistímabil og hins vegar fjárhagsáætlun fyrir árið 2022. Stjórn gerði það að tillögu að þáttökugjöld yrðu óbreytt frá fyrra ári. Arnar tók fram að þetta væri þriðja árið í röð þar sem það væri gert og árið þar á undan hafi breytingin verið óveruleg og að mestu leyti einföldun á því hvernig tekjusetning var. Á fjárhagsáætlun ársins 2022 voru áætlaðar rekstrartekjur 309 milljónir og áætluð rekstrargjöld 302 milljónir sem leiddi til þess að hagnaður sambandsins árið 2022 væri áætlaður 6,4 milljónir. Reiknað væri með smá lækkun á tekjum frá árinu 2021.

Þingforseti lagði til að fjárhagsáætluninni yrði vísað til fjárlaganefndar til nánari umfjöllunar.

Engin andmæli bárust.

Þingheimur samþykkti samhljóða að vísa umfjöllun um fjárhagsáætlun næsta árs til fjárlaganefndar.

65. ÁRSPING HSÍ



Fjárhagsáætlun 2022 **Þingskjal 3**

65. ársþing HSI
Laugardaginn 30. apríl 2022

Fjárhagsáætlun vegna ársins 2022

	Skýr.	2022 Áætlun	2021 Rauntölur	2021 Áætlun
REKSTRARTEKJUR				
Styrkir frá ÍSÍ og Lottó	1	124.260.000	105.850.000	95.581.000
Styrkir frá öðrum styrktaraðilum	2	95.000.000	121.492.000	89.800.000
Tekjur af landsliðum	3	24.750.000	18.491.000	15.250.000
Tekjur af mótahaldi	4	19.500.000	20.188.000	16.500.000
Aðrar tekjur	5	45.500.000	52.873.000	40.000.000
Rekstrartekjur alls		309.010.000	318.894.000	257.131.000
REKSTRARGJÖLD				
Kostnaður landsliða	6	171.000.000	209.225.000	144.100.000
Mótakostnaður	7	31.500.000	30.461.000	23.500.000
Laun og launatengd gjöld	8	69.700.000	66.114.000	64.976.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	9	16.700.000	15.098.000	15.350.000
Annar rekstrarkostnaður	10	13.300.000	2.956.000	7.300.000
Rekstrargjöld samtals		302.200.000	323.854.000	255.226.000
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða		6.810.000	-4.960.000	1.905.000
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD				
Vaxtatekjur	11	100.000	94.000	150.000
Vaxtagjöld	11	0	0	-100.000
Fjármagnstekuskattur	11	-20.000	-21.000	0
Gengismunur	11	-500.000	-904.000	0
		-420.000	-830.000	50.000
Hagnaður (tap) tímabilsins		6.390.000	-5.792.000	1.955.000

Skýringar með fjárhagsáætlun

	2022 Áætlun	2021 Rauntölur	2021 Áætlun
1 Styrkur frá ÍSÍ og Lottó			
ÍSÍ afreksmannasjóður	86.600.000	65.600.000	65.600.000
ÍSÍ Ólympíufjölskyldan	7.500.000	0	0
ÍSÍ útbreiðslustyrkur	2.740.000	4.761.000	2.561.000
ÍSÍ aðrir styrkir	3.420.000	3.420.000	3.420.000
ÍSÍ Lottó	24.000.000	32.069.000	24.000.000
Framlög og styrkir alls	124.260.000	105.850.000	95.581.000
2 Aðrir styrkaraðilar			
Fastir styrkir	70.000.000	82.150.000	81.800.000
Aðrir styrkir	25.000.000	39.342.000	8.000.000
Aðrir styrktaraðilar alls	95.000.000	121.492.000	89.800.000
3 Tekjur af landsleikjum			
Auglýsingar	12.000.000	15.112.000	12.000.000
Aðgangseyrir	5.500.000	1.666.000	500.000
Sjoppa landsleikir	250.000	0	250.000
Sala búninga	7.000.000	1.713.000	2.500.000
Tekjur af landsleikum alls	24.750.000	18.491.000	15.250.000
4 Tekjur af mótahaldi			
Mótagjöld	15.500.000	15.695.000	14.000.000
Sektir	4.000.000	4.493.000	2.500.000
Íslandsmót alls	19.500.000	20.188.000	16.500.000
5 Aðrar tekjur			
Námskeið	6.500.000	880.000	2.000.000
Ferðastyrkir	16.000.000	21.539.000	5.000.000
Endurrukkaður ferðakostnaður yngri landslið	15.000.000	19.018.000	25.000.000
Félagaskipti milli landa	6.000.000	9.258.000	6.000.000
Félagaskipti innanlands	2.000.000	1.896.000	2.000.000
Annað	0	282.000	0
Tekjur af mótum	45.500.000	52.873.000	40.000.000
6 Kostnaður landsliða			
Verktakagreiðslur til þjálfara	36.000.000	35.311.000	32.000.000
Þátttökugjöld og upphald	15.000.000	12.287.000	15.000.000
Flug	40.000.000	46.725.000	30.000.000
Gisting	22.000.000	31.719.000	12.000.000
Bílaleigubílar og akstur	3.500.000	4.694.000	3.500.000
Dagpeningar	10.000.000	9.417.000	10.000.000
Annar ferðakostnaður	1.500.000	1.904.000	1.000.000
Gisting og upphald mótherja	6.500.000	9.069.000	6.500.000
Dómarar á landsleikjum	2.000.000	3.153.000	600.000
Annar kostnaður vegna landsleikja	7.500.000	11.057.000	7.500.000
Húsaleiga	1.500.000	1.641.000	1.000.000
Búningar	9.000.000	19.786.000	9.000.000
Sjúkrakostnaður og harpix	10.000.000	16.916.000	9.500.000
Tryggingar	500.000	588.000	500.000
Annað	6.000.000	4.960.000	6.000.000
Kostnaður landsliða alls	171.000.000	209.225.000	144.100.000
7 Mótakostnaður			
Dómgæsla og eftirlit	14.000.000	13.266.000	11.000.000
Annar kostnaður vegna mótahalds	17.500.000	17.195.000	12.500.000
Mótakostnaður alls	31.500.000	30.461.000	23.500.000

8 Laun og launatengd gjöld

Laun starfsmanna	55.000.000	51.738.000	51.000.000
Bifreiðastyrkur	2.900.000	2.708.000	2.800.000
Mótframlag í lífeyrissjóð	7.000.000	6.985.000	6.700.000
Tryggingagjald	3.800.000	3.772.000	3.600.000
Önnur launatengd gjöld	1.000.000	912.000	876.000

Laun og launatengd gjöld alls

69.700.000	66.114.000	64.976.000
------------	------------	------------

9 Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Húsaleiga vegna skrifstofu	3.600.000	3.506.000	3.500.000
Aðkeypt sérfræðipjónusta	400.000	273.000	400.000
Rekstur tölvukerfa	6.000.000	5.725.000	4.500.000
Sími og netkostnaður	1.200.000	1.139.000	1.200.000
Ferðakostnaður	1.000.000	1.307.000	1.000.000
Pappír prentum og ritföng	250.000	97.000	250.000
Bækur, blöð og áskriftir	150.000	110.000	150.000
Starfsmannakostnaður	2.500.000	2.598.000	2.500.000
Áhöld og tæki	1.000.000	0	1.000.000
Gjafir og blóm	250.000	190.000	250.000
Tryggingar	100.000	85.000	100.000
Annar skrifstofukostnaður	250.000	68.000	500.000

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls

16.700.000	15.098.000	15.350.000
------------	------------	------------

10 Annar rekstrarkostnaður

Fræðslu- og nefndarkostnaður	8.000.000	1.651.000	2.500.000
Hæfileikamótun / Handboltaskóli	1.000.000	407.000	1.000.000
Þjónustugjöld banka og kortafyrirtækja	550.000	451.000	550.000
Kaup á búningum	3.400.000	0	2.500.000
Sjoppa	100.000	0	500.000
Annað	250.000	447.000	250.000

Annar rekstararkostnaður alls

13.300.000	2.956.000	7.300.000
------------	-----------	-----------

11 Vaxtagjöld og vaxtatekur

Vaxtatekjur	100.000	94.000	150.000
Vaxtagjöld	0	0	-100.000
Fjármagnstekuskattur	-20.000	-21.000	0
Gengismunur	-500.000	-904.000	0

Vaxtagjöld og vaxtatekur alls

-420.000	-831.000	50.000
----------	----------	--------

65. ÁRSPING HSÍ



Tillaga stjórnar HSÍ um þáttökugjöld

65. ársþing HSÍ
Laugardaginn 30. apríl 2022

Þátttökugjöld og greiðsla til dómara og eftirlitsmanna

Aðildarfélög HSÍ skulu vera búin að ganga frá uppgjöri á öllum gjöldum í öllum flokkum sem til falla vegna þátttöku þeirra á landsmótum HSÍ, Gjaldldagi skal vera 5. september ár hvert.

Öll þóknun fyrir dæmda leiki greiðist af þátttökuliðum. Ferða- og uppihaldskostnaður dómara í Úrvalsdeild og 1. deild karla og kvenna í meistaraflokki sem HSÍ skipar og eftirlitsmanna greiðist af HSÍ.

HSÍ gerir upp við dómara og eftirlitsmann, samkvæmt gjaldskrá sem gefin er út af HSÍ skv. nánara samkomulagi við þátttökulið.

Þátttökugjöld fyrir tímabilið 2022-2023

Úrvalsdeild	kr. 380.000,-	
1.deild	kr. 180.000,-	
2.deild	kr. 130.000,-	
Utandeild	kr. 50.000,-	
Mfl. B-lið	kr. 50.000,-	
2. fl	kr. 20.000,-	
3.fl	kr. 20.000,-	
4.fl	kr. 20.000,-	
Bikar keppni m.fl	kr. 15.000,-	Per lið per umferð fram að 4 liða úrslitum
Bikarkeppni m.fl	kr. 30.000,-	Per lið per umferð frá og með 4 liða úrslitum
Jöfnunarsjóður m.fl	kr. 55.000,-	
Úrslitagjald yngri flokka.	kr. 6.000,-	
Gjald vegna skráningar venslafélaga	kr. 12.000,-	Per félag
Félagaskiptagjöld innanlands	kr. 12.000,-	
Félagaskiptagjöld erlendis	kr. 45.000,-	
Breytingargjald á leikjum	kr. 2.500,-	

14. Tillögur um breytingar á lögum teknar til afgreiðslu

Þingforseti bauð Róbert Geir Gíslason, framkvæmdastjóra HSÍ, upp í pontu til þess að ræða um breytingar á lögum sem teknar yrðu til afgreiðslu á þinginu.

65. ÁRSPING HSÍ



Tillögur til breytinga á lögum HSÍ

**65. ársþing HSÍ
Laugardaginn 30. apríl 2022**



65. ársþing HSI haldið í Origo höllinni
30. maí 2022

Þingskjal nr: 4

Tillaga um lög HSI

Flutningsaðili: Handknattleiksdeild HK

IX. kafli Mótafyrirkomulag

51. gr. Handknattleiksmót

A . D e i l d a s k i p t i n g

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki karla ~~og kvenna:~~

- a) 9 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.
- b) 10-14 lið, ein deild, 2 umferðir.
- c) 15-24 lið, tvær deildir. Stjórn HSI ákveður fjölda í deild og fjölda umferða að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert og skal tilkynna um ákvörðun sína til aðildarfélaga eigi síðar en í júní.
- d) 25 lið eða fleiri, þrjár deildir. Stjórn HSI ákveður fjölda í deild og fjölda umferða að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert og skal tilkynna um ákvörðun sína til aðildarfélaga eigi síðar en í júní.

Ef stjórn HSI ákveður að fjölga eða fækka í úrvalsdeild skal sú ákvörðun vera tekin eigi síðar en í júní og taka gildi ári síðar. Ákvörðun þessi getur verið bundið skilyrðum, skal vera rökstudd og skal lögð fyrir næsta ársþing HSI til samþykktar.

Stjórn HSI ákveður, að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert, með hvaða hætti raðað verður í leikjaumferðir í deildum.

Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar og það lið sem vinnur aðrar deildir er deildarmeistari viðkomandi deildar.

Ef lið eru 10 lið eða fleiri í úrvalsdeild skulu 2 neðstu liðin falla og efsta liðið í 1. deild ásamt sigurvegara úr umspili liðanna í 2. -5. sæti 1. deildar, taka sæti þeirra.

Ef liðin í úrvalsdeild eru 8 þá skal neðsta liðið falla beint og það lið sem lendir í næst neðsta sæti í úrvalsdeild leika umspil við liðin í 2.-4. sæti 1. deildar um það hvaða lið fær sæti í úrvalsdeild að ári ásamt efsta liði 1. deildar.

Stjórn HSI setur reglur um færslu liða milli 1. og 2. deildar.

Deildaskipting skal vera eftirfarandi í meistaraflokki kvenna

- e) 9 lið eða færri, ein deild, 3 umferðir.
- f) 10-16 lið, ein deild, 1 umferðir fyrir áramót og skal deildinni skipt upp um áramót
- g) 17-24 lið, tvær deildir. Stjórn HSÍ ákveður fjölda í deild og fjölda umferða að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert og skal tilkynna um ákvörðun sína til aðildarfélaga eigi síðar en í júní.

Bráðabirgðarákvæði:

Leikið skal í einni deild í úrvalsdeild kvenna tímabilið 2022-2023.

Ef stjórn HSÍ ákveður að fjölga eða fækka í úrvalsdeild skal sú ákvörðun vera tekin eigi síðar en í júní og taka gildi ári síðar. Ákvörðun þessi getur verið bundið skilyrðum, skal vera rökstudd og skal lögð fyrir næsta ársþing HSÍ til samþykktar.

Stjórn HSÍ ákveður, að fenginni tillögu mótanefndar ár hvert, með hvaða hætti raðað verður í leikjaumferðir í deildum.

Í úrvalsdeild kvenna þar sem liða fjöldi er 10-16 skal leikið í einni deild fyrir áramót með einfaldri umferð og skal deildinni skipt í tvo jafna hluta eftir áramót. Skal staða liða ráða því í hvorum hlutanum liðin leika, efri hluta eða neðri hluta. Leikin skal tvöföld umferð eftir áramót.

Það lið sem vinnur úrvalsdeildina er deildarmeistari úrvalsdeildar og það lið sem vinnur aðrar deildir er deildarmeistari viðkomandi deildar.

Ef lið eru 17 lið eða fleiri í úrvalsdeild skulu 2 neðstu liðin falla og efsta liðið í 1. deild ásamt sigurvegara úr umspili liðanna í 2. -5. sæti 1. deildar, taka sæti þeirra.

B . Ú r s l i t a k e p p n i r ú r v a l s d e i l d a

a) 8 liða úrvalsdeild

Leikin skal úrslitakeppni 6 efstu liða.

Lið 1 og 2 sitja hjá í 6 liða úrslitum

Lið 3 mætir liði 6

Lið 4 mætir liði 5

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum.

Sigurvegari viðureignar 3/6 mætir liði 2

Sigurvegari viðureignar 4/5 mætir liði 1.

Þau lið sem fyrst vinna 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn. Það lið sem vinnur 3 leiki í þeirri viðureign verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

b) 9-14 liða úrvalsdeild

Leikin skal úrslitakeppni 8 efstu liða.

Lið 1 mætir liði 8

Lið 2 mætir liði 7

Lið 3 mætir liði 6

Lið 4 mætir liði 5

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum.

Sigurvegari viðureignar 1/8 mætir 4/5

Sigurvegari viðureignar 2/7 mætir 3/6.

Þau lið sem fyrst vinna 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn. Það lið sem vinnur 3 leiki í þeirri viðureign verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli.

a) 10-16 liða úrvalsdeild kvenna

Leikin skal úrslitakeppni 6 efstu liða.

Áður en úrslitakeppni hefst skal leikið umspil um 2 laus sæti í 6 liða úrslitum

Lið 5 í efri hluta mætir liði 2 í neðri hluta 5/2

Lið 6 í efri hluta mætir liði 1 í neðri hluta 6/1

Leikinn skal einn leikur á heimavelli liðanna úr neðri hluta

6 liða úrslit skulu leikin eftirfarandi:

Lið 1 og 2 sitja hjá í 6 liða úrslitum

Lið 3 mætir liði 6/1

Lið 4 mætir liði 5/2

Þau lið sem fyrst vinna 2 leiki leika í undanúrslitum.

Sigurvegari viðureignar 3 / 6/1 mætir liði 2

Sigurvegari viðureignar 4 / 5/2 mætir liði 1.

Þau lið sem fyrst vinna 3 leiki leika til úrslita um Íslandsmeistaratitilinn. Það lið sem vinnur 3 leiki í þeirri viðureign verður Íslandsmeistari.

Liðið sem var ofar í deildarkeppninni fær ávallt fyrsta leik og oddaleik á heimavelli ef frá er talið umspil

Greinargerð

- Við teljum að þetta muni auðveldra félögum að halda leikmönnum innan sinna raða.
 - Eftir að félög hafa t.d. komið upp tvisvar á 3 árum og fallið í bæði skiptin þá sjáum við það því miður ekki að þau haldi leikmönnum sem eru í stærri hlutverkum og vilja meira. Það dreymir flesta um að spila á stóra sviðinu, þ.e.a.s. sjónvarpsleiki, úrslitakeppni o.s.frv.
- Það er ofboðslega erfitt að komast upp og halda sæti sínu í 8-liða efstu deild
 - Nema að leggja til miklar fjárhæðir í leikmannakaup og eru það fjárhæðir sem að fá félög hafa á sínum snærum. Þetta er ekki atvinnumannadeild.
- Auðveldar félögum að sækja leikmenn því deildin sem spilað er í heitir efsta deild.
 - Leikmenn sem spilað hafa með u-liðum eða þeir sem eru aftarlega í goggunarröðinni í sínum félögum hugsa sér miklu frekar til hreyfings.



65. ársþing HSÍ haldið í Origo höllinni
30. maí 2022

Þingskjal nr: 5

Tillaga um lög HSÍ

Flutningsaðili: Laganefnd HSÍ

45. gr. Dómsniðurstöður.

Dómstólar HSÍ geta í dómsorði, auk efnisniðurstöðu m.a. kveðið á um eftirfarandi réttindi og skyldur til aðila málsins:

1. dæmt leiki ógilda, látið endurtaka þá eða dæmt um úrslit þeirra
2. ákveðið hver ber kostnað af framkvæmd leiks ef það ber að endurtaka þá
3. ákvarðað dagsektir gagnvart aðildarfélögum. ~~Dagsektir renni til HSÍ~~ sem renna til HSÍ
4. ákveðið sektir á aðildarfélög sem renna til HSÍ
5. málskostnað ef málsgrundvöllur telst vera tilefnislaus

Greinargerð:

Orðalag samræmt og það vantaði að taka fram hvert almennar sektir renna



**65. ársþing HSI haldið í Origo höllinni
30. maí 2022**

Þingskjal nr: 6

Tillaga um lög HSI

Flutningsaðili: Laganefnd HSI

53. gr. Félagaskipti

....

Félög, sem gera með sér sérstakt samkomulag um samnýtingu leikmanna, venslasamning, hafa heimild til að hafa félagaskipti sín á milli á tímabilinu 1. júní til 1. mars ár hvert.

Nýti samningsfélag heimild til að stytta tímabundin félagaskipti leikmanns síns fær hann keppnisleyfi með félaginu að nýju degi eftir að tilkynning er sannanlega móttækin af HSI. Lágmarkstími tímabundinna félagaskipta venslafélaga er þó ávallt 10 dagar.

~~Lágmarkstími tímabundinna félagaskipta venslafélaga er 10 dagar og fær leikmaður keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju degi eftir tilkynning er sannanlega móttækin af HSI, nýti félag heimild til að stytta tímabundin félagaskipti leikmanns síns.~~

Greinargerð:

Verið að lagfæra og skýra orðalag



65. ársþing HSI haldið í Origo höllinni
30. maí 2022

Þingskjal nr: 7

Ályktun

Flutningsaðili: Fjölur og Vængur Júpíters

Ungmennafélagið Fjölur, hér eftir nefnt Fjölur og Vængur Júpíters, hér eftir nefnt Vængur skora á stjórn HSI að breyta reglugerð um handknattleiksmót varðandi ungmennalið.

Þeir breytingar sem lagðar eru til eru:

Félögum er heimilt að senda til keppni í meistaraflokki ungmennalið svo framarlega sem þau leika ekki í sömu deild. Ungmennalið hjá félagi getur aldrei unnið sér inn keppnisrétt í Úrvalsdeild.

Í ungmennaliði geta aðeins leikið einstaklingar sem eru ~~23~~ 22 ára eða yngri árið þegar keppnistímabilið hefst og skulu 10 leikmenn á leikskýrslu hverju sinni vera uppaldir leikmenn félagsins. Til að teljast uppalinn leikmaður félags þarf viðkomandi að hafa verið leikmaður félagsins amk. 3 keppnistímabil.

~~Fjórir~~ Tveir leikmenn, sem léku síðasta leik með aðalliði félags, hafa heimild til að leika með ungmennaliði félagsins, uppfylli þeir aldursskilyrðið.

~~Stjórn HSI er í algerum undantekningartilfellum heimilt að samþykkja undantekningar frá ofangreindum reglum. Þeir af þessum toga skulu ítarlega rökstuddar.~~

Leikmenn sem leikið hafa A-landsleik fyrir þjóð sína eru ekki gjaldgengir með ungmennaliðum undir neinum kringumstæðum.

Tveir leikmenn eldri en ~~23~~ 22 ára mega leika með ungmennaliði félags hverju sinni en þeir skulu þó hafa verið utan leikskýrslu í síðustu tveimur leikjum hjá aðalliði félags.

Undanþágur í grein þessari um heimildir leikmanna til að leika með fleiri en einu liði eru settar til að tryggja að sem flestir fá tækifæri til að keppa við jafningja og að auka leiktíma varamanna í efri liðum í árgöngum félaga. Verði félag uppvíst um misnotkun á reglum skv. grein þessari er mótanefnd heimilt að sekta viðkomandi félag og/eða afturkalla undanþágur og heimildir félags.

Sekt þessi skal að lágmarki vera 50 þúsund við fyrsta brot, 150 þúsund við annað brot og 250 þúsund við þriðja brot. Við fjórða brot skal afturkalla keppnisleyfi ungmennaliðs.

Greinargerð

Reglugerðin sem nú er í gildi er að okkar mati talsvert opin og viljum við skerpa á henni. Rökin fyrir þessum breytingum er að ungmennaliðin hafa of mikið vægi í keppni félaga um hverjir fara upp um deild. Ungmennaliðin geta mætt með missterka leikmannahópa frá einum leik í annan. Einnig viljum við skerpa á aldursskilyrðum um þá sem mega leika með ungmennaliðum. 23 ára leikmenn eru oft orðnir lykilmenn í sínum liðum og því viljum við lækka skilyrðin niður í 22 ára

aldur. Með því að færa hann neðar, skapast svigrúm fyrir fleiri lið að fá leikmenn úr þessum liðum sem að okkar mati myndi auka gæði handboltans og jafnvel fjölga liðum.

Þá leggjum við til mikla hækkun á viðurlögum um brot á þessum reglum, þar sem okkur finnst vanta skýrt ákveði um hver refsing er við broti á þessum reglum.

Að lokum viljum við bæta inn að enginn leikmaður sem leikið hefur A-landsleik megi leika með ungmennaliði. Okkur finnst það brjóta gegn hugmyndinni um ungmennalið að leikmenn sem spilað hafa á allra hæsta stigi spili með ungmennaliði.

Fyrir hönd Fjölnis og Vængja,

Arnór Ásgeirsson

Íþróttastjóri

65. ÁRSPING HSÍ



Afreksstefna HSI Þingskjal 8

**65. ársþing HSI
Laugardaginn 30. apríl 2022**

Afreksstefna HSÍ

Inngangur

HSÍ er æðsti aðili handknattleiks á Íslandi og er hlutverk þess í meginatriðum:

- a. að hafa yfirumsjón allra íslenskra handknattleiksmála
- b. að vinna að eflingu handknattleiks í landinu
- c. að vinna að stofnun nýrra aðildarfélaga
- d. að setja íslenskum handknattleik nauðsynleg lög og reglur og sjá til þess að þeim sé fylgt
- e. að löggilda dómara, þjálfara menn til dómarastarfa og veita þeim réttindi
- f. að standa fyrir og úthluta handknattleiksmótum
- g. að standa vörð um uppeldislegt gildi handknattleiks á Íslandi
- h. að tefla fram landsliðum og félögum í alþjóðlegri keppni
- i. að koma fram erlendis fyrir hönd handknattleiks á Íslandi
- j. að vinna að öðrum þeim málum er varða handknattleik á Íslandi.

HSÍ starfar sjálfstætt og er hlutlaust er varðar stjórnmal og trúarbrögð. HSÍ skal gæta jafnréttis og jafnræðis. Allir skulu vera jafnir fyrir lögum, reglugerðum og ákvörðunum HSÍ og nefnda á vegum HSÍ. Aðilar skulu njóta fullra réttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, skoðana, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Almenn atriði

Handknattleikssamband Ísland rekur afreksstefnu jafnt í karla- og kvennaflokki. Markmið landsliða Íslands er að komast á öll lokamót, hvort sem um ræðir Ólympíuleika, Evrópu- eða heimsmeistaramót auk þess að taka þátt í hluta þeirra æfingamóta sem eru í boði hverju sinni.

Æðsti draumur ungra handknattleiksiðkenda er að komast í landslið Íslands og því er mikilvægt að afreksstarfið sé sýnilegt, hvort sem er hjá yngri landsliðum eða A landsliðum. Ungir iðkendur þurfa að hafa fyrirmyndir og finna að landsliðsdraumurinn geti orðið að veruleika í framtíðinni.

Afreksstarfinu er stýrt af stjórn HSÍ sem kosinn er á ársþingi. Stjórnin skipar landsliðsnefndir karla og kvenna sem koma að ráðningum þjálfara og annarra starfsmanna í kringum landsliðin í samstarfi við framkvæmdarstjóra. Skrifstofa HSÍ sér um daglegan rekstur landsliðanna, skipulag á æfingum, keppni og öðrum verkefnum.

Þessi stefna var unnin af starfsmönnum skrifstofu HSÍ í samstarfi við aðra sem koma að starfi sambandsins, s.s. stjórnarmenn, nefndarmenn, þjálfurum landsliða og aðilum úr fagteymum. Stefna er tekin fyrir af stjórn HSÍ árlega á síðasta fundi fyrir ársþing HSÍ, auk þess skal hún vera kynnt á síðasta formannafundi fyrir ársþing. Þá skal stefnan vera samþykkt á ársþingi sambandsins á hverju ári.

Afreksstefnan er í raun tímalaus og með möguleika á breytingum sem ársþingi HSÍ þarf að samþykkja.

Stjórn HSÍ og skrifstofa vinna að aðgerðaráætlun þar sem fram koma tímasett markmið fyrir afreksstefnu sambandsins ásamt leiðum að þeim markmiðum.

Almenn þátttaka

Fjöldi iðkenda í handbolta hefur lítið breyst undanfarin ár. Fjölgun iðkenda eru mestu leyti háð góðu starfi innan félaganna en þó hefur HSÍ komið að þeim málum líka.

Helstu tækifæri til útbreiðslu íþróttarinnar eru þegar A-landslið ná góðum árangri á stórmótum. Í kjölfarið hefur fjöldi barna mætt á æfingar og farið að stunda íþróttina.

Þegar rýnt er í iðkendatölur má sjá að handbolti á undir högg að sækja á landsbyggðinni og er nánast eingöngu stundaður í stærstu bæjarfélögum landsins. Stefna HSÍ er að kynna handbolta í minni bæjarfélögum, bjóða uppá opnar æfingar og halda stutt námskeið fyrir þjálfara og dómara. Í framhaldi verður komið á svæðisbundnum 7. og 8. flokks mótum til að ýta undir frekari þátttöku yngri iðkenda. Mikilvægt er að byggja grasrótina á þessum stöðum svo hægt verði að halda úti frekari starfi þar.

Þá er má einnig benda á að fækkun í kvennaflokkum á meðan karlaflokkar hafa frekar sótt í sig veðrið. Mikilvægt er að halda vel utan um kvennastarfið, búa til fyrirmyndir og gera tengingu iðkenda við landsliðið og íþróttina í heild sinni sterkari.

Stefna sambandsins er að fjölga iðkendum og mun fræðslu- og útbreiðslunefnd móta áætlun um frekari fjölgun iðkenda með sérstaka áherslu á fjölgun stúlkna innan greinarinnar.

HSÍ stendur fyrir Íslandsmóti fyrir 6. flokk og uppúr (frá 10 ára aldri). Mót eru einnig haldin fyrir 7. og 8. flokk (6 – 9 ára) en þar er ekki keppt um titla. Þess má geta að sérstök mót eru haldin fyrir 7. og 8. flokk á norðurlandi.

Fræðslu- og útbreiðslunefnd ásamt skrifstofu HSÍ vinnur að útbreiðslumálum og mótanefnd ásamt mótastjóra HSÍ vinna að mótamálum.

Dómarar

Markmið HSÍ er að nægt framboð sé af dómurum, eftirlitsmönnum, tímavörðum og riturum bæði hjá HSÍ og félögunum. Félögin geta pantað dómaranámskeið og útskrifað þannig A stigs dómara en B og C stigs námskeið eru haldin hjá HSÍ 1-2 á ári. Námskeið fyrir ritara og tímaverði eru haldin að hausti áður en deildarkeppnin hefst og hafa þau verið vel sótt.

C stigs dómarar (deildardómarar) þurfa að standast próf þrisvar á hverju keppnistímabili. Á haustfundi, janúarfundi og að vori á fundi fyrir úrslitakeppni. Þar eru lögð fyrir bæði þolpróf og skrifleg próf. Þeir dómarar sem ekki hafa staðist prófin fá ekki að dæma í efstu deild. Undanfarin ár hefur þrekþjálfari starfað með handboltadómurum í 6 vikur að sumri.

Ísland hefur átt dómarapör í fremstu röð á alþjóðavísu og stefnan er að eiga áfram dómara sem komast á stórmót í handbolta. Til þess þarf að styðja við unga dómara, hjálpa þeim að þróast og komast á alþjóðavettvang (EHF young referee).

Stefna HSÍ er að eiga ávallt alþjóðlega dómarapör ásamt því að vera með yngri dómara í þjálfun hjá EHF. Alþjóðadómarapörin skulu vera fyrirmyndir annarra handknattleiksdómara og taka þátt í öllum þeim verkefnum sem þeim býðst á erlendri grundu (nema þegar úrslitahelgi bikarkeppninnar og lokaúrslit Íslandsmótsins fara fram).

Skipulagning og vinna í dómaramálum HSÍ er unnin af dómaranefnd í samstarfi við skrifstofu HSÍ.

Fræðslumál þjálfara

Þjálfaramenntun HSÍ er byggt upp samkvæmt stöðlum Rinck áætlunar evrópska handknattleiks-sambandsins.;

1. stig, þjálfun barna (6. - 8. flokkur)
2. stig, þjálfun unglinga (3. – 5. flokkur)
3. stig, þjálfun meistaraflokks (afreksþjálfun)
4. stig, EHF *Mastercoach*

Til að geta talist útskrifaður á einhverju stigi þarf að hafa klárað alla hluta námsins á því tiltekna stigi. Þrjár helgar eru fráteknar á hverju ári fyrir þjálfaranámskeið.

Starfandi þjálfarar í meistaraflokki skulu hafa viðurkennda þjálfaramenntun skv. RINCK menntakerfi EHF og hafa lokið 3. stigi. Félögin og þjálfarar skulu þó fá aðlögunartíma til að geta brugðist við nýjum reglum þegar kemur að menntun þjálfara. Lágmarkskröfur á menntun þjálfara í yngri flokkum þarf að vinna í framhaldi þó þannig að félög og þjálfarar hafi eðlilega aðlögunartíma.

Fræðslu- og útbreiðslunefnd ásamt skrifstofu HSÍ vinnur að fræðslumálum.

Afreksíþróttafólk og hæfileikamótun

Afreksíþróttafólk teljast þeir íþróttamenn sem keppa með landsliðum HSÍ í mótum á vegum EHF/IHF. Að sama skapi teljast þeir hópar sem keppa á vegum HSÍ á mótum á vegum EHF/IHF afrekshópar.

Til landsliðsverkefna teljast allar æfingar sem HSÍ boðar til, auk allra leikja.

Yngri landslið

Afreksstarf HSÍ hefst með handboltaskóla fyrir 13 ára stelpur og stráka, hann fer fram í byrjun júní ár hvert. Þar gefst hverju félagi tækifæri til að senda fjóra leikmenn sem æfa saman eina helgi undir stjórn unglingalandsliðsþjálfara. Þá fara einnig fram ýmsar prófanir á vegum Háskólans í Reykjavík sem safna upplýsingum í rannsókn um hvað þarf til að vera framtíðarlandsliðsmaður.

Mikið er lagt uppúr því að kunna að vera í landsliði, leikmenn læri ákveðin gildi og fara eftir þeim á leið sinni í að verða afreksíþróttamaður. Unnið er markvisst að því að leikmenn taki ábyrgð á eigin þjálfun og samskiptum og kunni að bregðast við mótlæti.

U-14/15 ára landslið, hefst að hausti eftir handboltaskóla HSÍ. Liðið æfir 4-5 sinnum á ári og þar af tvisvar í tvískiptum hóp, þar sem árgangarnir æfa sinn í hvoru lagi. Margir leikmenn fá að spreyta sig og hæfileikar einstaklinganna skoðaðir. Hér hefst undirbúningur fyrir frekara landsliðsstarf, leikmenn kynnast því hvernig er að æfa í landsliði og fá smjörþefinn af því sem koma skal.

U-16/17 ára landslið, frekar unnið að uppbyggingu liðs. Leikaðferðir eldri landsliðanna kynntar fyrir leikmönnum og unnið markvisst að því að búa til liðsheild. Umgjörð liðsins eykst, leikmenn fá æfingafatnað og fleiri starfsmenn koma að æfingunum. Liðið fer á æfingamót erlendis.

U-18/19 ára landslið, tekur þátt í Evrópu- og heimsmeistaramótum auk þess að taka þátt í einu til tveimur æfingamótum erlendis árlega. Umgjörð á æfingum meiri en áður og mikið lagt uppúr faglegri þjálfun. Unnið með styrktarþjálfara á æfingum og líkamleg próf tekin reglulega þannig hægt sé að fylgjast með framgangi og uppbyggingu leikmannanna.

U-20/21 ára landslið, tekur þátt í Evrópu- og heimsmeistaramótum auk þess að taka þátt í einu til tveimur æfingamótum erlendis árlega. Áframhaldandi vinna með styrktarþjálfara á æfingum og leikmenn prófaðir reglulega. Þá er tenging á milli þjálfarateyma u-20 ára landsliðs og A landsliðs, þannig að leikmenn eigi auðveldara með að taka síðustu skrefin, hvort sem er í A landslið eða í atvinnumennsku.

Töluverður munur hefur verið á árangri yngri landsliða karla og kvenna undanfarna áratugi og því eru markmið liðanna mismunandi eftir kyni. Markmið yngri landsliða karla er að vera meðal 8 efstu liða á bæði HM og EM hverju sinni og tryggja þannig sæti á næstu stórmótum. Markmið yngri landsliða kvenna er að komast reglulega á stórmót og festa sig í sessi.

A & B landslið

A-landslið, þar spila og æfa okkar bestu handboltamenn hverju sinni. Liðinu er stýrt af færum þjálfurum sem hafa sannað sig í alþjóðahandbolta og öll umgjörð er eins og best verður á kosið. Það á að vera draumur hvers handboltamanns að komast í A landslið.

Markmið A landslið karla er að vera inni á Ólympíuleikjum en til þess þarf að sýna stöðugleika á HM og EM (skammtímamarkmið) og tryggja þannig sæti á Ólympíuleikum.

Markmið A landslið kvenna er að komast inná stórmót (HM og EM) og spila þar reglulega.

B-landslið æfir 3-4 sinnum á ári undir stjórn A landsliðsþjálfara og u-20/21 ára þjálfara. Hópurinn er ætlaður þeim leikmönnum sem næstir eru A landsliðinu hverju sinni. Þar er hægt koma þeim inn í leikaðferðir A landsliðs og undirbúa þá fyrir frekari frama.

Þjálfarar landsliða

Allir þjálfarar landsliða skulu hafa gengið í gegnum þjálfaranám HSÍ eða sambærilega menntun erlendis. Til að þjálfari í handboltaskóla HSÍ, u-14 eða u-16 ára landsliði skulu þjálfarar hafa lokið 2. stigi þjálfaramenntunar. Þjálfarar u-18 og u-20 ára landsliða skulu hafa klárað 3. stig þjálfaramenntunnar. Þjálfarar A landsliða skulu hafa *MasterCoach* gráðu frá EHF. Aðeins er hægt að gera undantekningu frá þessu ef þjálfarar er þegar skráðir í námið þegar þeir hefja störf fyrir HSÍ (nánar um menntun þjálfara annars staðar í afreksstefnu).

Þjálfurum yngri landsliða ber að vera faglegir í vali sínu á leikmönnum í landslið og vera í góðu sambandi við þjálfara félagsliða. Þjálfurum ber að horfa ekki eingöngu á þá leikmenn sem snemma verða hæfilíkarir heldur einnig þá sem geta hjálpað liðinu til framtíðar. Mikil áhersla er lögð á samræmi í þjálfun á milli landsliða og að sömu leikaðferðum sé beitt í grunninn. Þjálfurum ber að skila skýrslu um sitt landslið í lok hvers árs.

Yfirþjálfari yngri landsliða stýrir starfi yngri landsliðanna. Hann markar stefnu landsliðanna hverju sinni, skipuleggur landsliðsæfingar, gerir æfingaáætlanir og veitir landsliðsþjálfurum þá stýringu sem þarf til. Þá tengir yfirþjálfarinn saman A landslið og yngri landslið, samrýmir leikaðferðir og hefur yfirsýn yfir þá leikmenn sem æfa með yngri landsliðunum. Yfirþjálfarinn sér um ráðningar á þjálfurum yngri landsliða í samráða við framkvæmdastjóra HSÍ.

Markmannsþjálfari fylgir hverju landsliði og kemur reglulega inná æfingar. Markmannsþjálfarar vinna saman eftir leiðbeiningum markmannsteymis HSÍ fyrir hvern aldur.

Styrkþjálfari sér um styrktarþjálfun landsliðanna. Hann fylgist með framvindu leikmanna og ráðleggur varðandi framhaldið (í samstarfi við þjálfara leikmannsins þar sem það á við).

Leikgreiningar eru stór þáttur af leiknum og sérstaklega mikilvægur á stórmótum. Allir landsliðsþjálfarar HSÍ hafa aðgang að leikgreiningarhugbúnaði og eiga að vinna sínar greiningar þar. Ísland

var snemma framarlega á sviði leikgreininga og mikilvægt er að halda þeirri þekkingu við svo hún skili sér til yngri þjálfara. Stefnan er að búa til stóran æfingabanka sem allir þjálfarar hafa aðgang.

Fagteymi

Nokkur fagteymi starfa á HSÍ, teymin eru þverfagleg hvort sem unnið er með karla- eða kvennalandsliðum. Hlutverk fagteyma er að miklu leyti að fyrirbyggja og meðhöndla meiðsli leikmanna auk þess að taka á annarskonar vandamálum sem geta komið upp hvort sem er á æfingum, utan æfinga eða í ferðalögum. Auk þess er sambandið í nánú samstarfi við Háskólann í Reykjavík sem sér um ýmiskonar mælingar á landsliðsmönnum o.fl.

Sjúkraþjálfarar fylgja yngri landsliðum í allar keppnisferðir og eru reglulega á æfingum. Hjá A landsliðum eru sjúkraþjálfara á öllum æfingum auk þess tveir sjúkraþjálfarar ferðast með liðinu í öll mót og leiki. HSÍ hefur skipað sjúkraþjálfarateymi og þar er unnið að áætlun hvernig skuli unnið með leikmenn. Hér er átt við fyrirbyggjandi æfingar, fyrstu viðbrögð þegar leikmenn slasast á æfingum og langtímameðferðir. Áætlunin verður kynnt fyrir félögum þegar hún er tilbúin.

Sjúkranuddari ferðast með A landsliðunum í alla leiki og er til taks á æfingum og milli æfinga hér heima.

Læknar ferðast með A landsliðum í alla leiki erlendis og eru til taks þar. Handknattleikssambandið hefur einnig greiðan aðgang að sérfræðilæknum hér heima og hægt er að leita til þeirra með stuttum fyrirvara.

Næringarfræðingur er til taks hjá HSÍ og hefur sérstaklega verið nýttur með yngri landsliðum. Þar fá framtíðarlandsliðsmenn, þjálfara og foreldrar að vita allt það helsta sem hafa ber í huga varðandi næringu og mataræði íþróttafólks.

Andleg þjálfun, íþróttasálfræði kynnt fyrir leikmönnum með ýmiskonar markmið og skipulag í huga. Auk þess fara yngri landsliðin í gegnum fyrirlestra þar sem vakin er athygli á því að vera með lífið á hreinu og hvernig afreksmaður í íþróttum getur undirbúið lífið eftir boltann.

Mælingar í samstarfi við Háskólann í Reykjavík. Upplýsingum er safnað um líkamlegt atgervi leikmanna allra landsliða, greining á líkamlegri getu leikmanna og hvað má betur fara. Þetta starf veitir sambandinu mikla möguleika á gagnasöfnun um afreksmenn framtíðarinnar og fá þannig vitneskju um þróun þeirra frá yngri flokkum til A landsliðs. Þá hefur HR einnig staðið fyrir rannsóknum á getu og hæfni leikmanna í handboltaskóla HSÍ (13 ára stelpur og strákar).

Það er stefna HSÍ að halda fagteymum í sama horfi og þau hafa verið, en bæta í rannsóknir á leikmönnum t.a.m. um hámarkspól og hámarksstyrk. Einnig er ætlunin að fara í rannsóknir á fyrirbyggjandi æfingum og sjá þar hvort hægt sé minnka áhættu á meiðslum með réttum aðferðum sem henta íþróttinni. Þessar rannsóknir eru unnar í samstarfi við Háskólann í Reykjavík og er hluti þeirra þegar hafinn.

Aðstaða

HSÍ býr í raun ekki að neinni aðstöðu, annarri en skrifstofu í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Ekki er til eiginlegur þjóðarleikvangur og sambandið býr ekki að æfingaaðstöðu. Sambandið er í raun háð því að fá lánaða eða leigða æfingatíma hjá aðildarfélögum sínum. Félögin eru hvött til að halda áfram góðu samstarfi við HSÍ í þessum efnum og að liðka til fyrir æfingar og leiki á vegum sambandsins.

Framtíðarmarkmið HSÍ er að geta haldið stórar æfingahelgar þar sem öll landsliðin æfa á sama stað, bæði æfingar með bolta og styrk auk fyrirlestra og annars sem tengist afreksstarfi sambandsins en til þess þarf nýjan íþróttahöll þar sem öll aðstaða þarf að vera til staðar. Erfitt er fyrir sambandið að gera sér grein fyrir hvenær þetta getur orðið, hér verða yfirvöld að stíga inn en á þessu aðstöðuleysi þarf að vinna bragabót svo að íþróttin megi dafna og tryggt verði að framgangi landsliða okkar verði í framtíðinni jafn glæsileg og hingað til. Nauðsynlegt er að ríki og borg hefji viðræður við íþróttahreyfinguna um lausn þessara mála. HSÍ mun halda áfram að vinna að því í samvinnu önnur íþróttasambönd.

Fjármögnun

Opinberir styrkir standa undir um 30% af reksri handknattleikssambandsins á hverju ári. Það er um að ræða styrki frá afrekssjóði, Lottó, útbreiðslustyrk og ríkisstyrk. Mismunurinn er fenginn með sölu auglýsinga, sölu aðgöngumiða á landsleiki, styrkjum frá 25 samstarfsaðilum auk sjónvarpssamnings. HSÍ býr enn við að láta leikmenn yngri landsliða borga fyrir sínar ferðir erlendis en framtíðarmarkmið er að afrekssjóður og styrktaraðilar standi undir rekstri allra landsliðanna.

Aðalmarkmið HSÍ undanfarin misseri hefur verið að gera reksturinn markvissari og greiða upp skuldir. Í framtíðinni er vonast til að hægt sé að styrkja leikmenn yngri landsliða enn frekar í keppnisferðum, þannig að þeir greiði fasta upphæð fyrir hverja ferð í stað þess að borga allan þann kostnað sem til fellur.

Fjármögnunin er unnin af stjórn HSÍ í samstarfi við framkvæmdastjóra og skrifstofu.

Niðurlag

Helstu markmið HSÍ til framtíðar eru að öll landslið komist í lokakeppnir stórmóta, hvort sem um ræðir A landslið eða yngri landslið. Það er ekki sjálfgefið að komast þangað og krefst mikillar vinnu, en þessa vinnu þekkir fólk innan hreyfingarinnar.

Til þess að þetta gangi eftir þarf að áframhaldandi góðu vinna á öllum vígstöðvum (innan vallar sem utan) og það mikilvægasta af öllu er grasrótin, hún má ekki gleymast.

Handbolti á sér langa og góða sögu á Íslandi; fræknir sigrar á erlendri grundu, verðlaun á stórmótum, leikmenn í stærstu liðum heims o.s.frv. Það er því leitt að hugsa til þess að enn vantar peninga svo reka megi yngri landsliðin með góðu móti. Þau er ennþá háð söfnunum landsliðsmanna og leggja þeir á sig mikla vinnu til að komast í keppnisferðir.

Það er von okkar að stækkun afrekssjóðs skili sér rækilega í afreksstarfið en að sama skapa má ekki slaka á þegar kemur að styrktaraðilum og öðrum tekjulindum HSÍ.

Þingforseti lagði til að öllum þingskjölum yrði vísað til umfjöllunar allsherjar- og laganefndar í þinghléi.

Engin andmæli bárust.

Tillögum til breytinga á lögum var vísað til allsherjar- og laganefndar.

15. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem hafa borist til stjórnar

Guðmundur B. Ólafsson og Magnús Kári Jónsson stigu í pontu til að kynna skýrslu um stöðu kvennahandboltans.

Skýrslan fjallar um niðurstöður úr skoðanakönnunum og samtölum við þjálfara. Guðmundur sagði að hún gæti verið grunnurinn eða hluti af umræðunni seinna á þinginu þegar fjallað yrði um lagabreytingu á deildarfyrirkomulaginu. Hann ítrekaði þó að þeir Magnús ætluðu ekki að koma beint inn á það og ekki taka afstöðu til þeirrar umfjöllunar heldur aðeins segja frá niðurstöðunum. Ástæðuna fyrir gerð skýrslunnar sagði Guðmundur vera umræðuna á síðasta þingi þar sem ákveðið var að fara yfir það hvernig staðan væri hjá félögum, hvernig hægt væri að fá nýja iðkendur og hvernig brottfallið væri. Tölur frá ÍSí sem sýna fjölda iðkenda árið 2021 sýna að heildarfjöldi þeirra sem stunduðu handbolta voru 7.801. Þar af voru konur 2.958 eða tæplega 38% allra iðkenda. Þá voru konur í minnihluta í öllum félögum. Skýrslur ÍSí sýna að stærstu kvennahóparnir eru í fimleikum og knattspyrnu og handboltinn kemur þar á eftir. Það sem einkenni hins vegar fimleikana er að þar verður brottfallið mest í kringum 10 ára aldurinn. Guðmundur sagði að þar væri tækifæri fyrir handboltann.

Skoðanakönnunin var gerð í samvinnu við Gallup og þar voru spurningarnar:

- Átt þú barn/börn á aldrinum 6-18 ára
- Hversu mörg börn átt þú á aldrinum 6-18 ára
- Hvert er kyn barnsins
- Æfir barnið sem er X ára einhverra eftirfarandi íþróttar í skipulögðu íþróttastarfi
- Hvað af eftirfarandi á best við barnið
- Helsta ástæða þess að það kæmi ekki til greina að æfa handbolta
- Hver er helsta ástæða þess að það hefur aldrei komið til greina að æfa handbolta
- Hver er helsta ástæða þess að barnið er hætt að æfa handbolta
- Æfir þú eða hefur æft handbolta
- En æfir annað foreldri eða hefur æft handbolta

Þetta eru stórar spurningar, sagði Guðmundur, og eini gallinn við þessa könnun væri að úrtakið var ekki mjög stórt. Þá bað hann Magnús að taka við.

Magnús sagði að meðal þess sem þeim fannst áhugaverðast var að 17,7% kvenna á aldrinum 13-18 ára sem hætta í handbolta, hætta af því að þjálfun er ábótavant. Þetta væri stór tala. Eðlilega

hætta einhverjar af því að þær hafa ekki áhuga og þær eru í öðrum íþróttum en þarna væru hlutir sem handboltahreyfingin gæti horft í og reynt að vinna með og laga. Þá minnti Magnús þingfulltrúa á að hægt væri að nálgast skýrsluna útprentaða á þinginu eða óska eftir því að fá hana senda í tölvupósti. Hann hvatti þá til að rýna í skýrsluna. Þar væru miklar tölfræðilegar upplýsingar og fjölmörg gröf sem eflaust væri hægt að nýta í meiri vinnu í kringum kvennahandboltann í framtíðinni. Þetta væri allavega byrjunin.

Guðmundur tók aftur við.

Skýrslan sýndi líka að stór hluti hefur ekki áhuga á handbolta og ekki foreldrarnir heldur. Guðmundur sagði að það kallaði á ákveðnar spurningar um nálgunina gagnvart handboltanum. Hvort að það þurfi að nálgast nýja iðkendur með aðeins mýkri nálgun. Guðmundi hafi sjálfum dottið í hug að nýta íþróttaskólana fyrir 3-6 ára, sem öll íþróttafélög væru komin með, til að tengja leikjanámskeiðin meira inn í og tengja boltann kannski með mýkri hætti en að fara bara að æfa handbolta. Það væri allavega innlegg í umræðuna. Þá minntist hann á að handbolti á Íslandi væri fyrst og fremst stundaður á höfuðborgarsvæðinu.

Í skýrslunni kemur fram að það er ekki til nein töfralausn til að fá fleiri iðkendur. Svör þjálfaranna voru meðal annars að:

- best væri að vera með menntaðan þjálfara, og helst starfandi íþróttakennara
- ná í krakkana um leið og skólastarfið hefst
- reyna að auglýsa meira á samfélagsmiðlum
- reyna að passa að ekki verði árekstur á æfingatímum við aðrar greinar
- bjóða krökkum á leikina
- reyna að gera félagslega þáttinn stærri
- hafa æfingaleiki, innanfélagsleiki og mini-mót innan félags til að búa til keppni og skemmtun
- hafa æfingar skemmtilegar og brjóta þær upp

Guðmundur sagði að Softball-aðferðin væri mjög sniðug því að þar væru færri iðkendur inni á í einu. Rökin á bak við það væru að það leiðir til þess að krakkarnir fá boltann oft og þurfa að taka ákvarðanir sjálf í stað þess að standa kannski bara í horninu og koma aldrei við boltann allan æfingátímann. Annað væri að gefa bolta í skóla og frístundarheimili. HSÍ hafi aðgang að þessum soft-boltum hjá Alþjóðlega handknattleikssambandinu þannig að ef félög vildu fá bolta þá gæti sambandið óskað eftir þeim. Guðmundur er viss um að það yrði vel tekið í það af því að eitt af stóru verkefnum hjá Alþjóðlega handknattleikssambandinu væri „handball in school“. Það væri verkefni á alþjóðavísu að ná til handboltans í gegnum skólana.

Varðandi spurninguna um brottfallið var heldur ekki einfalt svar. Ein skýringin í skýrslunni var sú að brottfallið í handboltanum væri mest í kringum menntaskólaaldur eða svona 14-15 ára. Þar væri brottfallið og skýringin væri hugsanlega sú að það væri erfitt að æfa fleiri en eina íþróttagrein eftir 6. bekk. Það hefur orðið meira brottfall eftir að framhaldsskólinn var styttur niður í 3 ár og

skýringin væri hugsanlega sú að það væri meira álag á krakkana í námi. Eins skipti félagslífið í menntaskólunum eða fjölbrautarskólunum líka máli sem gæti leitt til þess að það verður brottfall í íþróttum. Þá væri álag á þjálfaranum mikið á meðan skýrslan sýni tölur um það að 17,7% af brottfallinu skýrist af þjálfaranum. Það kallaði á að það þyrftu að vera góðir einstaklingar sem veljast í þessi störf og ekki síður að aðhald og eftirlit sé með þjálfaranum. Guðmundur sagði að það væri ekki nóg að ráða þjálfara og fylgjast síðan ekkert með starfinu og hafa í raun og veru engin grunngildi í gangi. Fyrir áratugum síðan hafi verið búinn til íþróttastefna eða námskrá fyrir félögin sem að öll fóru í gegnum á sínum tíma þar sem voru gerðar ákveðnar kröfur hvað menn ættu að læra í hverjum flokki fyrir sig og félögin útbjuggu þetta. Guðmundur telur að hægt væri að fylgja þessu betur eftir, hvort sem það væri yfirþjálfari eða hver svo sem gerði það. En að fylgjast aðeins með þjálfurunum hvað þetta varðar. Í skýrslunni kom einnig fram að hlutfall af brottfallinu hjá stúlkum gæti verið vegna þess að þær byrja að vinna fyrr, þær fara að taka að sér vinnu og það getur þá líka leitt til brottfalls úr íþróttum.

Þjálfararnir voru líka spurðir hvort það væri einhver munur á karla- og kvennastarfinu og skýringarnar voru þær að það væru fleiri stærri nöfn í karlaboltanum. Þeir væru meira áberandi í fjölmiðlum. Guðmundur á erfitt með að trúa því að æfingatímarnir séu mismunandi milli kynja, það er að strákar séu að fá betri æfingatíma. Hins vegar kom fram í skýrslunni að það væri ekki nógu mikill stöðugleiki í þjálfurunum hjá stelpunum. Þjálfararnir stoppa styttra við, sögðu einhverjir. Þannig að mörg atriði hafa áhrif þarna.

Síðan eru landsliðin, sagði Guðmundur, og staða landsliðanna getur skipt máli. Hann spurði nýlega varaforsetann hjá norska sambandinu að því af hverju handboltinn væri svona sterkur kvenna megin í Noregi. Svarið var mjög einfalt. Það væri út af því að norska kvennalandslíðið væri svo gott. Það væru svo miklar fyrirmyndir í Noregi og mikil fjölmiðlaumfjöllun. Þá sagði Guðmundur að Danir væru núna að setja mikið fjármagn í sitt kvennalandslíð til að byggja það upp. Þar væri búinn að vera hálfgerður eyðimerkurgangur síðastliðin 10 ár en þeir væru að setja mikinn pening í það núna til þess að ná sér upp aftur og auka þannig útbreiðsluna hjá sér.

Hvað getur Ísland gert, spurði Guðmundur. Sum félög hafi boðið upp á æfingar fyrir 9. flokk, sem sagt börn á leikskólaaldri. Þar kynntust börnin íþróttinni í bland við leiki og aðra íþróttaiðkun. Hann telur að grípa þurfi þessa krakka sem koma úr fimleikum um 10 ára aldurinn og ná þeim inn í handboltann. Síðan væri ákveðin umræða sem hreyfingin þyrfti að taka, sem væri boltastærðir. Í samtali sínu við norska sambandið fékk Guðmundur að vita það að stúlkur þar spila lengur með minni bolta heldur en gert er á Íslandi. Það gæti hugsanlega verið ein skýring á minna brottfalli að það er auðveldara að spila með minni bolta. Það getur skapað meiri leikgleði og krakkarnir hafa meira gaman af því heldur en þegar þeir eru komnir með bolta sem þeir ráða ekki við. Guðmundur vill endilega taka þessa umræðu við félögin um að breyta hugsanlega boltastærðum í sömu átt og í Noregi. HSÍ telur að skólamót sem Guðmundur talaði um fyrr á þinginu gæti aukið útbreiðsluna. Þannig væri líka hægt að komast bakdyra megin inn í skólana, allavega í Reykjavík. Guðmundur vissi ekki hvort þessi regla, um að bannað væri að heimsækja skólana til að kynna íþróttastarf, væri í fleiri sveitarfélögum. Auk þess væri hægt að reyna að draga úr brottfalli með

því að láta krakkana komast nær fyrirmyndunum. Fá leikmennina til að mæta á æfingar og taka þátt í æfingum hjá yngstu krökkunum. Þetta væri eitthvað sem Guðmundur telur að flest félög séu með í samningum við sína leikmenn en nýttu þetta ekki nógu mikið. Hann segir að það þurfi að búa til þessa tengingu. Þá vilji krakkarnir líka frekar mæta á leikina.

Að lokum sagði Guðmundur að það væru fullt af tækifærum til þess að gera betur. Þetta væri sameiginlegt verkefni hjá stjórn HSÍ og félögunum að gera gott starf enn betra. Síðan gætu menn rætt þetta inni í nefndinni seinna á þinginu þegar rætt yrði um framtíð og deildarkeppnina.

----- Þinghlé meðan þingnefndir starfa -----

Þingforseti bauð þingfulltrúa velkomna aftur eftir hlé og tilkynnti uppfærða stöðu frá kjörbréfanefnd.

Fyrir hlé voru 45 atkvæði í salnum en eftir hlé voru þau orðin 50 talsins.

16. Álit þingnefnda og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær

Þingforseti bauð, Arnar Þorkelsson upp í pontu til að kynna niðurstöður fjárhagsnefndar.

Arnar sagði fjárhagsnefnd hafa fengið einn góðan gest. Nefndin átti góðar umræður. Farið var yfir áætlunina og skemmtilegar umræður voru um tölur og framsetningu á ársreikningi. Hverjum finnst það nú ekki skemmtilegt, spurði Arnar léttur í bragði. Niðurstaða nefndarinnar var sú að hún lagði til að engar breytingar yrðu gerðar á þátttökugjöldum næsta árs og ekki heldur á fjárhagsáætlun sem var lögð fyrir í upphafi.

Þingforseti bauð orðið laust til umræðu um niðurstöðu fjárhagsnefndar.

Enginn kvað sér hljóðs og þingforseti lagði fjárhagsáætlun fram til samþykktar.

Fjárhagsáætlun næsta árs var samþykkt samhljóða.

Þingforseti bauð Þórir Haraldsson velkominn í pontu til að kynna störf sameinaðrar allsherjar- og laganefndar.

Nefndin fékk til umfjöllunar fimm tillögur og Þórir tók þær fyrir í réttri röð.

Þingskjal nr. 4

Miklar umræður sköpuðust, sagði Þórir. Rök með og á móti. Ýmiss sjónarmið voru lögð fram. Nefndin var klofin í sinni afstöðu en sammála um þá niðurstöðu að leggja til að tillagan eins og hún var fram lögð færi til afgreiðslu þingsins.

Lagt til að það yrði lagt fyrir óbreytt.

Þingskjal 4 var felld með 28 atkvæðum gegn 22 atkvæðum.

Þingskjal nr. 5

Lagt til að það yrði samþykkt óbreytt.

Þingskjal 5 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 6

Lagt til að það yrði samþykkt óbreytt.

Þingskjal nr. 6 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 7

Á þingskjali 7 var tillaga til stjórnar HSÍ um að breyta reglum varðandi U-lið. Í umræðunni komu fram mjög mismunandi sjónarmið og rök með og á móti úr sal. Varðandi fjölda leikmanna sem að ættu að eiga keppniserétt, varðandi landsliðsmenn og hvort það væri aldurshámark á þeim eða hvort það skipti máli í hvaða landsliði í heiminum viðkomandi hefur leikið. Þá kom líka fram umræða um að skynsamlegt væri að úrslit leikja U-liðanna teldu ekki til deildarmeistaratitla eða millifærslu milli deilda. Þá tengdist umræðan líka fjölda leikmanna á leikskýrslu. Þórir sagði að þessi umræða hefði verið í gangi líka á vegum formanna, á formannafundum HSÍ. Niðurstaða nefndarinnar var því sú að leggja til við þingið að umræðunni um mögulegar breytingar á U-liðum yrði vísað til stjórnar sem myndi leggja til tillögu til afgreiðslu á næsta formannafundi.

Lagt til að umræðunni yrði vísað til stjórnar til frekari umfjöllunar og afgreiðslu á næsta formannafundi.

Tillaga nefndarinnar lögð fram til samþykktar.

Tillaga sameinaðrar allsherjar- og laganeftdar var samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 8

Lagt til að það yrði samþykkt óbreytt.

Þingskjal 8 var samþykkt samhljóða.

17. Önnur mál

Þingforseti bauð orðið laust.

Guðmundur B. Ólafsson bað um orðið og þingforseti bauð hann velkominn upp í pontu.

Guðmundur var með eina tillögu um þjóðarhöll þannig að þingið myndi senda frá sér ályktun um þjóðarhöll. Hún myndi þá hljóða þannig:

65. ársþing HSÍ, haldið í Valsheimilinu 30. apríl 2022, samþykkir að hvetja stjórnvöld, ríki og Reykjavíkurborg til að ljúka samningum nú þegar um byggingu þjóðarhallar.

Eins og kunnugt er þá er ekkert íþróttahús hér á landi sem uppfyllir lágmarksskilyrði til þátttöku í alþjóðlegum keppnum og ekki virðist skorta viljann hjá stjórnvöldum til að uppfylla þessi skilyrði. Dráttur á ákvörðunartöku er því óskiljanlegur. Ársþing HSÍ hvetur stjórnvöld til að hætta störukeppni varðandi kostnaðarskiptingu og ljúka nú þegar samningum um byggingu þjóðarhallar. Með því sýna stjórnvöld í verki raunverulegan stuðning við framgang handknattleiks á Íslandi.

Ein tillaga um breytingu barst úr sal, að í staðinn fyrir að segja ríki og Reykjavíkurborg að segja ríki og sveitarfélög.

Guðmundur svaraði því að það væri vegna þess að það væri alveg að detta inn samningur á milli ríkis og Reykjavíkurborgar. Hann bara vissi af því. Það væri að vísu búið að lofa honum nokkuð oft. En þess vegna hélt hann að umræða um eitthvað annað sveitarfélag núna myndi tefja umræðuna um 2-3 ár. Guðmundur sagði frá því að hann hafi rætt við bæjarstjóra Garðabæjar á sínum tíma um þetta og hann hafi bara spurt „hvað fæ ég mikið borgað?“ Þannig að Guðmundur taldi það vera erfiðari samningaviðræður en Reykjavíkurborg eins og staðan var þegar þingið fór fram. Hann vonaði innilega að umræður milli Reykjavíkur og ríkis um staðsetningu í Laugardal myndu klárast.

Fleiri spurningar eða athugasemdir bárust ekki.

Þingforseti lagði ályktunartillöguna fram til samþykktar.

Ályktunartillagan var samþykkt samhljóða.

Fleiri báðu ekki um orðið.

18. Kosning stjórnar

Kosið var í fimm embætti í stjórn. Varamann til eins árs en hin fjögur til tveggja ára. Aðeins einn frambjóðandi var um hverja stöðu og töldust þeir því allir sjálfkjörnir.

- | | |
|--|------------------------------|
| • Framboð til varaformanns HSÍ (1 ár): | Reynir Stefánsson |
| • Framboð til gjaldkera HSÍ (2 ár): | Arnar Þorkelsson |
| • Framboð til formanns landsliðsnefndar kvenna (2 ár): | Guðríður Guðjónsdóttir |
| • Framboð til formanns mótanefndar HSÍ (2 ár): | Kristín Þórðardóttir |
| • Framboð til formanns dómarnefndar HSÍ (2 ár): | Kristján Gaukur Kristjánsson |

Framboð til varastjórnar HSÍ til eins árs:

- Alfreð Örn Finnsson
- Hrafnhildur Ósk Skúladóttir
- Ragnar Lárus Kristjánsson

19. Kosning 2 skoðunarmanna og 2 til vara

Tilnefndir tveir skoðunarmenn reikninga voru:

- Magnús Gunnar Erlendsson
- Theódór Ingi Pálmason

Til vara voru tveir eftirtaldir skoðunarmenn tilnefndir:

- Guðmundur Frímannsson
- Jón Gestur Viggósson

Engin mótframboð eða aðrar tillögur bárust.

Tilnefndir tveir skoðunarmenn og tveir varaskoðunarmenn töldust allir réttkjörnir.

20. Kosning í dómstóls HSÍ, 3 aðaldómarar og 3 til vara, allir löglærðir

Tilnefndir þrír aðaldómarar í dómstól HSÍ voru:

- Bjarki Þór Sveinsson
- Grímur Sigurðsson
- Sigurður Smári Hilmarsson

Þrír varamenn í dómstól HSÍ voru tilnefndir:

- Bergþóra Sigmundsdóttir
- Eiríkur Elís Þorláksson

- Guðmundur Þór Jónsson

Engar athugasemdir né aðrar tillögur bárust.

Þau töldust öll réttkjörin sem dómarar í dómstól HSÍ.

21. Kosning í áfrýjunardómstól HSÍ, 3 aðaldómarar og 3 til vara, allir löglærðir

Tilnefndir þír aðaldómarar voru:

- Gunnar Jónsson
- Jóhannes Albert Sævarsson
- Þorsteinn Einarsson

Tilnefndir þír varadómarar voru:

- Benedikt Bogason
- Guðjón Marteinnsson
- Hulda Rós Rúriksdóttir

Engar athugasemdir né aðrar tillögur bárust.

Töldust þeir allir réttkjörnir í áfrýjunardómstól HSÍ

22. Kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ

Samkvæmt venju lagði þingforseti fram þá tillögu að vali á fulltrúum á íþróttaping yrði vísað til stjórnar. Engar athugasemdir eða aðrar tillögur bárust. Þingforseti lagði tillöguna fram til samþykktar.

Samþykkt samhljóða að val á fulltrúum á íþróttaping ÍSÍ yrði sett í hendur stjórnar HSÍ.

23. Þingslit

Guðmundur B. Ólafsson fékk orðið.

Guðmundur þakkaði þingfulltrúum fyrir gott þing, góðar umræður og um brýn málefni. Hann sagði að í kjölfar þingsins myndi stjórnin taka til sérstakrar umræðu mál kvennahandboltans. Þá ætlaði hann að boða til fundar með félögum í maí mánuði þar sem farið yrði yfir skýrsluna sem kynnt var á þinginu. Guðmundur gerði ráð fyrir að í framhaldi af því yrði skipuð verkefnastjórn til að halda á málinu áfram. Það þyrfti að kalla eftir frekari upplýsingum bæði frá systursamtökum HSÍ á Norðurlöndum og frá félögum á Íslandi. Auk þess þyrfti að setja markvissari vinnu í þetta málefni og Guðmundur ítrekaði að hann myndi setja þetta í gang strax í maí mánuði. Þannig að hægt yrði að halda þessari þörfu umræðu áfram.

Guðmundur þakkaði þingfulltrúum aftur kærlega fyrir góðan fund. Það væru mörg verkefni sem biðu handboltahreyfingarinnar og síðan væru mjög mörg önnur sem kæmu alltaf upp sem maður vissi ekki af. Það væri því alltaf nóg að gera. Þá bauð Guðmundur nýjan stjórnarmann, Kristján Gauk, velkominn til starfa og bauð Reyni hjartanlega velkominn sem varaformann og aðra þá sem voru kjörnir. Helgu þakkaði hann fyrir frábæra fundarstjórn og tók fram að hún gæti hugsanlega verið beðin um að gera þetta aftur. Hún skyldi því taka frá tíma aftur að ári.

65. ársþingi HSÍ slitið.